

4. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
 Nú þykir lögreglustjóri ástæða til að ætla, að maður hafi ekki ofan af fyr sjer á löglegan hátt, og er hann þá skyldur til að skýra frá, af hverju hann hafi framfærslu sína og færa rök að. Ef hann gerir það ekki, eða atvinnan er ólögleg, skal refsa honum með fangelsi, enda liggi ekki þyngri refsing við eftir öðrum lögum.
5. Við 9. gr. Í stað orðanna »að koma til staðar á vissum tímum« komi: að gefa sig fram á ákveðnum tímum.
6. Við 10. gr. Greinin orðist svo:
 Sá, sem gerir sjer atvinnu af fjárhættuspilum eða að koma öðrum til þátttöku í þeim, skal sæta fangelsi, eða alt að 1 árs betrunarhúsvinnu, ef miklar sakir eru.
 Nú fremur maður brotið í aðalátvinnu sinni, og má þá með dómi svifta hann rjetti til þeirrar atvinnu um lengri eða skemri tíma eða að fullu og öllu.
7. Við 11. gr. Greinin orðist svo:
 Sá, sem af ásettu ráði lætur fjárhættuspil fara fram í húsum, er hann hefir umráð yfir, skal sæta sektum eða fangelsi. Sá, sem tekur þátt í slíku spili, sæti sektum.
8. Við 12. gr. Í stað orðanna »Glæfraspil talin« komi: Fjárhættuspil skulu öll spil um peninga eða peningavirði talin, nema lögleyfð sjeu.
9. Við 13. gr. Orðin »tilkynt og« falli burtu.
10. Við 14. gr. Á eftir »230—234« i 2. málsgr. komi: og 237.

Alþingi, 22. febr. 1928.

Gunnar Sigurðsson, Magnús Guðmundsson. Hákon J. Kristófersson.
 form. og frsm.

Nd.

275. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 37, 27. júní 1925, um breyting á lögum nr. 2, frá 27. mars 1924, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta ýmsa tolla og gjöld með 25% gengisviðauka.

Frá 3. minni hl. fjárhagsnefndar.

Þegar frv. þetta var til umræðu í nefndinni, gátu tveir nefndarmenn (S. E. og Ó. Th.) þess, að enda þótt sýnt þætti, að ríkissjóður mætti ekki missa þær tekjur, er drjúpa honum frá 25% gengisviðaukanum, nema annað kæmi í staðinn, mundi rjett, að nefndin frestaði ákvörðun um málið, þar til tekjuaukafrv. þau, er væntanleg voru, hefðu verið athuguð. Frv. þessi eru nú komin fram, og

eftir að hafa athugað þau, vill 3. minni hl. nefndarinnar leggja til, að frv. þetta verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 21. febr. 1928.

Sig. Eggerz,
með fyrirvara.

Ólafur Thors,
frsm.

Nd.

276. Nefndaralit

um frv. til laga um heimavistir við Hinn almenna mentaskóla.

Frá meiri hluta mentamálanefndar.

Frumvarp þetta miðar að því að bæta úr mjög brýnni þörf. Skólavist nemenda í Hinum almenna mentaskóla í Reykjavík er tilfinnanlega dýr, þegar þeir þurfa að leigja sjer herbergi úti í bæ, og lítil tók eru á því fyrir þá að mynda með sjer fjelagsskap til þess að fá fæði ódýrara en með því að kaupa það á venjulegan hátt. Úr þessu má bæta með því að koma upp heimavistum eins og hjer er farið fram á. Má óhætt segja, að þetta sje sú þarfasta umbót, sem hægt er að gera á skólanum fyrir utanbæjarnemendur. Heimavistir eru nú þegar við skólann á Akureyri, og hafa þær gert mönnum skólavistina þar til muna aðgengilegri. Því að auk þess að spara mönnum peninga við námið, gera heimavistir skólaveruna alla ánægjulegri, auka fjelagsskap og heilbrigt skólalíf. Má enn benda á það, að sakir þess hve afardýr herbergi eru nú í Reykjavík munu margir fátækir námsmenn verða að hýrast í lakari kompum en svo, að heilsu þeirra sje óhætt, og mundu heimavistirnar koma í veg fyrir það.

Höfuðágalli frumvarpsins er sá, að með því er ekki trygt, að heimavistirnar komist á fót þegar í stað. En slík lagasetning mundi þó vera mjög ákveðin bending til stjórnarinnar um það, að henni bæri að hrinda þessu nauðsynjamáli í framkvæmd eins fljótt og mögulegt reynist.

Meiri hlutinn leggur því til, að frumvarp þetta verði samþykkt, en ber fram smávægilegar breytingartillögur, sem snerta aðeins orðalag.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 2. gr. Orðið »sameiginlegu« í 2. málslið fellur niður.
2. Við 4. gr.
 - a. Í stað »er tryggja« í 2. málslið kemur: um.
 - b. Orðið »um« á undan »þjónustufólk« fellur niður.

Alþingi, 22. febr. 1928.

Ásgeir Ásgeirsson,
form.

Magnús Jónsson,
frsm. meiri hl.

Jóhann P. Jósefsson.

Nd.**277. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 43, 30. júlí 1909 [Prentsmiðjur].

Flutningsm.: Ásgeir Ásgeirsson, Ólafur Thors, Hjeðinn Valdimarsson og Sigurður Eggerz.

1. gr.

Á eftir »bókasafn Ísafjarðarkaupstaðar« i lagagreininni skal koma: og enn fremur amtsbókasafn Færeyja.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eftir gildandi lögum um prentsmiðjur og breytingum og viðaukum við þau lög er það skylda hverrar prentsmiðju á landinu að senda lögreglustjóra endurgjaldslaust nokkur eintök af hverri bók, sem út er gefin. Sendir lögreglustjóri bækurnar síðan þangað, sem lögín fyrirskipa. Til Kaupmannahafnar fara 3 eintök, til landsbókasafnsins í Reykjavík 2 eintök og amtsbókasófnin fjögur fá sitt eintakið hvert. Hjer er farið fram á að bæta við 10. eintakinu, til amtsbókasafns Færeyinga. Prentsmiðjur og útgefendur munar það sáralitlu eða engu, hvort einu eintaki er færri eða fleira. Hinsvegar væri þetta allmikill fengur og mundi vel þegið meðal Færeyinga. Fjöldi manna þar les og skilur íslenska tungu, en íslenskur bókakostur þar lítil og ljelegur. Mundi þetta með tímanum geta orðið til þess að færa út íslenskan bókamarkað. Þess skal að endingu getið, að amtsbókasafnið í Færeyjum hefir undanfarin ár sent landsbókasafninu hjer flestar eða allar færeyskar bækur jafnóðum og út hafa komið. Full sanngirni mælir því með, að frumvarp þetta nái fram að ganga.

Frumvarpið er flutt að tilhlutun stjórnar »Gríms Kambans«, Færeyingafjelagsins í Reykjavík.

Ed.**278. Frumvarp**

til laga um Byggingar- og landnámssjóð.

(Eftir 2. umr. Ed.).

1. gr.

Af tekjum rikissjóðs skal árlega leggja 200 þús. kr. í sjóð, er nefnist Byggingar- og landnámssjóður.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að viðhalda býlum í landinu og fjölga þeim með þessum hætti:

1. með því að veita lán:
 - a. til að endurbyggja íbúðarhús á sveitabýlum.
 - b. til að byggja upp nýbýli á landi, sem er í einkaeign eða í eign sveitar- eða bæjarfjelaga.
 - c. bæjarfjelögum og kauptúnum, sem eru sjerstakur breppur, til að koma upp nauðsynlegum byggingum fyrir kúabú á ræktuðu eignarlandi bæjar- eða hreppsfielagsins.
2. með því að verja fje samkvæmt ákvörðun landsstjórnarinnar til að byggja upp nýbýli á landi, sem ríkið á eða kaupir í því skyni.

Nýbýli í lögum þessum telst hvert það býli, sem reist er af nýju, annaðhvort á gamalli eyðijörð eða landi, sem skift er úr jörð, sem er í ábúð, hvort sem því í upphafi fylgir nokkurt ræktað land eða ekki.

3. gr.

Skilyrði fyrir láni úr sjóðnum eru:

- I. til endurbygginga samkv. 2. gr. 1. a.:
 - a. að lántakandi sje íslenskur ríkisborgari og fullráða.
 - b. að hann sanni með vottorði tveggja skilríkra manna, sem nákunnugir eru högum hans, að hann sje duglegur, reglusamur, sparsamur og fyrir uppeldis og þroska sakir vel fallinn til landbúskapar.
 - c. að hann sanni, að hann eigi svo mikil efni, sem nauðsynleg eru til búskaparrekstrar á jörðinni, en geti ekki af eigin rammleik reist þær byggingar, er nauðsynlegar eru fyrir ábúð á henni.
 - d. að ekki sje fyrirsjáanleg hættá á, að dómi trúnaðarmanna sjóðsins eða þeirra manna, er stjórn sjóðsins kveður til, að jörðin eyðist af ágangi vatna, sandfoki, sjávarflóðum eða þess háttar.
 - e. að húsin sjeu gerð úr varanlegu efni og gerð þeirra innan og utan sje samþykkt af stjórn sjóðsins.
 - f. að húsin sjeu vátrygð fyrir upphæð, er nemi fullu kostnaðarverði þeirra.
 - g. að hlutaðeigandi sveitarstjórn, eða hreppstjóri, ef sveitarstjórn á í hlut, mæli með umsókninni og telji jörðina svo vel í sveit setta, að ráðlegt sje að endurreisa íbúðarhús á henni.
 - h. að sannað sje með vottorði hreppstjóra, að húsakynni sjeu óhæf til íbúðar vegna hrörnunar, eða með vottorði hjeraðslæknis, að heimilisfólki sje þar búið heilsutjón.
- II. til nýbýla samkv. 2. gr. 1. b.
 - a. skilyrði þau, er greind eru undir I. a.—g., og ennfremur,
 - b. að lántakandi eigi ekki annarsstaðar jörð eða býli, sem fjölskylda geti haft lífsframfæri af.

- c. að hann standi ekki í skuld fyrir lán, er hann hefir áður fengið til húsagerðar á annari jörð eða nýbýli.
 - d. að landið, þar sem húsa á, sje lagt býlinu til æfinlegra nota með þegar ákveðnum landamerkjum.
 - e. að býlið geti, að dómi trúnaðarmanna sjóðsins, veitt fjölskyldu sæmileg skilyrði til framfærslu, þegar það er komið í fulla rækt.
- III. Skilyrði fyrir láni samkv. 2. gr. 1. c. er, að kúabúið sje rekið af bænum eða hreppnum, íbúunum til nota, en ekki selt á leigu eða rekið sem gróðafyrirtæki.

4. gr.

Lán til að enduræisa íbúðarhús á sveitabýlum skulu, þar til annað verður ákveðið með lögum, sitja fyrir lánum til að reisa nýbýli á óræktuðu landi.

Lán þessi, samkv. 2. gr. 1. a., skulu ávaxtast og endurborgast með jöfnum greiðslum, þannig að árlegt gjald sje 5% af allri lánsupphæðinni í 42 ár.

5. gr.

Lán til að reisa nýbýli á ræktuðu landi, eða til að reisa býli, sem ræktað land fylgir, skulu ávaxtast og endurborgast með jöfnum greiðslum, þannig að árlegt gjald af allri lánsupphæðinni sje 3¹/₂% í 50 ár.

Lán til nýbýla, sem reist eru á óræktuðu landi og ekkert ræktað land fylgir, eru bæði afborgunar- og vaxtalaus fyrstu 5 árin. Síðan skal endurborga höfuðstólinn með jöfnum afborgunum á 50 árum, en enga vexti greiða.

6. gr.

Lán samkv. 4. og 5. gr. má nema: 1) alt að verði aðfengins byggingar-efnis, þar til telst þó ekki sandur, mól, steinn, torf, mór eða mosi, þótt afla verði utan landareignar, 2) og tveim þriðju hlutum af kaupmiðum og trjesmiðum, er nauðsynlega þurfa að húsagerðinni að vinna.

7. gr.

Lán samkv. 3. gr. III. mega nema alt að ³/₅ hlutum byggingarkostnaðar, þó ekki yfir 30 þús. kr., og skulu ávaxtast og endurborgast með jöfnum greiðslum, þannig að árlegt gjald af allri lánsupphæðinni sje 5% í 42 ár.

8. gr.

Sá, er byggir nýbýli eða við því tekur, skal innan 2 ára frá því er það var bygt, hafa girt það land, er hann tekur til túnræktar, og innan 5 ára skal hann hafa fullræktað að minsta kosti er nemi 10 vallardagsláttum.

9. gr.

Nú verða ábúenda- eða eigendaskifti, með sölu eða erfðum, að fasteign, sem stendur í skuld við Byggingar- og landnámsjóð, og er þá enginn ábúðar- eða kaupsamningur gildur um eignina nema með árituðu samþykki stjórnar sjóðsins. Söluverð slíkrar fasteignar má ekki vera hærra en síðasta

fasteignamat sýnir, að viðbættu virðingarverði þeirra mannvirkja, er unnin hafa verið frá því er fasteignamat fór síðast fram. Sje um leiguábúð að ræða, má eftirgjald ekki vera hærra en sem svarar 4% landverðs að viðbættum 2% húsaverðs, miðað við síðasta fasteignamat og virðingarverð umbóta, er síðar hafa verið gerðar.

Ef fasteign er seld eða leigð með öðrum hætti en hjer segir, fellur lán það, er hvílir á eigninni, í gjalddaga fyrirvaralaust.

10. gr.

Lán til bygginga greiðir sjóðurinn út í þremur hlutum þannig:

Fyrsta hluta þegar efni til bygginganna er alt keypt og komið á staðinn. Annan hluta þegar byggingin er komin undir þak. Þriðja og síðasta hluta þegar byggingin er fullgerð.

Skal hin útborgaða fjárhæð í hvert sinn miðuð við þann útlagða hluta kostnaðar, sem láns hæðin fer eftir samkv. 6. gr.

Sje um lán til bygginga peningshúsa eða útihúsa að ræða, skal það útborgað í tveim hlutum, þannig að fyrri hlutinn skal greiddur þegar húsin eru komin undir þak og síðari hlutinn þegar þau eru fullgerð, og um upphæð útborgunar fer í hvert sinn eftir sömu reglum sem segir í 2. málsg. þessarar greinar.

11. gr.

Stjórn sjóðsins getur sett byggingafróðan mann til eftirlits því, að bygging, sem lán er veitt til, sje vel af hendi leyst, og er lánþega skylt að hlíta fyrir mælum hans.

Kostnað þann, er af eftirlitinu leiðir, greiðir sjóðurinn, en gjalda skal lánþegi sjóðnum 1% af lánsupphæðinni, þá er síðasta útborgun lánsins fer fram.

12. gr.

Skyllt er ábúanda að halda vel við mannvirkjum þeim, er lán hefir verið veitt til úr Byggingar- og landnámssjóði. Trúnaðarmenn sjóðsins, er stjórn hans skipar, 2 eða fleiri í hverjum hreppi, skulu hafa eftirlit með viðhaldi bygginganna og tilkynna stjórn sjóðsins, ef því er í einhverju ábótavant.

13. gr.

Lán má veita gegn þessum tryggingum:

- a. Gegn hverju því fasteignarveði, er stjórn sjóðsins tekur gilt.
- b. Gegn afgjaldskvöð af býlum þeim, er lán er veitt til, enda sje býlið ekki veðsett með fyrsta veðrjetti.
- c. Gegn ábyrgð sýslu-, bæjar- eða hreppsþjelaga, að áskildu lögmæltu samþykki æðri stjórnarvalda.

14. gr.

Vextir og afborganir lána og afgjaldskvaðir, svo og leiga eftir nýbýli, sem eru rikiseign, og andvirði þeirra, ef seld eru, renna í Byggingar- og landnámssjóð.

15. gr.

Nýbýli, er reist verða á landi, sem er rikiseign, skulu seld á leigu þannig, að afgjaldið sje aldrei hærra en 4% af verði lands, að viðbættum 2% af verði húsa, eftir síðasta fasteignamati.

16. gr.

Landsstjórninni er heimilt að taka lán, alt að 5 miljónum króna, hvort heldur er hjer á landi eða erlendis, handa Byggingar- og landnámssjóði til stuðnings þeirri starfsemi, er honum er ætlað að vinna samkvæmt fyrirmælum þessara laga.

17. gr.

Handbært fje sjóðsins skal jafnan standa á vöxtum í Landsbanka Íslands eða í jarðræktarbrjefum.

18. gr.

Stjórn sjóðsins og reikningshald skal falið Ræktunarsjóði Íslands, og hefir stjórn hans sjer til aðstoðar við lánveitingar þriggja manna nefnd, sem skipuð sje búnaðarmálastjóra, leiðbeinanda um húsagerð til sveita og þriðja manni, er atvinnumálaráðherra nefnir til. Skal ekkert lán veitt úr sjóðnum nema nefndin mæli með því.

Stjórn sjóðsins má, ef þörf krefur, ráða sjer til aðstoðar sjerstakan húsameistara, er þá kemur að öllu leyti í stað leiðbeinanda um húsagerð til sveita.

19. gr.

Yfirskoðunarmenn landsreikninganna skulu árlega endurskoða alla reikninga sjóðsins, og skal þeim greidd þóknun fyrir starf sitt. Skýrsla um starfsemi sjóðsins með áritun yfirskoðunarmanna skal árlega birt í Stjórnartíðindunum.

20. gr.

Atvinnumálaráðherra hefir umsjón með sjóðnum og setur hann nánari reglur um hann með reglugerð, þar á meðal hve háa upphæð samtals má árlega lána úr sjóðnum.

Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn lögum þessum og ákvæðum reglugerðarinnar.

21. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1929.

Nd.

279. Nefndarállt

um frv. til laga um hvalveiðar.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir klofnað um þetta mál. 2 nefndarmenn leggja á móli frv. og færa einkum fram 2 ástæður gegn því:

1. Að veiðifyrirtækin hjer við land muni verða útlendingum einum að liði og rekin hjer af leppum.
2. Að líkur sjeu fyrir alþjóðlegri friðun á kynstofni hvalanna, sem strandað gæti á hvalveiðaleyfi hjer við land.

Hvorug þessi ástæða er þung á metum. Að vísu má ætla, að stórhvalaveiðar verði eigi teknar upp hjer frá landi óðruvísi en í fjelagi við verkvana Norðmenn, líkt og gert hafa Bretar og fleiri þjóðir. En slíkur fjelagsskapur getur að fullu verið löglegur og laus við leppmensku. Fjármagn til kaupa veiðiskipa og vinslutækja þarf ekki meira en það, sem ýms innlend fyrirtæki starfa með. 2 hvalveiðaskip með nauðsynlegum tækjum og stöð viðeigandi til bræðslu og hagnýtingar veiðinni mundi vart kosta meira en 1—1¼ millj. kr., eða sem næst helming á við hlutafje eins af stærri útgerðarfjelögum hjer. Reyndar er viðbúið, að hvalveiðin yrði hjer skammvinn, og eftir fenginni reynslu ólíklegt, að arðvænleg veiði entist lengur en 6—10 ár. En veiðiskipin eru til margra annara hluta nothæf og mundu að lokinni hvalveiði halda að mestu fullu verði, en hvalstöðvar, úthúnar bræðslu-, þurkunar- og mólunartækjum, eru með litlum breytingum vel kjörnar til síldarbræðslu og vinslu fiskimjöls. Þess vegna geta hvalveiðar hjeðan, þótt skammvinnar reyndust, orðið eðlilegur liður í framhaldandi starfsemi, sem lengur endist. Hvalveiðin mundi, meðan hún stæði, veita rikissjóði álitlegar tekjur og mörgum mönnum arðvænlega atvinnu. Sú varð raunin áður, meðan útlendir menn veiddu hjer og voru einir um hituna.

Um alþjóðlega friðun hvala er það að segja, að hún hefir verið á dag-skrá um tugi ára og mun fyrst hafa átt formælendur hjá frönskum og breskum höfundum. Þó hafa hvalveiðar aldrei verið reknar í jafnstórum stíl sem 2 síðustu ár. Að þeim standa nú einkum Norðmenn og Bretar og stunda þær aðallega með flotstöðvum í suðurhöfum á tímabilinu desember-mars árlega. Hefir það sýnt sig á síðustu árum, að langvinnar hvalveiðar í norðurhöfum hafa fælt hvalinn þaðan og beint göngunum meira til íshafsins syðra. Lík munu verða áhrif hinna stórfeldu hvalveiða, sem nú eru í suðurhöfum, að þær beini aftur göngunum norður, enda er sannreynt, að hvalagengd hjer við land hefir aukist að mun síðari árin, frá því hvalvinsla var bönnuð í landi og lítið varð um hvalaveiðar nærri landinu.

Sú er trú margra, að framhaldandi hvalveiði muni útrýma með öllu þessum víðförlu veiðidýrum, en sú trú styðst eigi við líkur. Veiðin er torsótt þar sem fátt er hvala og dýrin þá stygg. Löngu áður en síðustu einstaklingar þeirra falla fyrir vígvjelum veiðimanna, verður veiðiskapur svo stopull og dýr orðinn, að veiðin legst niður, og einmitt í því liggur aðalvörnin gegn eyðingu hvalsins. Hinsvegar mun það og öllum ljóst, að hvalafriðun hjer við land getur hvorki orðið landsmönnum að liði, nje heldur forðað hvalnum við eyðingu, meðan hvalveiðar eru stundaðar frá grannþjóðunum í námunda við landið, enda nú kunnugt, að í ráði er að senda flotstöðvar frá Noregi til veiðasvæðanna umhverfis Ísland.

Vjer lítum því svo á, að það sje ekki aðeins gagnslaust; heldur jafnvel skadlegt að banna hjer hvalvinslu í landi. Hvalveiðar verða stundaðar með flotstöðvum í hafinu kringum landið óðar og gengdin eykst, ekki af innlendum

mönnum, heldur af útlendingum. Þess vegna firrir hvalvinslubannið landsmenn því gagni, sem af hvalveiðum má verða, og bakar þeim tjón, en verður að sama skapi vatn á mylnu útlendra hvalveiðamanna.

Eftir vorum skilningi er eina og rjetta ráðið að nema bannið úr gildi og reyna með hagfeldri lögujól að tryggja landsmönnum þann hag af hvalveiðum og hvalvinslu, sem hægt er, og búa sem tryggilegast um hagnýtingu veiðinnar.

Samkvæmt því leggjum vjer til, að frumv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 3. gr. Aftan við 1. málsg. bætist:

með bræðslu og breytingu úrgangs, beina, kjöts og innýfla í markaðshæfa vöru.

Alþingi, 21. febrúar 1928.

Sveinn Ólafsson,
form. og frsm.

Jóhann P. Jósefsson,

Ólafur Thors,
með fyrirvara.

Nd.

280. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 267 [Bændaskólar].

Frá atvinnumálaráðherra.

Við 1. Fyrir orðin »enda fái þeir einir« komi: enda sitji þeir fyrir.

Nd.

281. Frumvarp

til laga um skattgreiðslu h/f Eimskipafjelags Íslands.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Eimskipafjelag Íslands h/f skal vera undanþegið tekju- og eignarskatti árin 1929 til 1933, að báðum meðtöldum.

2. gr.

Árin 1929 til 1933, að báðum meðtöldum, skal fjelagið einnig vera undanþegið aukaútsvari eftir efnum og ástæðum, en í þess stað greiði það í bæjarsjóð, þar sem aðalaðsetur þess er, 5 af hundraði af nettó ágóða, og Alpt. 1928. A. (40. löggjafarþing).

greiðist sá skattur 1. apríl ár hvert af ágóða næstliðins árs. Á öðrum stöðum greiðist enginn skattur.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1929.

Greinargerð.

Með lögum nr. 43, 4. júní 1924, var Eimskipafjelag Íslands b/f undanþegið frá því að greiða tekju- og eignarskatt um 5 ára tímabil, eða til rsloka 1928. Jafnframt var svo ákveðið í lögnum, að fjelagið greiddi ekki aukaútsvar í bæjarsjóð e'tir efnum og ástæðum, heldur greiddi það 5% af nettó ágóða næsta árs á undan.

Þessi ákvæði um skattgreiðslu fjelagsins ganga úr gildi 31. desember þ. á., en á hinn bóginn hafa fjárhagsástæður fjelagsins ekki breyst til hins betra, þannig að það standi nú betur að vígi um að greiða skatt og útsvar en árið 1924; síður en svo, þar sem fjelaginu hefir á síðastliðnu ári bæst nýtt og dýrt skip, sem erfitt er að láta bera sig sæmilega, vegna þess hve enn er litill útflutningur á kælivörum, sem það þó er aðallega bygt fyrir.

Nd.

282. Nefndarátt

um frumv. til laga um breyting á jarðræktarlögum, nr. 43, 20. júní 1923.

Frá landbúnaðarnefnd.

Breytingar þær, sem með frumv. þessu er farið fram á, að gerðar sjeu á jarðræktarlögnum, fara allar í þá átt, að tryggja enn betur en áður aðstöðu þeirra manna, er jarðræktarframkvæmdir annast.

Nefndin vill gjarnan fyrir sitt leyti stuðla að því, að þessar breytingar nái fram að ganga, en telur þó betur fara, að 9. og 11. gr. frumv. verði í nokkru breytt frá því, sem þar er, og ber því fram breytingartillögur við þær greinar.

Breyting sú, sem nefndin leggur til að gerð verði á 9. gr., er svo smávægileg, að ekki þykir þörf á að fjölyrða um hana. En um 11. gr. og þá breyting, sem nefndin vill að á henni sje gerð, er rjett að fara nokkrum orðum.

Samkvæmt frumv. þessu, 11. gr., er ætlast til þess, að ekki sjeu greiddir 5 árin næstu nema $\frac{4}{5}$ hlutar þess styrks, sem til er tekinn. Með $\frac{1}{5}$ hluta hans skal stofna verkfærakaupasjóð; auk þess á rikissjóður að leggja fram jafnmikla upphæð árlega næstu 5 árin. Þessu sje á að verja til að styrkja bændur í því að afla sjer hestaverkfæra til jarðræktar.

Nefndin er eindregið þeirrar skoðunar, að rjett sje að ljetta undir með bændum að afla sjer þessara tækja. Það myndi verða til þess að auka og flýta fyrir ræktun landsins, og er þess mikil þörf. En nefndin getur ekki fallist á, að

halda beri eftir nokkrum hluta þess styrks, sem ætlaður er til jarðræktar, og að hann gangi til þessarar sjóðsstofnunar. Þesskonar lækkun á þessum styrk mætti vel verða til þess að draga eitthvað úr jarðræktarframkvæmdum, og væri það illa farið. Þá telur nefndin, að heppilegra muni vera að taka styrkinn, sem ætlaður er hreppabúnaðarfjelögum, til þessarar sjóðsstofnunar, og ríkissjóður leggi fram nokkurt fje árlega til styrktar slíkum sjóði.

Með því að ákveða, hvað mikinn styrk beri að greiða árlega fyrir hvert unnið dagsverk, 10 au., eins og nefndin tiltekur, og auk þess 20 þús. kr. árs-tillag til sjóðsins, ætti honum að koma árlega allverulegar tekjur.

Nefndin vonast því til, að samkvæmt tillögum hennar um þessa sjóðsstofnun og það verkefni, er sjóðnum er ætlað að vinna, að þá geti hann orðið til margra og margvíslegra framfara í jarðrækt og búnaðarframkvæmdum.

Nefndin leggur því til, að frumv. verði samþykkt með svofeldum

BREYTINGUM:

1. Við 5. gr. Í stað orðanna »30 aurum« komi: 80 aurum.
2. Við 9. gr. Fyrir orðin »jarðabætur« og málsgreinina út komi: Jarðabætur, sem leiguliði greiðir leigu og landsskuld með, skulu metnar til þeirrar greiðslu alt að kr. 3,50 hvert dagsverk.
3. Við 11. gr. Greinina skal orða svo:

Styrkur úr ríkissjóði til hreppabúnaðarfjelaga skal nema 10 aurum fyrir hvert unnið dagsverk. Styrkurinn skiftist hlutfallslega milli búnaðarfjelaganna eftir tölu jarðabótamanna í hverju fjelagi. Styrk þennan skal leggja í sjóð, sem nefnist verkfærakaupasjóður.

Í sjóðinn skal auk þess árlega greiða úr ríkissjóði 20 þúsund krónur, er skiftist milli hreppabúnaðarfjelaganna eftir tölu jarðabótamanna í hverju fjelagi. Sú upphæð, er sjóði hvers hreppabúnaðarfjelags ber samkvæmt því, er að ofan getur, skal vera sjereign hvers fjelags.

Tilgangur sjóðsins er að ljetta undir með bændum, einstökum eða fleirum í fjelagi, að eignast hestaverkfæri til jarðræktar eða heyrinnu.

Fje sjóðsins skal fyrst og fremst varið til að kaupa hestaverkfæri handa bændum. Þó er búnaðarfjelagi heimilt, ef 10 fjelagsmenn óska, að kaupa jarðræktarvjar, enda sjeu þær þá eign fjelagsins.

Fjelögin ákveða sjálf, hverra verkfæra þau æskja frá Búnaðarfjelagi Íslands og hvort þau nota þau sem fjelagseign eða skitta þeim milli einstakra fjelagsmanna.

Fjelögin leggi fram jafna uppbæð styrknum til verkfærakaupanna. Skulu umsóknir sendar Búnaðarfjelagi Íslands.

Búnaðarfjelag Íslands sjer um útvegum verkfæranna og ákveður, af hvaða gerð þau skuli vera og gæðum.

Atvinnumálaráðuneytið hefir á hendi stjórn verkfærakaupasjóðs, í samráði við stjórn Búnaðarfjelags Íslands.

Nánari ákvæði um starfsemi verkfærakaupsjóðs setur atvinnumálaráðuneytið í reglugerð, í samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands.

Alþingi, 21. febr. 1928.

Lárus Helgason, Jón Ólafsson, Jörundur Brynjólfsson,
form. fundaskrifari. frsm.
Einar Jónsson. Bernh. Stefánsson.

Nd. 283. Breytingartillögur

við frumv. til laga um atkvæðagreiðslur utan kjörstaða við alþingiskosningar.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

1. Við 5. gr.
 - a. Í stað orðsins »kjörstjóra« í síðasta málslið fyrstu málsgreinar komi: kjörstjórn.
 - b. Á eftir fyrstu málsgrein komi ný málsgrein, er hljóði svo:
 Þeir kjósendur, sem greiða atkvæði hjá hreppstjóra eða bæjarfógeta í þeim hreppi eða kaupstað, þar sem þeir standa á kjörskrá, og skilja þar eftir brjef með atkvæði sínu, skulu sjálfir láta brjefin í atkvæðakassann.
2. Við 6. gr.
 - a. Fyrstu málsgrein skal orða svo:
 Að atkvæðagreiðslu lokinni opnar kjörstjórnin umslögin, athugar fylgibrjefin, ber saman tölusetningu þeirra og umslaganna og rannsakar, hvort sá, er brjefið er frá, stendur á kjörskrá, og ef svo er, hvort hann hefir greitt atkvæði á kjörstað. Ef svo reynist, að sá, sem brjefið er frá, standi á kjörskrá og hafi eigi greitt atkvæði á kjörstað, setja meðkjörstjórar merki við nafn kjóсандans á eftirritin af kjörskránni.
 - b. Síðasta málsgrein fellur niður.

Nd. 284. Nefndarálit

um frv. til laga um heimavistir við Hinn almenna mentaskóla.

Frá minni bluta mentamálanefndar.

Nefndin hefir klotnað um þetta mál. Teljum við, sem undirritum álit þetta, lítið unnið við heimild þá fyrir ríkisstjórnina, sem frv. ræðir um, til að reisa hús til heimavista við mentaskólann, meðan engar líkur eru til þess, að hægt verði að framkvæma verkið.

Hinsvegar teljum við varla tímabært að ákveða slíka byggingu meðan óráðið er, hvernig hagað verður ungmennaskólum þeim, sem eru að ryðja sjer til rúms, og sambandi þeirra við æðri mentastofnanir, þar á meðal mentaskólann almenna. Færi svo, að hann yrði slitinn úr sambandi við alþýðufræðsluna og myndaði t. d. samfellda 3 eða 4 ára lærdómsdeild, þá virðist þörfin á stóru heimavistahúsi eigi nærri eins brýn. Fyrir því leggjum við til, að frv. verði afgreitt með svofeldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að ennþá er alt mjög á reiki um fyrirkomulag alþýðu- og gagnfræðaskóla í landinu — ekki sist um alþýðlega mentastofnun fyrir höfuðstaðinn — og samband slíkra alþýðuskóla við æðri mentastofnanir, þykir deildinni eigi ástæða til að taka að sinni ákvörðun um efni frumvarpsins og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 22. febr. 1928.

Sveinn Ólafsson, Lárus Helgason.
fundaskrifari og frsm.

Nd.

285. Nefndarálit

um frv. til laga um sölu prestssetursjarðarinnar Garða á Akranesi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og er á einu máli um, að rjett sje að samþ. frv. Hinsvegar þykir nefndinni rjettara að bæta inn í frv. ákvæðum um, hvernig undirbúningur sölunnar eigi að vera og hvernig kaupverðið skuli greiðast.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi breytingum. 2 nefndarmanna voru fjarverandi, er málið var afgreitt í nefndinni.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Á eftir 1. gr. komi ný gr., er verður 2. gr., svo hljóðandi:

Um mat á því, er selt verður, og greiðslu kaupverðs fer eftir ákvæðum laga nr. 50, 16. nóv. 1907, um sölu kirkjujarða.

2. 2. gr. verður 3. gr.

Alþingi, 23. febr. 1928.

Gunnar Sigurðsson,
form.

Magnús Guðmundsson,
frsm.

H. J. Kristófersson.

Ed. 286. Nefndarálit

um frv. til laga um skifting Gullbringu- og Kjósarsýslu i tvö kjördæmi.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 23. febr. 1928.

Jón Baldvinsson, Ingvar Pálmason,
form. og frsm. meiri hlutans. fundaskr.

Nd. 287. Nefndarálit

um frumvarp til laga um kynbætur nautgripa.

Frá landbúnaðarnefnd.

Þótt nefndin sjái fyrirfram, að framkvæmd frumvarps þessa verði miklum erfiðleikum bundin, verði það að lögum, — einkum í strjálbygðum sveitum —, þá litur hún svo á, að i það megi ekki horfa, þar sem svo mikið er ógert að því að bæta nautgriparæktina í landinu, en sem útlit er á, að gangi alt of seint, ef eigi er hert á því með samskonar lögum og þessum. Leggur hún því til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt eins og háttv. efri deild hefir gengið frá því.

Alþingi, 23. febr. 1928.

Lárus Helgason, Jón Ólafsson,
form. og frsm. fundaskrifari.
Einar Jónsson. Jörundur Brynjólfsson.

Nd. 288. Nefndarálit

um frv. til laga um viðauka við hafnarlög fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, 10. nóv. 1913.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frumv. þetta fer fram á fjárveitingu til endurbóta og viðgerðar á hafnargörðunum i Vestmannaeyjum. Nefndin hefir kynt sjer þetta mál og sjeð teikningar af höfninni, hafnargörðunum og skemdum þeim, sem bæta þarf. Á fundi hjá nefndinni mættu, eftir beiðni hennar, forsætis- og atvinnumálaráðherra, vitamálastjóri, bæjarstjóri Vestmannaeyja og aðstoðarverkfræðingur vitamálastjóra.

Nefndin er þess fullviss, að viðgerðir á hafoargörðunum, einkanlega á svonefndum Hringskersgarði, megi ekki dragast úr hömlu, með því annars er hætt við meiri og hættulegri bilun en nú er sjáanleg. Forsætisráðherra lýsti yfir því við nefndina, að viðgerðin væri brýn nauðsyn.

Meiri hluta nefndarinnar þykir þó rjettara að orða frumvarpsgreinina þannig, að hún sje heimild fyrir stjórnina til að verja fje í þessu skyni heldur en halda orðalagi frumvarpsins. Þótt við meðundirritaðir Ólafur Thors og Jóhann P. Jósefsson teljum óþarft að breyta orðalagi frv. og víkja þannig frá þeirri reglu, sem verið hefir með orðalag á frv., sem samþykkt hafa verið um fjárveitingar í þessu skyni, höfum við — með tilliti til þeirra yfirlýsinga, sem stjórnin hefir gefið framkvæmdum þessum viðvíkjandi — ekki viljað gera ágreining um orðalag frv., þareð öllum ber saman um, eins og áður segir, að framkvæmd viðgerðarinnar sje óhjákvæmileg og verði ekki án skaða slegið á frest.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 1. gr. Fyrri málsgrein greinarinnar orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að leggja fram úr ríkissjóði, þegar fje er fyrir hendi, alt að 70 þús. krónum, gegn tvöföldu framlagi úr hafnarsjóði Vestmannaeyja, til viðgerðar og endurbóta á hafnargörðunum í Vestmannaeyjum.

Alþingi, 24. febrúar 1928.

Sveinn Ólafsson, Jörundur Brynjólfsson. Sigurjón Á. Ólafsson.
form.

Ólafur Thors. Jóhann P. Jósefsson,
fundaskr. og frsm.

Nd.

289. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 283 [Atkvæðagreiðslur utan kjörstaða við alþingiskosningar].

Frá Jóni A. Jónssyni.

Við 1. a. Fyrir »kjörstjórn« komi: kjörstjóra ásamt einum manni úr kjörstjórn.

Nd.

290. Nefndarátt

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 67, 14. nóv. 1917, um bæjarstjórn Ísafjarðar.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Eins og tekið er fram í álitu meiri hluta nefndarinnar á þskj. 250, hefir nefndin ekki getað orðið sammála um frv., og er það einkum ákvæðið um að

leggja Tungu undir lögsagnarumdæmi Ísafjarðarkaupstaðar. Minni hlutinn lítur svo á í þessu efni, að ekki sje rjett að rýra Eyrarhrepp, með sjerstöku tiliti til þess, að Hnífsdalur er nú orðinn svo stór, að hann á lagakröfu á að verða sjerstakur hreppur þegar hann vill. Þá þykir minni hlutanum rjettara, að bæjarbúar kjósi bæjarstjóra en að bæjarstjórnin geri það. Hinsvegar þykir rjett, að einfaldur meiri hluti bæjarbúa ráði, hvort bæjarstjóri skuli kosinn eða ekki.

Minni hlutinn leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. 1. gr. frv. falli burtu.

2. 2. málsg. 2. gr., er verður 1. gr., orðist svo :

Samþykki meiri hluti kjósenda með leynilegri atkvæðagreiðslu, skal í stað bæjarfógeta kosinn bæjarstjóri til 6 ára i senn, á sama hátt og bæjarfulltrúar. Hann skal launaður af bæjarsjóði.

3. 3. gr. verður 2. gr.

Alþingi, 23. febr. 1928.

Magnús Guðmundsson,
frsm.

Hákon J. Kristófersson.

Ed.

291. Frumvarp

til laga um Menningarsjóð.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Menningarsjóður. Tilgangur hans er að styðja almenna menningu í landinu, rannsókn islenskrar náttúru og þróun þjóðlegrar listar. Til sjóðsins falla árlega allar tekjur af seldu áfengi, hverju nafni sem nefnist, sem ólöglega er flutt til landsins og upptækt gert af rjettvisinni, allar tekjur af seldum skipum, sem af samskonar ástæðu hafa verið gerð upptæk, svo og allar sektir fyrir brot á áfengislöggjöfni, bæði samkvæmt landslögum og lögreglusamþykktum. Í fyrsta skifti skal falla til sjóðsins hluti rikissjóðs fyrir upptækt vin og áfengissektir árið 1927.

2. gr.

Mentamálanefnd landsins hefir á hendi yfirstjórn Menningarsjóðs. Í apríl ár hvert skiftir sjóðsstjórnin innkomnum tekjum frá síðastliðnu ári í þrjá jafna hluta. Skal einum þriðjunginum varið til þess að gefa út góðar alþýðlegar fræðibækur og úrvals skáldrit, frumsamin eða þýdd. Annar þriðjungurinn gengur til að kosta visindalegar rannsóknir á náttúru landsins og

til útgáfu visindalegra ritgerða um íslenska náttúrufræði. Einum þriðjunginum skal varið til að kaupa listaverk fyrir landið og til verðlauna fyrir teikningar af byggingum eða húsbúnaði í þjóðlegum stíl. Þegar sjerstaklega stendur á, má verja tilteknum hluta af tekjum Menningarsjóðs til bygginga fyrir náttúrugripasafn landsins og listasafn.

3. gr.

Bókaútgáfu Menningarsjóðs stýra þrír menn sjálfkjörnir: Prófessorarnir í íslenskum bókmentum og sögu við háskólann í Reykjavík og kennarinn í íslensku við kennaraskóla landsins. Sá hluti sjóðsins, sem verja skal til náttúrufræðilegra rannsókna, stendur undir stjórn annara þriggja sjálfkjörinna manna: Forstöðumanns náttúrugripasafnsins í Reykjavík og kennaranna í náttúrufræði við mentaskólann í Reykjavík og gagnfræðaskólann á Akureyri. Sá hluti sjóðsins, sem á að styðja listir, stendur undir beinni stjórn mentamálanefndar landsins.

4. gr.

Þegar tekjur Menningarsjóðs verða eitthvert ár meiri en að áliti yfirstjórnar sjóðsins getur talist meðallag, skal taka frá í húsbýggingarsjóð tveggja af hinum þrem deildum (sbr. 2. gr.) það, sem umfram verður meðaltekjur. Skulu þessir tveir byggingarsjóðir ávaxtast í Landsbankanum, og má ekki skerða þá fyr en yfirstjórn sjóðsins með samþykki Alþingis lætur byrja á að reisa hinar umræddu byggingar. Þeim þriðjungi af óvenjulegum tekjum sjóðsins, sem ekki gengur til að byggja söfn yfir listaverk landsins og náttúrugripi, skal verja til að kosta útgáfu merkilegra ritverka, sem eru stærri en það, að venjulegar árstekjur útgáfudeildarinnar nægi til að standast kostnaðinn.

5. gr.

Stjórn útgáfudeildar Menningarsjóðs getur ráðið mann til að hafa á hendi hina daglegu vinnu við bókaútgáfu sjóðsins og verslun þá með bækur, er óþjákvæmilega leiðir af útgáfustarfsemi þessari, en sjálf ræður nefndin og ber ábyrgð á vali bóka, sem út eru gefnar, og frágangi þeirra. Þegar svo vill til, að hinir sjálfkjörnu stjórnarmenn í útgáfu- eða náttúrufræðideild sjóðsins verða að dæma um efni, er snerta þá persónulega, skal mentamálanefnd landsins skipa hæfa menn í þeirra stað, meðan úr þeim málum er skorið.

6. gr.

Sú deild Menningarsjóðs, er styður íslenska listapróun, skal kaupa jöfnum höndum listaverk eftir málara og myndhöggvara og bæði taka tillit til hins varanlega gildis listaverkanna og að skapa óháðan markað fyrir listaverk eftir íslenska menn, án tillits til búsetu. Heimilt er að verja $\frac{1}{5}$ hluta af árstekjum þessarar deildar til að verðlauna teikningar af húsum og húsmunum í þjóðlegum stíl, þar sem leitað er samræmis við höfuðdrætti í náttúru landsins. Aldrei má þó verja meiru en 2000 kr. á ári til slíkra verðlauna, nema öll sjóðstjórnin og formenn mentamálanefnda beggja deilda samþykki.

7. gr.

Fjármálaráðuneytið annast alla innheimtu á tekjum Menningarsjóðs, samkv. 1. gr. Handbært fje sjóðsins skal jafnan geymt í Landsbankanum. Endurskoðendur landsreikninga skulu árlega endurskoða reikninga allra deilda sjóðsins, enda sje hann síðan prentaður í Stjórnartíðindunum.

8. gr.

Lögin öðlast gildi þegar í stað.

Nd.

292. Nefndarátt

um frv. til laga um breyting á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 29, 3. nóv. 1915.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Minni hluti nefndarinnar telur, að breytingar þær, sem meiri hluti hennar vill gera á frv., komi mjög illa heim við það fyrirkomulag, sem er á Alþingi. Eins og kunnugt er, eru þingmálin yfirleitt rædd og afgreidd algerlega aðskilið í hvorri deild fyrir sig, en þetta fyrirkomulag raskast, ef máli, sem t. d. er til meðferðar í Ed., er vísað til nefndar, sem kosin er í sameinuðu þingi, þar sem vel er hugsanlegt, að enginn nefndarmanna eigi sæli í Ed. Aftur á móti virðist ekkert á móti, að sjerstök utanríkismálanefnd sje kosin í hvorri deild fyrir sig og einnig nefnd, sem aðstoði stjórnina í utanríkismálum milli þinga. Með tilliti til þessa leggur minni hlutinn til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við frvgr. Aftan við greinina bætist ný málsg., svo hljóðandi:
Á eftir 2. málsg. 16. gr. bætist nýr málsl., svo hljóðandi:
8. Utanríkismálanefnd.
2. Á eftir frvgr., er verður 1. gr., kemur ný 2. gr., svo hljóðandi:
Í lok hvers þings skal í sameinuðu þingi kjósa á sama hátt og aðrar þingnefndir 3 manna nefnd, er skal vera stjórninni til ráðuneytis milla þinga í utanríkismálum.

Alþingi, 23. febr. 1928.

Magnús Guðmundsson,
frsm.

Hákon J. Kristófersson,
með fyrirvara.

Nd.**293. Nefndarálit**

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1929.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefnd hefir braðað störfum sínum eftir föngum. Auk hins venjulega fundartíma hefir hún að jafnaði haldið fundi að morgninum, og þannig haft þriggja tíma fundi dag hvern. Þess utan hafa undirnefndir unnið sjerstök störf.

Hefir nefndin að venju lesið og kynt sjer mikinn fjölda af skjölum og skýrslum, er henni hafa borist. Einnig haft marga viðtalsfundi, bæði við forstjóra hinna ýmsu ríkisstofnana, landsstjórnina og ýmsa aðra, sem hafa beðið nefndina um viðtal.

Nefndin hefir haft erfiða aðstöðu við meðferð fjárlagafrumvarpsins að þessu sinni og erinda þeirra ýmsra, er fyrir lágu í sambandi við það. Erfiða aðstöðu að því leyti, sem fjárhagur ríkisins er nú þröngur mjög, sökum undan- gangandi fjárhagskreppu.

Síðan árið 1925, sem að vísu var veltiár fyrir ríkissjóðinn, hafa ríkis- tekjurnar farið minnkandi ár frá ári. Og útkoman sú 1927, að þá náðu tekjurnar aðeins rösklega áætlun (116 þús. kr. umfram).

En útgjöldin reyndust hinsvegar 830 þús. kr. meiri en tekjurnar, þrátt fyrir það, að umframgreiðslur á árinu voru með langminsta móti, miðað við 4 síðustu árin.

Eins og fjárlagafrumvarpið var lagt fyrir af stjórninni, var tekjuafgangur fullar 28 þús. krónur. En að framkomnum upplýsingum eftir samningu þess kom í ljós, að óhjákvæmilega varð að bæta við útgjaldaupphæðum á frumvarpið, er samtals námu á 3ja hundrað þús. króna. Ýmist aukning á lögmæltum útgjöldum, svo sem samkvæmt jarðræktarlögunum, eða fjárveitingum til öldungis óhjákvæmilegra framkvæmda, t. d. viðbótarbyggingar á Kleppi og aukins rekstrar- styrks í sambandi við stækkunina.

En samhliða þessu hafði stjórnin neyðst til að draga til stórra muna úr framlögum til ýmsra nauðsynlegra útgjalda á fjárlagafrumvarpinu við það, sem lagt hafði verið fram undanfarið, ef unt átti að vera að leggja það fyrir þingið tekjuhallaust. Stafaði sú ráðstöfun af lýrnun ríkisteknanna, er sumpart var afleiðing af niðurfellingu ríkistekna á þinginu 1926, sumpart af fjárhagserfiðleikum landsmanna. Hlaut þessi útgjaldalækkun einkum að koma hart niður á fram- lögum til ýmsra verklegra framkvæmda, svo sem brúagerða, nýrra símalagninga, vitabygginga o. fl. Eigi hægt að spara á lögmæltum útgjaldaliðum fjárlaga- frumvarpsins.

Með þessar framangreindu ástæður fyrir augum um hag og horfur ríkis- sjóðsins var nefndinni strax ljóst, að aðalstefna hennar hlyti að ganga ákveðið í þá átt að takmarka ríkisútgjöldin sem frekast þætti fært. En sú stefna hlýtur

að sjálfsgöðu að setja ærið einhæfan svip á tillögur nefndarinnar. Kemur meðal annars fram í því, að nefndin hefir á engan hátt sjeð sjer fært að sinna mörgum fyrirbyggjandi og framkomnum beiðnum um styrk og fjárframlög til ýmsra þeirra hluta, sem nefndin þó viðurkennir, að sjeu stuðnings verðir.

Af sömu ástæðum er það og spröttið, að þó nefndin liti svo á, að tillögur frumvarpsins um framlög til brúagerða, nýrra símalagninga, vitabygginga o. fl. sjeu svo lágar, að óviðunandi sje í raun og veru, miðað við hina brýnu og aðkallandi þörf, þá sjer meiri hlutinn sjer þó eigi fært að bera fram breytingartillögur til hækkunar þessum liðum við þessa umræðu fjárlaganna. Vill fyrst sjá, hvernig horfir um framgang þeirra tekjuaukafrumvarpa ýmsra, er liggja fyrir þinginu. Fáí þau meira eða minna góðan byr, svo sjeð verði, að tekjurnar verði eitthvað verulega auknar, telur nefndin sjálfsgagt að hækka áðurnefnd framlög til mikilla muna. Getur hinsvegar eigi talið þá leið færa, að stofna til aukinna verklegra framkvæmda í landinu — þó stórnauðsynlegar sjeu — með miklum tekjuhalla á fjárlögunum.

Áður en vikið er að hinum einstöku tillögum nefndarinnar, skal gerð lausleg grein fyrir því, hvernig fjárlagafrumvarpið mundi líta út eftir tillögum nefndarinnar.

Við áætlun tekjubálksins hefir nefndin getað stuðst við nýrri upplýsingar í ýmsum atriðum en fyrir lágu, er frumvarpið var samið, sem var venju fremur snemma, vegna þess, að þing var nú kallað saman svo löngu fyrir lögmæltan tíma.

Með hliðsjón af þessum upplýsingum leggur nefndin til, að nokkrir tekjulíðir sjeu hækkaðir samtals um 600 þús. krónur, en aðrir lækkaðir um samtals 300 þús. krónur.

Niðurstaða nefndarinnar verður því sú, að hækka tekjuáætlunina í heild um 300 þús. króna.

Þá leggur nefndin til að lækka og fella burtu nokkra útgjaldaliði, sem þó nemur eigi meira alls en kr. 14755.00.

Hinsvegar leggur nefndin til, að ýmsir gjaldliðir verði hækkaðir og nokkrum nýjum bætt við. Nema þær hækkanir samtals kr. 305800.00.

Niðurstaðan af breytingartillögum nefndarinnar verður þannig:

Tekjuafgangur samkvæmt frumvarpinu . . .	kr. 28858.23
Hækkun tekjubálksins	— 300000.00
Lækkun gjaldabálksins	— 14755.00
	<u>kr. 343613.23</u>
Hækkun gjaldabálksins	— 305800.00
Tekjuafgangur	kr. 37813.23

Nefndin er sömu skoðunar og fyr um það, að nauðsynlegt sje að áætla tekjurnar varlega. Reynslan hefir altaf sýnt, að gjöldin verða hærri en áætlað er. Er það jafnvel að nokkru leyti edlilegt, þar sem áætlunin er samin svo löngu fyrirfram. Og hinsvegar koma ætíð fram meiri og minni útgjöld í sambandi við sjerstök lög.

Til þess því, að von sje um, að jöfnuður fáist á fjárlögunum í reyndinni,

er það eina öryggið, að tekjurnar hafi verið svo gætilega áætlaðar, að miklar líkur sjeu til, að þær fari frekar fram úr áællun, miðað við meðalárferði.

Nefndin hefir viljað fylgja þessari reglu. En þó vitanlega hugsað sjer að komast sem næst því raunverulega, miðað við reynslu undanfarandi ára, og horfum, eftir því, sem unt er á þeim að byggja.

Með þetta fyrir augum leggur nefndin til að hækka fasteignaskattinn um 10 þús. krónur, eða upp í 240 þús. kr., sem hann hefir verið áætlaður undanfarin ár.

Þessi tekjustofn er fastur. Fer árlega hækkandi lítið eitt. Reyndist 253 þús. krónur síðasta ár.

Nefndin telur einnig rjett að hækka tekju- og eignarskattinn upp í 850 þús. kr. Hann reyndist að visu ekki fullar 800 þús. kr. 1927. En síðan 1923 hefir hann aldrei reynst jafnlítt og síðastliðið ár. Meðaltal þriggja síðustu ára þar á undan, þó slept sje mikla gróðaárinu 1925, er yfir 900 þús. króna.

Erfðafjárskattinn vill nefndin færa upp í 35 þús. kr. Þessi tekjuliður er að visu breytilegur nokkuð frá ári til árs. En síðustu 6 árin hefir hann þó aldrei reynst lægri en nefndin leggur hjer til.

Þá leggur nefndin til, og telur það ekki óvarlegt, að útflutningsgjaldið sje hækkað upp í 950 þús. kr. Það reyndist síðastliðið ár 1100 þús. kr.

Aftur á móti lítur nefndin svo á, að áfengistollurinn sje alt of hátt áætl-
aður, og styðst þar við álit og tillögur forstöðumanns áfengisverslunarinnar. Leggur nefndin til, að tollurinn sje færður niður í 325 þús. kr., og gengur sú lækkun sist lengra en forstöðumaðurinn hefir lagt til.

Hinsvegar telur nefndin óhætt að hækka tóbakstollinn upp í 850 þús. kr. Þessi tollur virðist sæmilega fastur tekjustofn, og síðastl. ár nam hann 898 þús. kr.

Kaffi- og sykkurtollur hefir reynst mjög svipaður síðastl. 4 ár. Numið um 1100 þús. kr. árlega. Leggur nefndin til að hækka liðinn um 50 þús. kr.

Einnig telur nefndin, að vörutollinn megi hækka um 50 þús. kr. Síðasta ár nam hann 1127 þús. kr. Og þar sem það ár verður alls eigi talið betra en í meðallagi, virðist þessi hækkunartillaga nefndarinnar gætileg.

Árin fyrir 1927 gaf vörutollurinn að meðaltali síðustu 5 árin 1500 þús. kr. En 1926 var gengisviðaukinn feldur niður af vörutollinum, og tollurinn auk þess lækkaður og niður feldur af nokkrum vörutegundum.

Þá lítur nefndin svo á, að verðtollurinn sje til muna of lágt áætlaður. Breytingar á tollinum, að miklu leyti til lækkunar, gengu í gildi í ársbyrjun 1927. En það ár nam þó tollurinn 926 þús. kr. Nefndin leggur til, að áætlun á þessum lið sje færð upp í 825 þús. kr., og telur það sæmilega varlegt. Aftur á móti leggur nefndin til, að póstkjör sjeu lækkaðar um 25 þús. kr. Styður hún þá tillögu sína við nýfengna tekjuáætlun frá aðalpóstmeistara. Áætlar hann tekjurnar þar 464 þús. kr. fyrir árið 1929, og sýnist nefndinni rjett, með hliðsjón af því, að lækka tekjuáætlunina svo sem áður er sagt.

Nefndin telur einnig, að tekjur af véneinkasölu ríkisins sjeu of hátt áætlaðar. Tekjuáætlun undanfarandi ára af þessum lið hefir mjög brugðist. Árið 1926 reyndust tekjurnar aðeins 200 þús. kr., og 1927 300 þús. kr. Sýnast engin lík-

indi benda til, að meiri hagnaðar sje að vænta af einkasölunni 1929 en síðastl. ár. Hinsvegar hefir forstöðumaðurinn ekki talið líklegt, að tekjurnar yrðu minni. Leggur nefndin því til, eftir tillögum hans, að tekjuáætlunin færist niður í 300 þús. krónur.

GJALDABÁLKURINN.

12. gr.

Nefndinni hefir þótt rjett að breyta lítilsháttar athugasemdinni við ferðastyrk augnlæknanna. Miðar breytingin að því að fastákveða takmörk umdæma þeirra og er gerð í samráði við augnlækninn í Reykjavík.

Undanfarin ár hefir verið starfað að viðbótarbyggingu við geðveikrahælið á Kleppi. Í fjárlögum yfirstandandi árs eru veittar til þess 100 þús. krónur, og var búist við, að sú fjárveiting mundi nægja til þess að fullgera bygginguna, svo hún gæti tekið á móti sjúklingum. En nú hefir bæði landlæknir og ríkisstjórnin tjáð nefndinni, að enn vantaði sje til að fullgera spítalann, og stjórnin upplýst, samkvæmt álitu húsameistara ríkisins, að 50 þús. kr. fjárveiting mundi þurfa til að fullgera bygginguna þannig, að hún yrði að fullu nothæf. Hefir stjórnin jafnframt óskað þess, að nefndin tæki þessa upphæð í fjárlagafrumvarpið 1929, með það fyrir augum, að gengið yrði til fulls frá byggingunni komandi sumar.

Nefndin telur það óhjákvæmilega nauðsyn að fullgera byggingu þessa þegar í sumar. Úti um land bíður mesti fjöldi sjúklinga eftir inntöku á geðveikrahælið, og má óhætt fullyrða, að mestu vandræði stafa af geymslu þeirra fyrir hlutaðeigendur. Enda hefir staðið svo lengi á að koma byggingunni upp, að vandræði mættu teljast, yrði það að dragast lengur.

Nefndin leyfir sjer því að leggja til, að 50 þús. kr. sjeu veittar í þessu skyni, og leggur jafnframt áherslu á, að byggingunni sje lokið þegar á sumri komandi.

Í sambandi við þessa tillögu þarf vitanlega að hækka rekstrarstyrk hælisinga fyrir 1929. Leitaði nefndin tillagna geðveikralæknisins á Kleppi um það, hve miklu sú hækkun mundi nema. Kvaðst hann eigi treysta sjer að gera ákveðnar tillögur þar að lútandi. Óvist hvað margir sjúklingar bættust við 1929, og ekki til fulls hægt að gera sjer grein fyrir, hverjar rekstrarbreytingar kynnu að koma fram í sambandi við aukninguna. Nefndin varð því eftir föngum að gera áætlun um hækkun rekstrarkostnaðarins. Hafði að miklu leyti hliðsjón af undanfarandi rekstrarkostnaði við hælið, með það fyrir augum, að 80 nýir sjúklingar bættust við. Rennir hún að visu nokkuð blint í sjóinn um það atriði, en telur þessa áætlun þó sennilega, og miðað við þessa sjúklingafjölgun gerir nefndin ráð fyrir, að láta mundi nærri, að hækka þyrfti rekstrarstyrkinn um 40 þús. kr., og gerir það að tillögu sinni.

Landlæknir kom á fund nefndarinnar til viðtals um byggingu læknisbústaða og sjúkrahúsanna. Gaf skýrslu um, hverjir sótt hefðu um styrk til slíkra bygginga, og óskaði eftir, að nefndin legði til að veita 23 þús. kr. í þessu skyni.

Nefndin sjer sjer eigi fært að bera fram hærri tillögu að þessu sinni í aðurnefndu augnamiði en 18 þús. kr., sem sundurliðast þannig:

Til Reykhólahjæraðs	7000 kr.
— Stykkishólmsbjæraðs	8000 —
— sjúkrahússins í Vestmannaeyjum..	3000 —

Í Reykhólahjæraði virðist loks fengið fult samkomulag hjæraðsbúa um læknisbústaðinn, sem sje á Reykhólum, og horfur fyrir, að staðurinn fáist — með eignarnámsheimild, ef ekki tekst öðruvísi. Byggingin er áætlað, að kosta muni 21 þús. kr.

Stykkishólmsbúar vilja reisa hjá sjer sjúkraskýli, er rúmi 8 sjúklinga. Áætlun um kostnaðinn er 24 þús. kr., og vissa fyrir, að hjæraðsmenn hafa sinn hluta af byggingarkostnaðinum handbæran.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja sækir um 20 þús. kr. styrk úr rikissjóði til að útbúa spítalann þar með Röntgenáhöldum og ljóslækningatækjum.

Samkvæmt meðfylgjandi áætlun er talið, að Röntgenáhöldin muni kosta um 10 þús. krónur. Ummæli landlæknis viðvíkjandi þessu erindi hljóða svo:

»Röntgentækin bráðnaðsynleg.

Ljóslækningastofa er til í Eyjunum — mjög góð«.

Leggur landlæknir til, að ríkið leggi fram $\frac{1}{3}$ af kostnaði við kaup á Röntgentækjunum. Fellst nefndin á það og leggur til, að veittar sjeu 3000 kr. í þessu skyni, eins og áður segir.

Dómsmálaráðherra þar þá ósk fram í nefndinni, fyrir tilmæli prófessoranna við læknadeild háskólans, að nefndin tæki upp í fjárlagafrumvarpið styrk til 3 lækniskandidata, til ársdvalar á spítölum hjer á landi, 1200 kr. til hvers um sig. Hafði komið til orða, að Danir veittu lækniskandidötum hjeðan ókeypiss ársdvöl á spítölum slnum. En talið heppilegra, að þeir þyrftu eigi að vera bundnir við danska spítala, og því farið fram á þennan styrk. Nefndin fellst á að taka upp 3600 kr. fjárveiting í þessu skyni, en vill þó ekki einskorða veitinguna við spítaladvöl hjer á landi.

Samkvæmt skýrslu landlæknis er nú svo komið, að mjög fáir geitnasjúklingar munu vera til hjer á landi. Og enginn sjúklingur hefir gefið sig fram til lækninga síðastl. ár.

Telur nefndin, að fengnum þessum upplýsingum, að liðinn til geitnalækninga megi lækka um 1000 kr.

13. gr.

Nefndin var eindregið þeirrar skoðunar, að nauðsynlegt væri að hækka til muna framlög til brúagerða, nýrra símalagninga og vitabygginga. En meiri hluti nefndarinnar taldi þó rjett að fresta við þessa umræðu að bera fram tillögur til hækkunar þessum liðum, svo sem fyr er vikið að, þar til betur kæmi í ljós, hvaða stefnu þingið tekur gagnvart þeim tekjuaukafrumvörpum, er fyrir liggja. Væntir meiri hluti nefndarinnar, samkvæmt þessu, að geta borið fram breytingartillögur við nefnda gjaldaliði við þriðju umræðu fjárlagafrumvarpsins í neðri deild, og geymir allar athuganir að þeim lútandi þangað til.

Nefndin leggur til, að tillag til akfærra sýsluvega verði hækkað um 5 þús. krónur. Hefir eftirspurn eftir þessu fje verið ákaflega mikil. Enda þörfin fyrir aukning sýsluveganna úti um landið afarbrýn. Og enn má bæta við, að þar sem

hjeruðin leggja fram helming á móts við ríkissjóðstillagið, miðar vegagerðum til-
tölulega vel áfram fyrir fjárveiting á þessum lið.

Eftir tillögum vitamálastjóra hefir stjórnin tekið upp í fjárlagafrumvarpið
árstillag til »International Hydrographic Bureau« í Monaco. Stofnun þessi hefir
að markmiði samvinnu milli allra siglingaþjóða um það, er á einhvern hátt má
lúta að tryggingu sjómanna.

Þó nefndin vilji á engan hátt draga í efa, að stofnun þessi kunni að vera
góð og gagnleg, verður hún að telja meira en vafasamt, að við getum vænst
mikils hagnaðar beint eða óbeint af að ganga í samband þetta, enda greiður að-
gangur að skýrslum þess, einnig fyrir þá, sem utan við standa. Og þar sem ár-
gjaldið er allverulegt, 4000 gullfrankar, vill nefndin leggja til, að fjárveiting þessi
verði að sinni feld niður.

14. gr.

Sem venja er til, lágu fyrir nefndinni skriflegar tillögur frá biskupi um
húsabætur á prestssetrum. Einnig kom biskup að máli við nefndina og skýrði
fyrir henni fyrirætlanir sínar og tillögur í því máli. Í fjárlögum 1928 er ætl-
að til þessa 24 þús. kr., og fór biskup fram á, að sú upphæð hækkaði um eitt þús. kr.
fyrir árið 1929, en nefndin sá sjer ekki fært að verða við þeirri ósk. Á árinu 1929
er ráðgert að verja til byggingar á eftirtöldum prestssetrum sem hjer segir:

Til Æsustaða í Húnavatnssýslu kr. 8000, til Saurbæjar í Eyjafirði kr.
5000 (viðbótarstyrkur), til Steinness í Húnavatnssýslu kr. 5000 (viðbótarstyrkur),
og eru þá eftir 2000 kr., er ganga sem viðbótarstyrkur til Skeggjastaða í Norður-
Múlasýslu eða Ofanleitis í Vestmannaeyjum.

Biskup gat þess, að nú væru 76 prestssetur sæmilega húsuð, en um 15,
sem búast mætti við, að byggja þyrfti upp á næstu árum, og færu þá í það 10
til 12 ár með svipuðum styrk og hjer er gert ráð fyrir.

8. lið þessarar greinar í fjárlagafrv. stjórnarinnar, »Til ýmsra útgjalda«,
hefir nefndin lagt til að fella niður, með því að henni var ekki að fullu ljóst,
til hvers honum skyldi verja, enda telur rjett, ef þar er um að ræða útgjöld til
ýmsra ákveðinna framkvæmda, að þau sjeu greind sundur og með ákveðinni
upphæð á viðkomandi lið.

Námsstyrkinn til háskólanemendanna hefir stjórnin hækkað um 2000 kr.
frá síðustu fjárlögum, og fá þar með fleiri nemendur styrk en áður. Sömuleiðis
hefir hún hækkað kenlulaun Trausta Ólafssonar við háskólann um 1000 kr.
Hefir nefndin látið hvorttveggja standa óhaggað.

Liðinn til stundakenslu og prófdómenda við mentaskólann hefir stjórn-
in lækkað um 4500 kr. Við honum hefir nefndin ekki hreyft, en vill þó láta
þess getið, að hann muni reynast of lágur, ef ekki verður á einhvern hátt unt
að draga úr hinum mikla nemendafjölda við skólann.

Styrkinn til verklega námsins við bændaskólann á Hvanneyri hafði
stjórnin hækkað frá síðustu fjárlögum, eftir beiðni skólastjórans þar, um 1450
kr. Voru 800 kr. af því ætlaðar til þess að launa verkstjóra við kenluna. Þá
upphæð (800 kr.) hefir nefndin felt niður. Áltur hún sanngjarnt, að skólastjóri
kosti sjálfur verkstjórnina, þar sem honum er reiknuð vinnan (jarðabæturnar)

til tekna upp í afgjald jarðarinnar. Aftur á móti leggur nefndin til, að skilyrði fyrir styrknum sjeu, að nemendur stundi minst 8 vikna jarðyrkjunám, og færir styrkinn til nemendanna úr 12 upp í 18 kr. á viku, eins og skólastjóri leggur til. Af þessum ástæðum hækkar hún styrkinn til nemenda á Hvanneyri úr 1650 í 2000, og nemenda á Hólum úr 1000 í 1450.

Við hina almennu barnafræðslu hefir nefndin gert nokkrar breytingartilögur. Höfðu útgjöld til hennar verið hækkuð nokkuð í fjárl.frv. frá því, sem verið halði í síðustu fjárlögum, og sá nefndin sjer þó ekki fært annað en hækka enn nokkuð þá upphæð, eftir að hafa fengið upplýsingar hjá fræðslumálastjóra um hinn raunverulega kostnað við einstaka starfsliði. Leggur hún því til, að liðurinn »Til prófdómara við barnapróf« verði hækkaður úr 4000 kr. upp í 10000, og mun sist of hátt áætlað. Er sá kostnaður nú, vegna hinna nýju fræðslulaga, miklu meiri en áður, þar sem 1) miklu fleiri börn eru prófskyld en áður, 2) skipa verður sjerstaka prófara þar, sem ekki er skipaður sjerstakur kennari, og 3) að nú hafa prófdómendur 6 kr. á dag auk dýrtíðaruppbótar.

Aftur á móti leggur nefndin til, að feldur verði niður liðurinn »Til kenlubóka fyrir barnaskóla 1500 kr.«, þar sem henni virtist það helst geta beðið af þeim hækunarupphæðum, sem nú bætast á þennan kafla fjárlaganna.

Þá hefir nefndin lagt til, að styrkur sá, sem veittur er til að byggja unglingaskóla í sveitum, hækki úr $\frac{2}{5}$ kostnaðar í $\frac{1}{2}$. Lítur nefndin svo á, að skólar þessir sjeu mjög hliðstæðir heimavistarbarnaskólum í sveit, sem nú njóta byggingarstyrks í sama hlutfalli, og að nauðsyn þessara skóla sje engu minni en hinna. Til þessa hefir það verið svo, að flestir sveitaunglingar, sem hafa viljað afla sjer framhaldsnáms eftir ferminguna, hafa orðið að flýja á náðir kaupstaðanna í þeirri leit. Hafa margir horfið úr sveitunum af þeim orsökum, en ekki komið aftur að náminu loknu, og þetta þannig orðið ein af ástæðunum fyrir því, hve sveitunum helst illa á æskulýðnum. Er því brýn nauðsyn á að sjá fyrir þessum þörfum unglínganna heima í sveitunum sjálfum, enda viðurkent, að góður ungmennaskóli sje hverju hjeraði hið mesta menningarból. Hinsvegar ern erfíðleikar hjeraðanna á að standa straum af byggingarkostnaði skólanna að slunum hlut það miklir, að engin ástæða er til að hræðast það, að fleiri skólar verði reistir en brýnasta nauðsyn ber til. Styrkinn til skólabygginga hefir nefndin þó ekki hækkað, þar sem enn mun mjög á reiki nm framkvæmdir á þessu sviði næstu árin. Í samræmi við þetta hefir meiri hl. nefndarinnar lagt til að hækka byggingarstyrkinn til húsmæðradeildarinnar við alþýðuskóla Þingeyinga úr 11 þús. kr. í 13 þús., sem svarar úr $\frac{2}{5}$ í $\frac{1}{2}$ byggingarkostnaðar. Þá varð nefndin og ásátt um að hækka styrkhlutfallið til steinsteypra sundlauga og sundskýla í sveitum úr $\frac{1}{5}$ í $\frac{1}{2}$, til samræmis við styrk þann, er neðri deild hefir samþykkt til sundhallarinnar í Reykjavík, og nm leið hækkað upphæðina úr 4000 kr. upp í 10000 kr.

Einum nýjum lið hefir nefndin bætt við B. XVII. Er það 1000 kr. styrkur til Sigurbjargar Sveinsdóttur, til verklegs náms erlendis. Var Sigurbjörgu veittur þessi styrkur í fjárlögum fyrir 1922, en veiktist þá og gat ekki notað hann. Nú hefir Sveinn Björnsson sendiherra lofað að útvega henni dvalarstað á heimili fyrir blindar stúlkur í Danmörku, ef styrkur þessi fengist. Er stúlka þessi, að öðru

en sjónleysinu, ágætlega gefin, og má því vænta góðs árangurs af námi hennar. Ef hún aftur á móti fær ekki þennan styrk, eru henni öll sund lokuð.

Nefndinni hafði borist mesti urmull beiðna um námsstyrki frá mönnum, sem ýmist dvelja við nám erlendis eða hugsa til utanferða, svo að numið hefði tugum þúsunda, ef hún hefði orðið við þeim óskum. En þar sem engin tók voru fyrir hana á því að greina milli þarfa og verðleika styrkbeiðenda, tók hún þann kostinn að láta eitt yfir alla ganga og gera ekki tillögur um erindin. Nefndin gerir þetta engan veginn með glöðu gleði, þar sem hún er þess fullviss, að hagar margra þessara manna er mjög þröngur, og hinsvegar enginn vafi á, að hjer er um marga efnismenn að ræða. En hún litur svo á, að Alþingi geti ekki gengið út á þá braut að veita slíka styrki ótakmarkaðri tölu námsmanna, með því að það gæti orðið til þess að auka að mun hinn mjög svo varhuga-verða straum, sem orðinn er hjedan að ýmiskonar háskólanámi, sem að engu leyti stendur í sambandi við eðlilegar þarfir þjóðarinnar um sjerþekkingu í þeim greinum og engar vonir eru um, að veiti viðkomandi mönnum lífsframfæri að því loknu.

Vilji þingið styðja þessa námsmenn fram yfir það, sem nú er samkvæmt 14. gr. B. II, þá virðist rjettast að hækka heldur þá upphæð, sem þar er veitt til námsstyrks erlendis, svo að stúdentar geti vitað fyrirfram, hvers má vænta í þessu efni og hagað sjer eftir því.

15. gr.

Við 15. gr. hefir nefndin komið fram með hækkunartillögur, sem nema kr. 5800. Af því eru 1500 kr. til Alþýðufræðslu stúdentafjelagsins, sem stjórnin hafði ekki tekið upp í fjárl.frv. Álltur nefndin, að stúdentafjlagið vinni þarft verk með þessari starfsemi sinni og getur ekki sætt sig við, að fjárveiting þessi falli niður. Þá hefir hún einnig tekið upp nýjan lið, til Færeyaafjelagsins »Gríms Kambans«, að upphæð 300 kr. Fjelag þetta er stofnað til þess að vinna að menningarsambandi á milli Færeya og Íslands, og telur nefndin það því fyllilega þess vert, að Alþingi votti því samúð sína, en annað eða meira er þessi litli styrkur ekki.

Að síðustu leggur nefndin til, að veittar verði 4000 kr. til orðabókar Sigfúsar Blöndals. Barst nefndinni beiðni frá frú Björgu Þorlákssdóttur um styrk til orðabókarinnar margfaldan á við þetta. Sá nefndin sjer ekki fært að taka annað af honum til greina en þetta, sem ásamt 8000 kr., er lofað hefir verið á móti úr rikissjóði Dana, er greiðsla til orðabókarsjóðsins á láni, sem veitt var úr honum, til þess að hægt væri að greiða til fulls kostnað við útgáfu bókarinnar samkvæmt fyrirframgerðum samningi.

16. gr.

Útgjöld samkv. 16. gr. leggur nefndin til, að hækki um 151500 kr. Eru breytingartillögurnar þessar:

17. liðinn, »til bryggjugerða og lendingabóta«, hefir nefndin lækkað úr 15000 kr. í 12000. Liggja ekki fyrir beiðnir um styrkveitingu til þeirra nema frá tveim stöðum, Skálum á Langanesi, áætlað 30000, og Flatey á Skjálfanda, áætlað 5400 kr.

Þriðji hluti af þessu verður 11800 kr., og er því fjárveiting sú, er nefndin ætlar, nægileg.

Styrkurinn til Búnaðarfjelagsins lækki um 10 þús., sem í rauninni er aðeins tilfærsla, þar sem í staðinn koma 10 þús. kr. til hafrásáninga, eins og í fjárlögum fyrir árið 1928. Þar sem ætlast er til, að B. F. Í. hafi starfsemi þessa með höndum, feldi stjórnin liðinn inn í heildarupphæðina til fjelagsins. En nefndin óskaði þess samt, að liður þessi stæði heldur sjerstakur eins og áður. Gjöldin samkvæmt II. kafla jarðræktarlaganna hefir nefndin hækkað úr 140 þús. kr. upp í 260 þús., sem er því sem næst sama upphæðin og greidd hefir verið fyrir jarðabætur unnar árið 1926, og mun því sist of hátt áætlað.

Laun dýralækna hefir nefndin hækkað úr 10000 kr. í 17000, sem er hin raunverulega upphæð samkv. launalögum. Þá hefir hún bætt við nýjum lið, til vatnsrenslismælinga, 2000 kr. Upphæð þessi hefir staðið í fjárlögum til þessa og verið varið til að mæla vatnsmagn í ýmsum straumvötnum landsins. Eru mælingar þessar nauðsynlegur undirbúningur undir vatnsvirkjanir, sem vafalaust verða gerðar hjer í framtíðinni, og telur nefndin sjálfsagt, að þeim sje haldið áfram.

Þá leggur nefndin til, að hækkaður verði ferðakostnaður og skrifstofufje húsagerðarráðunauts bænda. Barst nefndinni erindi frá Jóh. Fr. Kristjánssyni, er nú hefir starf þetta með höndum, og fór hann fram á launahækkun og aukið starfsfje, þar sem ferðakostnaðar- og skrifstofufje það, er hann nú hefir, nægði hvergi til að fullnægja þörfum og beiðni bænda um leiðbeiningar og teikningar eftir að byggingar fóru að aukast aftur eftir kyrstöðu strlðsáranna, og þó einkum síðan ræktunarsjóðurinn tók til starfa. Þó að nefndin hafi ekki orðið við beiðni hans um launaviðbótina, álitur hún, að ekki verði komist hjá því að tvöfalda upphæðina til ferðalaga og skrifstofukostnaðar, og leggur til, að hann verði 2000 kr. í stað 1000.

Þá hefir nefndin tekið inn nýjan lið til brimbrjótsins í Bolungavík, 17500 kr., eða sömu upphæð og veitt var í síðustu fjárlögum. Kom á síðasta þingi beiðni frá hreppnum um 35 þús. kr. styrk, gegn jafnmiklu framlagi frá honum. Veitti síðasta þing helming þeirrar upphæðar. Sá nefndin sjer ekki annað fært en að verða við beiðni hreppsþúa um viðbót þessa nú, í þeirri von, að með henni takist að reka smiðshöggjð á þetta fræga verk.

Að síðustu leggur nefndin til, að 7000 kr. verði veittar Gerðahreppi til lendingarbóta í Gerðavör, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar frá. Hjer er að visu raskað þeim blutföllum, sem venja hefir verið að fylgja um styrkveitingar til lendingarbóta. En nefndin sá sjer ekki annað fært en að geia hjer undanþágu frá reglunni, þar sem engin tók mundu vera á því fyrir hreppinn að framkvæma verkið að öðrum kosti. Eru ástæður hans mjög bágbornar, eins og kunnugt er, þar sem á honum hvílir m. a. 40 þús. kr. hallærislán, sem hann hefir ekki getað greitt vexti af tvö undanfarin ár. Ómegð og sveitarþyngsli eru þarna afar mikil, en gjaldþol litið, og hvílir það að mestu á ca. 90 vinnufærum karlmönnum. Eitt aðalmeín hreppsþúa er lendingarleysið, sem varnar þeim mjög sóknar á hin fiskisælu mið úti fyrir. Nú hefir legið fyrir nefndinni kostnaðaráætlun og lýsing frá vitamálastjóra á sjóvarnargarði, sem hugsað hefir verið til

að gera norðanvert við Gerðavör til varnar sjógangi, og lítur nefndin svo á, að garður þessi yrði til mikilla bóta. Kostnaðarverð hans er áætlað 28000 kr. Er það því tillaga nefndarinnar, að veitt verði til þessa verks 7000 kr. í þessum fjárlögum, gegn jafnmiklu annarsstaðar frá, svo að hægt verði að byrja á verkinu. Gerir hún það í þeirri von, að með mannvirki þessu verði unt að reisa sveitarfjlagið við og bjarga þar með fje því, er landið á hjá þessum bágstöddu mönnum.

17. gr.

Við henni hefir nefndin ekki hreyft annað en það að hækka styrkinn til Stórstúkunnar um 2000 kr. og nema burtu ákvæðið um, hvernig hún skuli verja hluta af honum. Hafði Stórstúkan sótt um 30 þús. kr. styrk til útbreiðslustarfssemi, en nefndin sá sjer ekki fært að leggja til hærri fjárveitingu en þetta, enda þótt fjelagsskapur þessi sje góðs maklegur.

18. gr.

Á henni hafa litlar breytingar orðið. Hans Hannesson póstur er dáinn, og fellur nafn hans burt, en Friðrik Jónsson póstur frá Helgastöðum í Þingeyjarsýslu hefir verið tekinn upp með sömu upphæð, 300 kr. Þá leggur nefndin til, að Þorleifi Jónssyni póstmestara verði veitt 1200 kr. eftirlaun, þaræð hann hefir í hyggju að sækja um lausn frá embættinu um næstu áramót. Sendi hann þinginu beiðni um 3000 kr. eftirlaun. Þorleifur er nú bráðum 73 ára og befir starfað við pósthúsið síðan um aldamót og gegnt þar ábyrgðarmiklu starfi, lengst af við lítil laun. Nú hrekkur lífeyrir sá, er hann fær úr lífeyrissjóði, engan veginn til framfæris honum, svo að nefndinni þótti sanngjarnt að verða við beiðni hans að nokkrum hluta, þótt hún ekki gæti tekið hana til greina að fullu.

22. gr.

Þar hefir nefndin lagt til, að sett verði heimild til stjórnarinnar að lána úr viðlagasjóði alt að 30 þús. kr. til mjólkurniðursuðuverksmiðjunnar Mjallar í Borgarnesi. Lánið veitist með 5% til 20 ára, gegn ábyrgð viðkomandi sýslunefnda. Verksmiðja þessi er eina mjólkurniðursuðuverksmiðjan á landinu og því eina tilraunin, sem enn hefir verið gerð til þess að forða landinu frá þeim miklu útgjöldum, sem það til þessa hefir haft og hefir enn af innflutningi erlendrar dósamjólkur. Fyrirtæki þetta á við mikla fjárhagsörðugleika að etja, sökum þeirra byrjunarörðugleika, sem öll slík brautryðjandi fyrirtæki hjer á landi lenda í — fyrst og fremst, — þar sem alt verður að byggja frá grunni og þreifa sig áfram með smátt og stórt, og í öðru lagi vegna bruna verksmiðjunnar á Beigalda og flutnings og endurbyggingar í Borgarnesi, og í þriðja lagi vegna hins mikla verðfalls, sem orðið hefir frá því að til hennar var stofnað og til þessa dags.

Hinsvegar virðist mega vona, að nú sje sú reynsla fengin um þessa hluti, að fyrirtækinu megi teljast nokkurnvegin borgið, ef það ekki strandar á þessu skeri — fjeleysinu. — Lítur nefndin svo á, að hjer sje um svo stórþarft fyrirtæki að ræða, bæði fyrir viðkomandi bjerað og landið í heild, að rjett sje

að hjálpa því fram úr þessum örðugleikum, með því að veita því hið umbeðna lán.

Alþingi, 23. febr. 1928.

Porleifur Jónsson, Ingólfur Bjarnarson,
form. fundaskrifari og frsm. fyrri hlutans.
Bjarni Ásgeirsson,
frsm. síðari hlutans.
Magnús Torfason. Haraldur Guðmundsson.

Auk þess, sem við áskiljum okkur rjett til að bera fram breytingartil-
lögur til lækkunar við nokkra liði fjárlagafrv. nú við 2. umr., viljum við, í tilefni af
því, sem tekið er fram í nefndarálitinu, láta þess getið, að við munum við 3. umr.
bera fram tillögur um hækkun fjárframlaga til verklegra framkvæmda (samgöngu-
bóta), jafnvel þó af því kunni að leiða nokkurn áætlaðan tekjuhalla á fjárlaga-
frv., með því að við litum svo á, að þessar framkvæmdir sjeu miklum mun
hýnni og eigi að ganga fyrir þeim framkvæmdum, sem stjórnin leitar nú heim-
ildar fyrir hjá þinginu með sjerstökum lögum og nema margfalt hærri upphæð.

Jón Sigurðsson. Pjetur Ottesen.

Nd.

294. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1929.

Frá fjárveitinganefnd.

1.	Við	2. gr. 1. (Fasteignaskattur):	
		Fyrir »230000« kemur	240000
2.	—	2. — 2. (Tekju- og eignarskattur):	
		Fyrir »800000« kemur	850000
3.	—	2. — 5. (Erfðafjárskattur):	
		Fyrir »20000« kemur	35000
4.	—	2. — 11. (Útflutningsgjald):	
		Fyrir »900000« kemur	950000
5.	—	2. — 12. (Áfengistollur):	
		Fyrir »500000« kemur	325000
6.	—	2. — 13. (Tóbakstollur):	
		Fyrir »700000« kemur	850000
7.	—	2. — 14. (Kaffi- og sykurtollur):	
		Fyrir »1000000« kemur	1050000
8.	—	2. — 16. (Vörutollur):	
		Fyrir »1000000« kemur	1050000
9.	—	2. — 17. (Verðtollur):	
		Fyrir »600000« kemur	825000

19.	Við 2. gr.	19. (Pósttekjur):	
		Fyrir »475000« kemur	450000
11.	— 2. —	21. (Vineinkasala):	
		Fyrir 400000« kemur	300000
12.	— 12. —	5. c. (Augnlækningar). Athugasemdin orðist svo:	
		Ferðastyrkurinn skiftist að jöfnu milli augnlækis í Reykjavík, er hafi til yfirferðar svæðið milli Eski-fjarðar og Ísafjarðar, að báðum stöðum meðtöldum, og augnlækisins á Akureyri, er hafi hinn hlutann, frá Hólmavík til Norðfjarðar, enda hafi þeir dvöl a. m. k. á einni eða tveim höfnum í hverri sýslu.	
13.	— 12. —	11. B. 2. (Starfsmannatala á Kleppi):	
		Fyrir »55« kemur 48.	
14.	— 12. —	12. B. (Kleppur). Nýr liður:	
		Aukinn rekstrarkostnaður, sakir viðbótar við hæl-ið, að frádreginni meðgjöf með sjúklingum	50000
15.	— 12. —	15. a. Nýr liður:	
		Til að ljúka við byggingu Kleppsspítala	50000
16.	— 12. —	15. b. Tveir nýir liðir:	
		a. Styrkur til að reisa sjúkraskýli og lækisbústaði	18000
		b. Styrkur til þriggja lækisfræðikandidata til árs-dvalar á sjúkrahúsi, 1200 kr. til hvers... ..	3600
17.	— 12. —	15. j. (Geitnalækningar):	
		Fyrir »2000« kemur	1000
18.	— 13. —	B. VII. 1. (Sýsluvegir):	
		Fyrir »30000« kemur	35000
19.	— 13. —	E. I. 1. (Laun vitamálastjóra):	
		Fyrir »7600« kemur	7800
20.	— 13. —	E. V. d. (Hydrographic Bureau):	
		Liðurinn fellur niður.	
21.	— 14. —	A. b. 8. (Ýms kirkjumálaútgjöld):	
		Liðurinn fellur niður.	
22.	— 14. —	B. VIII. 1. c. 1. (Hólaskóli):	
		Fyrir »1000« kemur	1450
23.	— 14. —	B. VIII. 2. c. 1. (Hvanneyrarskóli):	
		Fyrir »2450« kemur	2000
24.	— 14. —	B. VIII. 2. c. 4. (Bændakensla). Athugasemdin:	
		Fyrir »6 vikur á ári« kemur 8 vikur á ári, og fyrir »12 kr.« kemur 18 kr.	
25.	— 14. —	B. XIII. 1. a. (Laun fræðslumálastjóra):	
		Fyrir »5800« kemur	5600
26.	— 14. —	B. XIII. 5. (Prófdómarar):	
		Fyrir »4000« kemur	10000
27.	— 14. —	B. XIII. 8. (Kenslubækur fyrir barnaskóla):	
		Liðurinn fellur niður.	

28.	Við 14. gr.	B. XIV. 3.	Fyrir: »reisa nýja hjeraðsskóla í sveitum, alt að $\frac{2}{5}$ kostnaðar, kemur: reisa hjeraðsskóla í sveitum, alt að helmingi kostnaðar.	
29.	— 14. —	B. XV. 4. Liðurinn orðist svo:	Til húsmæðrafræðslu við alþýðuskóla Þingeyinga, alt að $\frac{1}{2}$ byggingarkostnaðar	13000
30.	— 14. —	B. XVII. Nýr liður:	Til Sigurbjargar Sveinsdóttur, til verklegs náms á heimili fyrir blindar stúlkur erlendis	1000
31.	— 14. —	B. XVIII. 4. (Sundlaugar):	Á eftir »sundlaugar« kemur: og sundskýli. Í stað $\frac{1}{5}$ kostnaðar, alt að 4000« kemur: $\frac{1}{2}$ kostnaðar, alt að 10000.	
32.	— 15. —	4. a. (Náttúrufræðifjelagið):	Fyrir »þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið« kemur: Tillag.	
33.	— 15. —	14. Nýr liður:	Til Færeyjafjelagsins Grims Kambans	300
34.	— 15. —	20. (Saga Alþingis):	Fyrir »7025« kemur	6800
35.	— 15. —	23. a. (Bjarni Sæmundsson):	Fyrir »6700« kemur	6800
36.	— 15. —	35. a. (Einar Jónsson):	Fyrir »6700« kemur	6800
37.	— 15. —	37. Nýr liður:	Til alþýðufræðslu Stúdentafjelagsins í Reykjavík... Af þessu fje skal greiða stúdentafjelaginu á Akureyri 300 kr. til fyrirlestra í Norðlendingafjórðungi, en 400 kr. skal varið til fyrirlestra í Austfirðinga- og Vestfirðingafjórðungum, 200 kr. á hvorum stað.	1500
38.	— 15. —	38. Nýr liður:	Til orðabókarsjóðs hinnar íslensk-dönsku orðabókar, 4000 kr., að því tilskildu, að rikissjóður Dana leggi fram 8000 kr.	
39.	— 16. —	1. (Búnaðarfjelagið):	a. Fyrir »230000« kemur	220000
			b. Til tilraunastarfsemi um grasfræ- og hafrásáningu, alt að	10000
			Styrkur veitist af þessum lið eftir ákvörðun atvinnumálaráðuneytisins í samráði við Búnaðarfjelag Íslands.	
40.	— 16. —	4. (Jarðræktarlög):	Fyrir »140000« kemur	260000

41.	Við 16. gr. 8. a. (Dýralæknar):	
	Fyrir 10000 α kemur	17000
42.	— 16. — 8. c. Liðurinn orðist svo:	
	Til að rannsaka búfjárjúkdóma, enda sju skýrslur birtar um árangurinn	4000
43.	— 16. — 17. (Bryggjugerð og lendingabætur):	
	Fyrir »15000 α kemur	12000
44.	— 16. — 17. Tveir nýir liðir:	
	a. Til brimbrjóts í Bolungavík, gegn a. m. k. jafnmiklu framlagi annarsstaðar frá (lokastyrkur), alt að	17500
	b. Til lendingabóta í Gerðum í Garði, $\frac{1}{2}$ kostnaðar, fyrri fjárveiting, alt að	7000
45.	— 16. — 32. b. (Ferðakostn. og skrifstofufje leiðbeinanda við húsagerð):	
	Fyrir »1000 α kemur	2000
46.	— 16. — 34. Nýr liður:	
	Til vatnsrenslismælinga	2000
47.	— 17. — 10. (Stórstúkan):	
	a. Fyrir »10000 α kemur... .. .	12000
	b. Athugasemdin falli niður.	
48.	— 18. — II. f. 23. Nýr liður:	
	Til Þorleifs Jónssonar póstmeistara.. .. .	1200
49.	— 18. — II. b. 19. Nýr liður:	
	Ásta Einarson	600
50.	— 18. — II. f. 20. (Hans Hannesson póstur):	
	Liðurinn fellur niður.	
51.	— 18. — II. f. 23. Nýr liður:	
	Til Friðriks Jónssonar pósts	300
52.	— 18. — II. i 33. (Ásta Einarson):	
	Liðurinn fellur niður.	
53.	— 22. — 4. Nýr liður:	
	Alt að 30 þús. kr. til Mjólkurfjelagsins Mjallar. Lán-ið veitist til 20 ára með 5% vöxtum og sje trygt með ábyrgð blutaðeigandi sýslufjelaga.	

Nd.

295. Frumvarp

til laga um fiskiræktarfjelög.

Flutningsm.: Ingólfur Bjarnarson og Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

Heimilt er mönnum þeim, er veiðirjett hafa í sama fiskihverfi, að gera með sjer fjelagsskap um fiskirækt, á þann hátt, sem lög þessi mæla fyrir.

Fiskirækt er hverskonar aðgerðir, sem ætla má að skapi eða auki fiskimagn vatna, svo sem klak, innflutningur hroгна eða fiskiseiða, friðun á fiski, eyðing sels og annars veiðivargs.

Fiskihverfi er vatn það eða vötn, straumvötn, stöðuvötn eða hvortveggja, sem sami fiskistofn byggir og fer um fram og aftur, eða ætla má að fiskur byggji og fari um fram og aftur, þá er ræktaður hefir verið.

2. gr.

Nú vilja menn stofna fiskiræktarfelög við fiskihverfi, sem veiði er í, og skal þá kveðja til fundar eigendur allra þeirra jarða, þar sem veiði er stunduð eða hefir stunduð verið í því fiskihverfi, nema veiðirjettur sje með öllu skilinn frá landareign, og skal þá boða eiganda eða eigendur veiðirjettar. Ekki er þó skylt að boða þá til fundar, sem veiðirjett eiga í almenningum stöðuvatna, samkvæmt 126. gr. vatnalaga, nr. 15, frá 20. júní 1923, en skylt er að gera þeim kost á þátttöku, þegar felag hefir stofnað verið.

Þegar stofna á fiskiræktarfelag við fiskihverfi, sem áður er veiðilaust, skal kveðja til fundar alla þá, sem lönd eiga að fiskihverfinu.

Nú á felag land að fiskihverfi eða veiðirjett í því, og skal þá boða formann felags.

Til fundar skal boða skriflega og eigi síðar en 3 dögum fyrir fundardag.

3. gr.

Nú hefir verið boðað til fundar samkvæmt 2. gr., og skal á fundinum ræða stofnun felagsins og verkefni og bóka fundargerð.

Á fundinum hafa þeir einir atkvæðisrjett, sem boða skal samkvæmt 2. gr. Fela má öðrum umboð til þess að fara með atkvæðisrjett sinn á fundinum, enda sje umboðið skriflegt og þess getið í fundarbók.

Ef allir þeir, sem kvaddir eru til fundarins, samþykkja felagsstofnunina, má stofna felagið þegar, án frekari undirbúnings.

Nú verður felagið ekki stofnað á þessum fundi, og skal þá fundurinn kjósa nefnd, sem þúi málið undir annan fund. Skal nefndin semja frumvarp til samþykta fyrir felagið samkvæmt 7. gr., gera áætlun um kostnað þann, sem líklegt er, að starfsemi felagsins hafi í för með sjer, leita álits kunnáttumanna um það, sem þurfa þykir, og að öðru leyti afla þeirra gagna, sem fundurinn óskar eftir.

4. gr.

Nú hefir nefndin lokið störfum, og skal hún þá kveðja til fundar á ný samkvæmt 2. gr.

Á fundinum skal nefndin leggja fram öll þau gögn, sem hún hefir aflað. Skal þá enn ræða stofnun felagsins og taka ákvörðun um hana. Ef $\frac{2}{3}$ þeirra manna, sem kvaddir eru til fundar, samþykkja felagsstofnunina, skal öllum hinum skylt að gerast felagar. Um atkvæðisrjett og atkvæðagreiðslu fer eftir 7. gr. laga þessara.

5. gr.

Nú mæta ekki á fundi $\frac{2}{3}$ þeirra manna, sem boðaðir eru, nje umboðsmenn þeirra. Skal þá undirbúningsnefnd enn boða til fundar á hæfilegum fresti. Ef $\frac{2}{3}$ þeirra manna, sem á þeim fundi mæta eða senda þangað umboðsmenn, samþykkja fjelagsstofnunina, skal öllum öðrum, sem boðaðir hafa verið, skylt að gerast fjelagar.

6. gr.

Nú er jörð, sem land á að fiskisvæði fjelagsins, í byggingu með þeim kjörum, að landsdrottinn telur sjer ekki skylt að taka þátt í fjelagsskapnum, og getur þá stofnfundur úrskurðað, að leiguliði skuli gerast fjelagi í stað eiganda. Afl atkvæða ræður úrskurði. Skylt er landsdrottni, þegar leiguliði fer frá jörð, að greiða eftir mati þá veiðiaukningu, sem þá er orðin á jörðinni og þakka má starfsemi fjelagsins.

7. gr.

Nú er stofnun fjelags löglega ákveðin, og skal þá gera samþykkt fyrir fjelagið þegar á stofnfundi eða öðrum fundi boðuðum á sama hátt. Um samþykktina ræður afl atkvæða.

Í samþykkt fjelagsins skulu vera ákvæði um:

1. Nafn fjelags, heimilisfang og varnarþing.
2. Verkefni fjelags og fjelagssvæði.
3. Skipun fjelagsstjórnar og starfssvið.
4. Fundarhöld.
5. Reikninga fjelags og endurskoðun.
6. Hvernig fara skuli um greiðslur kostnaðar þess, sem starfsemi fjelagsins hefir í för með sjer.
7. Sektir fyrir brot á samþykkt fjelags.
8. Hvernig samþykkt fjelagsins verði breytt.
9. Hvernig fara skuli um fjelagsslit.

8. gr.

Kostnaði þeim, sem starfsemi fjelagsins hefir í för með sjer, skal jafna niður eftir áætluðu veiðimagni jarða þeirra, sem taka þátt í fjelagsskapnum. Samkvæmt þeirri meginreglu skal semja skrá, er sýnir hundraðshluta þann af kostnaði (stofnkostnaði og árskostnaði), sem hver fjelagsmaður á að greiða. Skrá þessa skal semja með hliðsjón af veiðiskýrslum undanfarandi ára, ef til eru, en annars eftir samkomulagi, og skal hún gilda um 5 ár, nema $\frac{2}{3}$ fjelagsmanna samþykki að gera hana að nýju, eða ráðherra skipi svo fyrir.

Gjaldskrá skal lögmætur fjelagsfundur samþykkja. Um hana ræður afl atkvæða.

9. gr.

Samþykkt, ásamt kostnaðaráætlun og gjaldskrá, skal fjelagsstjórnin senda ráðherra til staðfestingar. Ef samþykkt eða gjaldskrá þykja þannig úr garði gerðar, að þær verði ekki staðfestar, sendir ráðherra þær aftur til fjelagsstjórnar með athugasemdum um það, sem ábótavant þykir. Ella staðfestir hann

samþykkt og gjaldskrá, svo og er það hefir lagað verið, sem ábótavant þótti. Aldrei má samþykkt brjóta í bág við gildandi lög nje almennar grundvallar-reglur.

10. gr.

Nú verða eigendaskifti á jörð, sem er á fjelagssvæði, og er þá hinum nýja eiganda skylt að gerast fjelagi.

Nú er veiði hafin fyrir landi jarðar, sem liggur að fiskihverfi, er fiski-ræktarfjelag starfar við, en utan fjelagssvæðis, og er þá eiganda hennar eða ábúanda skylt að gerast fjelagi.

11. gr.

Heimilt er að taka í fjelag aðra menn en þá, sem skyldir eru til þátttöku samkvæmt lögum þessum, ef lögmætur fjelagsfundur samþykkir, enda sje inntökubeiðni g.tið í fundarboði.

12. gr.

Nú þykir æskilegt, að fjelag nái til fleiri en eins fiskihverfis, og er það heimilt, ef $\frac{2}{3}$ af eigendum þeirra jarða, þar sem veiði er stunduð í hverju fiskihverfi fyrir sig, samþykkja fjelagsstofnunina. Að öðru leyti fer um stofnun fjelagsins eins og sagt er í lögum þessum. Nú þykir æskilegt, að tvö fjelög eða fleiri sameinist í eitt, og er það heimilt, ef $\frac{2}{3}$ fjelagsmanna í hverju fjelagi samþykkja, enda mæli vatnaliffræðingur með því. Skal þá stofna eitt fjelag, er nái yfir svæði beggja fjelaganna, og fer um stofnun þess eins og segir í lögum þessum.

13. gr.

Gjöld fjelagsmanna, sem ákveðin eru samkvæmt staðfestri gjaldskrá, má taka lög taki, og eiga þau sama forgangsrjett í protabúi skuldunauts sem skattar eða gjöld til ríkisins.

14. gr.

Í samþykkt fjelags má ákveða, að brot á samþykkt varði alt að 200 króna sekt, er renni í fjelagssjóð.

Mál út af brotum á lögum þessum eða samþykkt fjelags skulu sæta sömu meðferð og almenn lögreglumál.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir ósk nefndar, sem stjórnir Búnaðarfjelags og Fiskifjelags Íslands skipaðu á síðastliðnu sumri, til þess að annast rannsóknir á veiðivötnum og leiðbeiningar um fiskirækt, og er það samið af ráðunaut nefndarinnar, Pálma Hannessyni.

Ástæður frumvarpsins eru þessar:

Allar þær rannsóknir, sem gerðar hafa verið á ósöltum vötnum hjer á landi, benda á það, að vötnin geti framfleytt miklu stærri fiskistofni en nú er í þeim. Þetta er og síst að undra, því að um margar aldir hefir veiði verið stunduð hjer af hinum mesta ránskap og hvorki vægt hrygnandi fiski nje ungvíði.

Reynsla erlendra þjóða sýnir og skýrt, að með klaki og skynsamlegum

veiðiaðferðum má auka fiskimagn vatna og veiði til mikilla muna. Meðal nágrannaþjóða vorra hefir laxfiskum og ýmsum vatnafiskum verið klakið út um 60—70 ára skeið, og þykir hafa orðið af því mikill árangur. Vjer Íslendingar erum því eftirbátar annara þjóða um þetta mál.

Á síðustu árum hefir vaknað mikill áhugi á fiskirækt víða um land. Klakstöðvar hafa verið reistar á ýmsum stöðum, en flestar eru þær af vanefnum gerðar og margar þeirra eru illa settar og óhaganlegar. Klakið hefir víðast verið haft í hjáverkum og stundað miklu miður en æskilegt er. Árangurinn hefir því víðast orðið litill eða enginn, og á mörgum þessara stöðva hefir klak lagst niður með öllu eftir 1 eða 2 ár. Ástæður þessa eru einkum tvær: Í fyrsta lagi hafa þær leiðbeiningar um þessi mál, sem menn hafa átt kost á, verið ófullnægjandi. Í öðrn lagi hefir skort samtök. Flestar klakstöðvarnar hafa verið reistar og reknar á kostnað einstakra manna. Útbúnaður og umhirða hefir því orðið síðri en skyldi.

Víða hefir verið reynt að koma á samtökum um klak og aðra fiskirækt, en óvíða tekist. Ekki svo mjög af því, að menn hafi verið áhugalausir um fiskiræktunina, heldur af hinu, að undirstöðu samtaka og fjelagsskapar hefir skort.

Nú hefir Búnaðarfjelag og Fiskifjelag Íslands tekist á hendur að veita leiðbeiningar um alt, sem að fiskirækt lýtur, og gera nauðsynlegar rannsóknir á vötnum. En með frumvarpi þessu þykir stefnt að hinu, að skapa undirstöðu undir samtök og fjelagsskap um fiskiræktina. Fiskirækt er í eðli sínu fjelagsmál, sem tekur til allra þeirra, sem veiðilönd eiga að vötnum þeim, sem hún starfar við, og er því aðeins örugg, að engir skerist úr leik. Aftur eru allmikil líkindi til þess, að ýmsir menn, sem hlut eiga að máli, vilji ekki bindast í fiskiræktarfjelag, annaðhvort til þess að komast hjá kostnaði þeim, sem það hefir í för með sjer, eða af því að þeir sjái sjer stundarhag í því að hlíta eigi samþykktum fjelagsins. Af þessum ástæðum hefir þótt nauðsynlegt að tryggja það, að ef ákveðinn meiri hluti manna, sem veiðilönd eiga að vötnum, vilji stofna fiskiræktarfjelög, þá sje hinn skylt að gerast fjelagar.

Frumvarp þetta er sniðið eftir XI. kafla vatnalaga nr. 15, frá 20. júní 1923, sem lýtur að vatnalögum. Fiskiræktarfjelögin eru náskyld fjelögum þeim, sem þar eru talin. Hefir því þótt rétt að láta þau hlíta meginreglum þeim, sem þar eru lögfestar. Ekki þótti fært að fella fiskiræktarfjelögin inn í þennan kafla vatnalaganna með viðauka við 99. gr. 1. lið, því að nauðsynlegt þótti að kveða skýrar á um sum atriði en þar er gert, svo sem fjelagssvæði og gjöld fjelagsmanna. Aftur á móti er felt ýmislegt, sem ekki þótti máli skifta.

Ed.

296 Frumvarp

til laga um samstjórn tryggingastofnana landsins.

Flutningsm.: Einar Arnason.

1. gr.

Almennar tryggingastofnanir, sem rikið rekur, stendur í ábyrgð fyrir

eða hefir yfirstjórn á, skulu mynda eina heild, er kallast Tryggingastofnun ríkisins. Skal hún hafa sameiginlega framkvæmdastjórn, eftir því sem við verður komið.

2. gr.

Samábyrgðin, sbr. lög nr. 22 1921, Brunabótafjelag Íslands, sbr. lög nr. 54 1915 og lög nr. 53 1919, og Slysatryggingin, sbr. lög nr. 44 1925, skulu vera sjálfstæðar deildir í Tryggingastofnun ríkisins og hafa þar aðskilinn fjárhag.

Almennar opinberar tryggingastofnanir, sem hjer eftir verða stofnaðar, skulu sem sjálfstæðar deildir vera undir Tryggingastofnun ríkisins, nema öðruvisi verði fyrir mælt í stofnlögum þeirra.

3. gr.

Fyrir Tryggingastofnun ríkisins skipar atvinnumálaráðherra forstjóra, sem jafnframt er framkvæmdarstjóri hvernar sjálfstæðrar deildar innan stofnunarinnar. Forstjórinn hefir að byrjunarlaunum 4000 kr. á ári, en launin hækka í þessari röð um 300, 300 og 400 kr. eftir 3, 6 og 9 ár upp í 5000 kr. Launin skulu greidd af deildum stofnunarinnar með þeirri upphæð hver, sem atvinnumálaráðherra ákveður. Á launin skal greiða verðstuðulsuppbót samkvæmt reglum launalaganna.

Forstjórinn er skyldur að setja veð fyrir fjárvörslu sinni, svo sem ráðuneytið kveður á um.

4. gr.

Um skipun gæslustjóra við Samábyrgðina fer eins og segir í 12. gr. laga nr. 23 1921, svo skulu og 2 meðstjórnendur skipaðir við Slysatrygginguna til 3 ára í senn.

5. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda 1. okt. 1928 um Slysatrygginguna og Brunabótafjelag Íslands, og frá sama tíma fellur niður hin sjerstaka framkvæmdarstjórastaða, sem um getur í 23. gr. laga nr. 54 1915, en lögin taka ekki til Samábyrgðarinnar fyr en núverandi framkvæmdarstjóri lætur af stöðu sinni.

6. gr.

2. málslíður 2. gr. laga nr. 44, 27. júní 1925, um slysatryggingar, er úr gildi feldur.

Greinargerð.

Eftir því sem hinum ýmsu stofnunum fjölgar, sem ríkið rekur eða hefir umsjón á, ber meiri nauðsyn til að koma þeim í betra skipulag en nú er, með því t. d. að flokka saman skyldar stofnanir og setja þær undir sameiginlega stjórn. Myndi það gera alt yfirlit glegggra og umsjón kostnaðarminni.

Með þessu frumv. er gerð tilraun í þessa átt, með því að taka 3 helstu tryggingarstofnanirnar og setja þær undir einn forstjóra. Mætti ef til vill bæta þar fleirum við nú þegar, svo sem Váttrygging sveitabæja og væntanlegum Búfjártryggingasjóði.

Verulegur sparnaður ætti að geta orðið að sameiningunni, með því að sameiginlegur rekstur þessara stofnana hlýtur að verða ódýrari en ef þær eru starfræktar hver í sínu lagi. — Starfsfólk þyrfti ekki eins margt, nota mætti sama húsnæðið, ljós og hita fyrir allar deildirnar o. s. frv.

Til frekari glöggvunar fylgir hjer yfirlit yfir rekstrarkostnað þeirra stofnana, er frumv. ræðir um, fyrir árið 1926.

Brunabótafjelag Íslands.

1. Laun framkvæmdarstjóra og starfsfólks ...	kr. 22499,44
2. Þóknun til umboðsmanna úti um land ...	— 13768,00
3. Húsaleiga	— 2400,00
4. Skrifstofukostnaður, ljós, hiti og ræsting ...	— 1651,52
5. Símakostnaður, prentun o. fl.	— 1798,81
	<hr/>
	Alls kr. 42117,77

Samábyrgðin.

1. Laun framkvæmdarstjóra og starfsmanna ...	kr. 15272,96
2. Þóknun til umboðsmanna úti um land ...	— 6636,33
3. Húsaleiga	— 1020,00
4. Hiti og ræsting... ..	— 288,50
5. Skrifstofukostnaður, prentun o. fl..	— 335,55
	<hr/>
	Alls kr. 23553,34

Slysatryggingin.

1. Laun stjórnar og starfsfólks	kr. 11200,00
2. Húsaleiga	— 720,00
3. Prentun	— 1368,90
4. Annar kostnaður	— 537,05
	<hr/>
	Alls kr. 13825,95

Ed.

297. Nefndarálit

um frv. til laga um eftirlit með verksmiðjum og vjelum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með nokkrum breytingum, sem að mestu mega teljast orðabreytingar, og verður gerð grein fyrir þeim í framsögu.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Eftirlitsskyld eru samkvæmt lögum þessum verksmiðjur, verkstæði og vinnustöðvar, þar sem þrír menn hið fæsta vinna saman að jafnaði, svo og eimkatlar og vjelar, hvorttveggja með þeim undantekningum, sem greinir í lögnum.

2. Við 2. gr. Fyrir »íðju« í 1. málslið komi: vinnu.
3. Við 3. gr. Fyrir orðin »fellur að öllu eða nokkru leyti undir lög þessia í 1. málslið komi: er eftirlitsskylt samkvæmt lögum þessum.
4. Við sömu gr. Fyrir orðin í niðurlagi greinarinnar »falla undir lögina eða verða undanþegið þeim« komi: háð eftirlitsskyldu eða vera undanþegið henni.
5. Við 6. gr. Síðari málsliður annarar málsgreinar orðist svo:
Loftrásir skulu vera í öllum vinnustofum, nægilegar til þess að halda þar góðu andrúmslofti, vjelknúðar ef nauðsyn krefur.
6. Við 10. gr. Orðið »sem« í 2. málslið falli burt.
7. Við 11. gr. Fyrir orðið »ganglimia í 2. málsgr. komi: hreyfhluta vjela.
8. Við sömu gr. Fyrir orðin í 4. málsgr. »lögum nr. 7, 15. júní 1926« komi: gildandi lögum.
9. Við 12. gr. Fyrir »ræstar« í 1. málsgr. komi: settar í hreyfingu.
10. Við 13. gr. Aftan við greinina bætist: Eimkatlar með lágþrýsting, sem notaðir eru eingöngu til hitunar íbúðarhúsa, eru undanþegnir eftirliti samkvæmt þessum lögum.
11. Við 15. gr. Aftan við orðið »gæslu« í 1. málsgrein komi: eftirlitsskyldra.
12. Við 17. gr. Fyrir orðin »vjel sbr. 10. gr.« í 1. málsgr. komi: eftirlitsskylda vjel.
13. Við 24. gr. Fyrir »svo getur skoðunarmaður« komi: svo getur skoðunarmaður og.
14. Við 28. gr. Fyrir »1. okt.« komi: 1. júlí.

Alþingi, 24. febrúar 1928.

Jón Baldvinsson,
form.

Ingvar Pálmason,
fundaskrifari.

Jón Þorláksson,
frsm.

Nd.

298. Frumvarp

til laga um löggilding verslunarstaða.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Í Bervík í Breiðuvíkurbreppi í Snæfellsnessýslu, í Dritvík í sama hreppi, á Broddanesi við Kollafjörð í Strandasýslu og á Vattarnesi í Suðurlandssýslu skulu vera löggiltir verslunarstaðir.

2. gr.

Verslunarlóðin á Vattarnesi nær yfir 500 metra strandlengju, frá Vattarnestanga vestur fyrir lendingu, en 180 metra á land upp frá flóðmáli í lendingu. Atvinnumálaráðuneytið ákveður takmörk hinna verslunarlóðanna,

samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birtir þau í B-deild Stjórnartíðindanna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi að því er Vattarnes snertir, en um hina staðina, þegar takmörk verslunarlóðanna eru birt samkv. 2. gr.

Ed.

299. Frumvarp

til laga um niðurlagning Þingvallaprestakalls.

Flutningsm.: Erlingur Friðjónsson og Páll Hermannsson.

1. gr.

Þingvallaprestakall er lagt niður.

2. gr.

Þingvallasókn legst til Mosfellsprestakalls í Mosfellssveit, en Úlfjótuvatnssókn til Arnarbælisprestakalls í Ölfusi.

3. gr.

Presturinn að Mosfelli tekur þegar við Þingvallasókn, en kirkjustjórnin sjer fyrir prestsþjónustu í Úlfjótuvatnssókn uns sameining hennar við Arnarbælisprestakall verður komið á.

4. gr.

Presturinn, sem fer frá Þingvöllum vegna niðurlagningar prestakallsins, fær sem biðlaun næstu fimm árin 2000 kr. á ári. Þessi launagreiðsla fellur þó þegar niður, ef presturinn fær veitingu fyrir öðru embætti.

5. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. júní 1928.

Greinargerð.

Það er talið líklegt, að nú þyki rjett að leggja niður Þingvallaprestakall, eins og ráðgert var, að komið gæti fyrir, þegar lög nr. 37 frá 1927 voru sett. Ákvæðin í frumvarpinu um sameining Þingvallasóknar við Mosfellsprestakall og Úlfjótuvatnssóknar við Arnarbælisprestakall eru og á þá leið, er þá var gert ráð fyrir.

Presturinn, sem verður að fara frá Þingvöllum, ef prestakallið yrði lagt niður, á ekki kröfu til biðlauna, en eftir atvikum, þar sem svo sjerstaklega stendur á, þykir ekki verða hjá því komist að greiða honum sem skaðabætur biðlaun eins og segir í frumvarpinu.

Nd. 300. Nefndarálit

um frv. til laga um fræðslumálanefndir.

Frá mentamálanefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 23. febr. 1928.

Ásgeir Ásgeirsson, form. og frsm.	Lárus Helgason.	Magnús Jónsson, með fyrirvara.
Sveinn Ólafsson.	Jóhann P. Jósefsson.	

Nd. 301. Breytingartillaga

við frv. til laga um fræðslumálanefndir.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Við 1. gr. Fyrsti málsliður orðast svo: Fræðslumálanefnd barnaskóla Íslands skipa þessir þrír menn: Fræðslumálastjóri, forstöðumaður kennaraskólans og einn maður, valinn af stjórn barnakennarafjelags Íslands.

Ed. 302. Nefndarálit

um frv. til laga um skiftingu Gullbringu- og Kjósarsýslu í tvö kjördæmi.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Fram til 1903 voru þjóðkjörnir alþingismenn 30 að tölu, og einungis einn þeirra kosinn í kaupstaðarkjördæmi (Reykjavík). Samtímis stjórnarskrár-breytingu þeirri, er flutti stjórnina heim til landsins, var bætt við kaupstaðina 4 nýjum þingmönnum (lög 3 okt. 1903) án þess að taka neitt þingsæti frá öðrum. Þar næst voru Vestmannaeyjar teknar í tölu kaupstaða 1918, og fylgdi þar með eitt þingsæti. Loks var bætt 2 þingsætum við kaupstaðina (Reykjavík) með lögum nr. 11 1920, einnig án þess að svifta eldri kjördæmin neinu þingsæti. Eru því 8 af núverandi 36 kjördæmakosnum þingmönnum kosnir í kaupstöðum.

Alpt. 1928. A. (40. löggjafarþing).

Þessi þingmannafjölgun er bein afleiðing af vexti kaupstaðanna. Árið 1916 voru íbúar kaupstaðanna allra 37474, og eru þá rúmlega 4680 kaupstaðarbúar um 1 þingmann, sem er nokkru fleira en í sveitakjördæmunum að meðaltali. Sje einum hætt við, verða sem næst 4170 kaupstaðarbúar um þingmann, og eftir fólkstölu einni saman ætti við nýja þingsæti að tilfalla Reykjavík, þar sem íbúatalan 1926 var 23224, og yrðu þó enn 4645 íbúar um hvern þingmann bæjarins. Hafnarfjörður hafði sama ár 3085 íbúa, og hefir því ekki eftir fólkstölunni sama rjett til að fá þingmann sem Reykjavík til að fá viðbótarþingmann.

En hjer kemur fleira til greina en íbúatalan ein. Þó rjett hafi þótt að fjölga þingmönnum kaupstaðanna, þá hefir aldrei þótt ástæða til að láta þá fjölgun haldast alveg í hendur við fólksfjölgunina. Og úr því það er ekki gert, þá verður alveg álitamál, hvort hæfilegt sje, að kaupstaðirnir hafi sem stendur 8 þingmenn eða einum fleira.

Algert nýmæli er það í frv. að fjölga þingmönnum kaupstaða á þann hátt, að taka þingsæti frá sveitakjördæmunum til þess. Það hefir aldrei verið gert. Ef farið er inn á þá braut, þá er mjög hætt við áframhaldi, svo framarlega sem kaupstaðirnir halda áfram að fjölga og stækka. Með þessari uppástungu er í rauninni stigið fyrsta sporið til að *fgtja þungamiðju valdsins úr sveitunum í kaupstaðina.*

Ef það yrði nú ofan á að stíga þetta afarvarhugaverða byrjunarspor, þá verður þó ekki komist hjá að líta á það, hvort sanngjarnt sje að taka þetta þingsæti frá Gullbringu- og Kjósarsýslu fremur en frá einhverju öðru sveitakjördæmi. Nú eru í landinu 6 tvímenningskjördæmi, önnur en Gullbr.- og Kjósarsýsla, og var íbúatalan 1926 þessi :

		á hvern þm.
Eyjafjarðarsýsla með Siglufirði	6672	3336
Suður-Múlasýsla	5679	2840
Árnessýsla	5235	2618
Skagafjarðarsýsla	4044	2022
Rangárvallasýsla	3650	1825
Norður-Múlasýsla	2923	1462

Í Gullbr.- og Kjósarsýslu utan Hafnarfjarðar voru á sama tíma 4286 íbúar. Vilji menn taka þingmann úr einhverju hinna núverandi tvímenningskjördæma til þess að gefa Hafnarfirði, þá má ekki taka hann úr Gullbr.- og Kjósarsýslu. Slíkt væri hreint ranglæti, þar sem 3 önnur tvímenningskjördæmi eru fámennari. Ekkert einmenningskjördæmi er nálægt því eins fjölment og Gullbr.- og Kjósarsýsla.

Jeg legg til, að frv. verði felt.

Alþingi, 24. febr. 1928.

Jón Þorláksson.

Nd. 303. Frumvarp

til laga um sölu prestssetursjarðarinnar Garða á Akranesi.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Að fengnu samþykki hlutaðeigandi sóknarprests, skal ríkisstjórninni heimilt að selja Ytra-Akraneshreppi í Borgarfjarðarsýslu prestssetursjörðina Garða á Akranesi ásamt þeim hjáleigum jarðarinnar, er ráðuneytið telur mega selja frá prestakallinu.

2. gr.

Um mat á því, er selt verður, og greiðslu kaupverðs fer eftir ákvæðum laga nr. 50, 16. nóv. 1907, um sölu kirkjujarða.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 304. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 48, 10. nóv. 1905, um bændaskóla.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Landsstjórninni heimilast, í samráði við stjórn Búnaðarfjelags Íslands, að gera þær bráðabirgðabreytingar á skipulagi bændaskólans á Hólum, sem hjer verða taldar:

- a. að auka svo að miklu nemi kröfurnar til verklegs náms nemendanna við jarðrækt, búfjárhirðing og önnur landbúnaðarstörf, enda sitji þeir fyrir inngöngu í eldri deild skólans, sem lokið hafa 8 vikna jarðyrkjunámi.
- b. að reka skólabúið fyrir opinberan reikning, ef hentara þykir.
- c. að láta verða þær breytingar á kennaraliði skólans og reglugerð hans, sem nauðsynlegar eru.

2. gr.

Landsstjórninni heimilast að láta a-lið 1. gr. einnig koma til framkvæmda við bændaskólann á Hvanneyri.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. okt. 1928.

Nd. 305. Breytingartillaga

við frumv. til laga um skattgreiðslu h/f Eimskipafjelags Íslands.

Frá Sigurjóni Á. Ólafssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist: enda greiði það ekki hluthöfum arð á því tímabili.

Nd. 306. Nefndarállt

um frv. til laga um viðauka við lög nr. 43, 30. júlí 1909 [Prentsmiðjur].

Frá mentamálanefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 25. febr. 1928.

Ásgeir Ásgeirsson, Sveinn Ólafsson. Jóhann P. Jósefsson.
form. og frsm.

Lárus Helgason. Magnús Jónsson.

Ed. 307. Frumvarp

til laga um nauðungaruppboð á fasteignum og skipum.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Nú á fasteign eða skrásetningarskyllt skip að seljast nauðungarsölu, og fer hún fram með einu uppboði, sem uppboðsráðandi auglýsir þrisvar sinnum í röð í blaði því, sem flytur opinberar auglýsingar. Skal tyrsta auglýsingin birt að minsta kosti 6 vikum áður en uppboð skal fram fara.

Ef sá, er uppboðs beiðist, óskar frekari auglýsingar, sjer hann sjálfur um það. Þó skal uppboðsráðandi, um leið og hann sendir uppboðsauglýsinguna til birtingar, skýra eiganda frá uppboðinu, í ábyrgðarbrjefi eða á annan tryggilegan hátt, ef vitanlegt er, hver hann er og hann er búsettur hjer á landi.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1928 og frá sama tíma eru úr gildi numin þessi lagaboð:

Opið brjef 22. apríl 1817, 3. gr.,
Tilskipun 18. febrúar 1847, 10. gr., að því leyti sem hún snertir auglýsingu nauðungaruppbóða,
og önnur lagaákvæði, sem fara í bága við ákvæði laga þessara.

Nd. 308. Nefndarállt

um frumv. til laga um mentamálanefnd Íslands.

Frá mentamálanefnd.

Nefndin telur rjett að lögfesta þá skipun, sem frv. gerir ráð fyrir, en állt-ur rjett að breyta frv. í nokkrum atriðum, sem meira snerta form en efni.

Eftir frv. er mentamálanefnd Íslands ætlað töluvert viðtækt vald og umfangsmikið starf, þegar stundir líða. Þykir oss þess vegna tryggilegra að hafa hana skipaða fimm mönnum en þrem. Einnig þykir betur fara á því að ákveða þegar í upphafi einhverja árlega þóknun til nefndarmanna í fjárlögum, svo sem 200 kr. hverjum. Ennfremur viljum vjer láta söfnuði frjálsa um það, hvort þeir nota milligöngu nefndarinnar við kaup á altaristöflum eða ekki.

Út af framansögðu leggjum vjer til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr.
 - a. Fyrir »þriggja« í fyrsta málslið komi: fimm.
 - b. Fyrir »mentamálanefnd« í sama málslið komi: mentamálaráð.
 - c. Fyrir »Nefndin skiftir sjálf« í þriðja málslið komi: mentamálaráðið skiftir sjálft.
 - d. Fyrir »og starfar . . . með fjárlögum« komi: og skal þóknun fyrir störf þess ákveðin í fjárlögum. Annar nauðsynlegur kostnaður greiðist af skrifstofufje stjórnarráðsins.
2. Við 2. gr.
 - a. Fyrir »mentamálanefndar« í upphafi greinarinnar komi: mentamálaráðs.
 - b. Fyrir »á fjárlögum« í b-lið komi: í fjárlögum.
 - c. Við d-lið. Liðurinn orðist svo:
Að kaupa altaristöflur í kirkjur þjóðkirkjusafnaða, ef þess er óskað og fje er lagt fram til kaupanna.
 - d. Fyrir »nefndin« í öðrum og fjórða málslið e-liðar komi: Mentamálaráðið.
 - e. Fyrir »mentamálanefnd« í g-lið komi: mentamálaráðinu.
3. Við fyrirsögn. Fyrir »mentamálanefnd« komi: mentamálaráð.

Alþingi, 24. febr. 1928.

Ásgeir Ásgeirsson, Sveinn Ólafsson, Jóhann P. Jósefsson.
form. frsm.

Lárus Helgason, Magnús Jónsson,
með fyrirvara um sjálft frv.

Nd.

309. Frumvarp

til laga um breyting á jarðræktarlögum, nr. 43, 20. júní 1923.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

6. gr. jarðræktarlaganna orðist svo:

Sjerhver sá, er á rjelt til að fá styrk af opinberu fje samkvæmt lög-
um þessum, skal vera fjelagi í búnaðarfjelagi hrepps eða bæjar.

Búnaðarfjelag Íslands hefir eftirlit með öllum jarðræktarfyrirtækjum,
sem unnin eru samkvæmt lögum þessum. Eftirlitið er falið trúnaðarmönnum,
sem Búnaðarfjelag Íslands skipar, í samráði við búnaðarsamböndin. Fjelagið
fær mönnum þessum ítarleg erindisbrjef. Borgun fá þeir frá hlutaðeigandi
sambandi og hreppsbúnaðarfjelagi, eftir reglum, sem Búnaðarfjelag Íslands
setur í samráði við búnaðarsamböndin.

Stjórn hreppsbúnaðarfjelags skal árlega færa inn á skrá, samkvæmt því
formi er Búnaðarfjelag Íslands ákveður, allar jarðabætur hvers einstaklings á
fjelagssvæðinu.

2. gr.

Fyrir orðin: »og má þá veita . . . kostnaðar við verkið«, í niður-
lagi 7. gr. komi: og skal þá veita þeim, er verkið ljet framkvæma, styrk úr
ríkissjóði, er nemi kr. 1.50 fyrir hvert metið dagsverk.

3. gr.

8. gr. orðist svo:

Nú sljettar maður tún sitt eða eykur eða ræsir fram til túngræðslu,
eða girðir tún eða land, sem tekið er til ræktunar, og skal þá veita honum
styrk úr ríkissjóði, er nemi 1 kr. fyrir hvert metið dagsverk, ef sannað er
fyrir Búnaðarfjelagi Íslands, að hann fullnægi skilyrðum þeim, er um ræðir
í 9. og 11. gr.

4. gr.

10. gr. fellur niður.

5. gr.

Upphaf 12. gr. orðist svo:

Nú gerir maður nýjan matjurtagarð, og skal þá veita honum styrk úr
ríkissjóði, er nemi 30 aurum á hvert metið dagsverk, þar með talinn girðing-
arkostnaður, en eigi áburður.

Fyrir »400« í niðurlagi greinarinnar komi: 200.

6. gr.

Á eftir 12. gr. komi ný grein, er orðist svo:

Atvinnuáráðuneytið gefur út reglur, eftir tillögum Búnaðarfjelags
Íslands, um hversu votheystóftir skulu gerðar og hvar settar. Nú hefir sá, er

gera lætur votheystóft eftir að reglur þessar eru gefnar út, fylgt þeim í öllu, og Búnaðarfélag Íslands telur, að hann hafi brýna þörf fyrir tóftina, og skal þá veita honum styrk úr rikissjóði, er nemi 50 aurum fyrir hvert metið dagsverk.

7. gr.

13. gr. laganna fellur niður.

8. gr.

Aftan við 14. gr. bætist:

Ágreining um kostnað við fyrirtæki þau, sem styrk fá úr rikissjóði samkvæmt þessum kafla, úrskurðar ráðherra. Minni vinna hjá hverjum einstökum en 5 dagsverk nýtur ekki styrks samkvæmt lögum þessum.

9. gr.

27. gr. orðist þannig:

Þegar þjóðjörð eða kirkjújörð er byggð, skal jafnan, þar sem við getur átt, ákveðið í byggingarbrjefinu, að leiguliði megi vinna af sjer landsskuld og leigur með jarðabótum á leigujörð sinni. Jarðabætur, sem leiguliði greiðir leigu og landsskuld með, skulu metnar til þeirrar greiðslu allt að kr. 3,50 hvert dagsverk.

Sama rjett hafa landsetar rikissjóðs, sem nú eru, þar með taldir prestar og bændur á hjáleigum prestssetra, þó afgangur hjáleignanna sje metið upp í heimatekjur presta.

Með landsskuld af jörðum telst í þessu sambandi afgangur eftir allar jarðarnytjar, svo sem veiði, varp o. fl., þó að sjerstaklega sje metið.

10. gr.

29. gr. orðist svo:

Nú vill leiguliði á þjóðjörð eða kirkjújörð vinna af sjer landsskuld og leigur, eins og segir í 27. gr., að nokkru eða öllu leyti, og skal honum það heimilt með þeim jarðabótum, sem nefndar eru í II. kafla jarðræktarlaganna, 7.—13. gr. — Engin jarðabót er gild borgun upp í landsskuld og leigur, nema fullgerð sje og vel af hendi leyst að álitu Búnaðarfélags Íslands, í gjalddaga þeirrar landsskuldar eða leigna, er greiða á með henni.

11. gr.

Um verkfæraukaupásjóð.

Styrkur úr rikissjóði til hreppabúnaðarfélaganna skal nema 10 aurum fyrir hvert unnið dagsverk. Styrkurinn skiftist hlutfallslega milli búnaðarfélaganna eftir tölu jarðabótamanna í hverju félagi. Styrk þennan skal leggja í sjóð, sem nefnist verkfæraukaupásjóður.

Í sjóðinn skal auk þess árlega greiða úr rikissjóði 20 þúsund krónur, er skiftist milli hreppabúnaðarfélaganna eftir tölu jarðabótamanna í hverju

fjelagi. Sú upphæð, er sjóði hvers hreppabúnaðarfjélagis ber samkvæmt því, er að ofan getur, skal vera sjereign hvers fjélagis.

Tilgangur sjóðsins er að ljetta undir með bændum, einstökum eða fleirum í fjélagi, að eignast hestaverkfæri til jarðræktar eða heyvinnu.

Fje sjóðsins skal fyrst og fremst varið til að kaupa hestaverkfæri handa bændum. Þó er búnaðarfjélagi heimilt, ef minst 10 fjélagsmenn óska, að kaupa jarðræktarvjelar, enda sjeu þær þá eign fjélagisins.

Fjélögin ákveða sjálf, hverra verkfæra þau æskja frá Búnaðarfjélagi Íslands og hvort þau nota þau sem fjélagseign eða skifta þeim milli einstakra fjélagsmanna.

Fjélögin leggi fram jafna upphæð styrknum til verkfærakaupanna. Skulu umsóknir sendar Búnaðarfjélagi Íslands.

Búnaðarfjélag Íslands sje um útvegum verkfæranna og ákveður, af hvaða gerð þau skuli vera og gæðum.

Atvinnumálaráðuneytið hefir á hendi stjórn verkfærakaupasjóðs, í samráði við stjórn Búnaðarfjélagis Íslands.

Nánari ákvæði um starfsemi verkfærakaupasjóðs setur atvinnumálaráðuneytið í reglugerð, í samráði við stjórn Búnaðarfjélagis Íslands.

12. gr.

VII. og VIII. kafli jarðræktarlaganna (41.—43. gr.) falla niður.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed.

310. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á jarðræktarlögum, nr. 43, 20. júní 1923.

Frá Haraldí Guðmundssyni og Lárusi Helgasyni.

Við 1. gr.

- a. orðin »hvers einstaklings« í síðustu málsgrein falli burt.
- b. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, þannig:

Bæjar- og hreppsfjélag hafa jafnan rjett og einstakir menn til styrks samkvæmt lögum þessum.

Ed.

311. Lög

um breyting á lögum nr. 16, 13. júní 1925, um breyting á 33. gr. laga nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna.

(Afgreidd frá Ed. 25. febr.).

1. gr.

Í stað orðanna »til ársloka 1928« í niðurlagi 1. gr. laganna komi »til ársloka 1930«.

2. gr.

Embættismenn, sem búsettir eru í sveitum, skulu njóta sömu dyrtiðar-uppbótar sem aðrir.

Nd.

312. Frumvarp

til laga um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi.

Flutningsm.: Benedikt Sveinsson og Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

Í landhelgi við Ísland skulu vera bannaðar veiðar með allskonar dragnótum, þar á meðal kolanótum — Snurrevaad.

2. gr.

Nú er skip, er slík veiðarfæri notar, í landhelgi, og skulu þá öll veiðarfæri vera í búka innanborðs.

3. gr.

Eigendum jarða þeirra, er að sjó liggja, og þeim, er afnotarjett hafa á þeim jörðum, skal þó heimilt að draga ádráttar- og fyrirdráttarnætur á land.

4. gr.

Brot gegn 1. gr. varða sektum, 5000—10000 gullkróna; skulu þá og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs, upptæk.

Brot gegn 2. gr. varða sektum, 2000—5000 gullkr. Um upptekt afla og veiðarfæra fer sem um brot gegn 1. gr., er um ítrekað brot er að ræða.

Leggja má lögöld á skipið og selja það, að undangengnu fjárnámi, til lúknings sektum samkvæmt þessari grein og kostnaði.

5. gr.

Hver sá, er leiðbeinir skipi við dragnótaveiðar í landhelgi við Ísland, eða liðsinnir því við slíkar veiðar, eða hjálpar hinum brotlegu til að komast undan hegningu fyrir þær, skal sæta sektum, 500—5000 gullkróna. Sömu hegningu skal hver sá sæta, sem staddur er í dragnótaveiðiskipi, eða á bát við skipshliðina, þegar það er á veiðum í landhelgi, nema hann geti gert þá grein fyrir dvöl sinni þar, að líklegt þyki, að hann eigi enga hlutdeild í hinum ólöglega veiðiskap þess. Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um þá menn, sem eru lögskráðir skipverjar á skipinu.

6. gr.

Skipstjóri, er gerir sig sekan í ítrekuðu broti gegn 1. gr., skal, auk refsingar þeirrar, er getur um í 4. gr., sæta fangelsi, ekki vægara en 2 mán-

aða einföldu fangelsi. Auk þess má og endranær, þegar miklar sakir eru, láta skipstjóra sæta fangelsi fyrir brot gegn 1. gr., auk sektarhegningar þeirrar, sem ákveðin er í 4. gr.

7. gr.

Sektarfje eftir lögum þessum, svo og andvirði fyrir upptækan afla og veiðarfæri, rennur í landhelgissjóð Íslands. Um sölu upptæks afla og veiðarfæra skal jafnan leita samþykkis stjórnarráðsins. Aldrei má þó selja hinum seku upptæk veiðarfæri, og afla því aðeins, að knýjandi nauðsyn sje fyrir hendi.

8. gr.

Mál þau, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal reka sem opinber lögreglumál.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 27, 20. júní 1923, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna dragnótaveiðar í landhelgi, og þau ákvæði, er kunna að vera sett samkvæmt þeim.

Greinargerð.

Árið 1923 setti Alþingi lög »um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna dragnótaveiðar í landhelgi«. Voru lög þessi borin fram að tilhlutan ráðuneytis atvinnumála og stjórnar Fiskifjelags Íslands, er samið hafði frumvarpið.

Tildrög lagasetningar þessarar voru þau, að fram höfðu komið »mjög ákveðnar kröfur frá mönnum við sunnanverðan Faxaflóa og viðsvegar að, um að dragnótaveiðar« yrðu »bannaðar með lögum innan landhelgi«. Höfðu slíkar veiðar einkum verið stundaðar »í landhelgi inni á instu vikum og vogum þar syðra«. Segir svo ennfremur í greinargerð lagafrumvarpsins: »Það er álit kær- enda, að dragnót þessi (þ. e. »Snurrevaad«) sje engu síður skaðleg á fiskveiðum fyrir veiðarfæri, svo sem handfæri, lóðir og net, eins og fiskigöngur, heldur en hin alþekta svonefnda botnvarpa (Ottertrawl), og hafa þeir krafist þess, að umrædd dragnót væri látin hlíta sömu lögum. Hinsvegar hafa þeir bæjarfógetarnir í Hafnarfirði og Reykjavík, sem báðir hafa látið álit sitt uppi um málið, ekki getað fallist á, að heimfæra beri notkun dragnóta þessara undir lög nr. 5, frá 18. maí 1920, en líta svo á, að athuga beri, hvort eigi sje nauðsynlegt að banna með lögum veiðar með allskonar dragnótum í landhelgi hjer við land, og í því skyni bent málinu til stjórnarráðsins, sem hefir svo leitað álits stjórnar Fiskifjelags Íslands og jafnframt kynt sjer, hvernig löggjöf annara þjóða væri háttáð að þessu lútandi, og komist að raun um, að í Skotlandi eru gildandi lög, sem banna veiðar í landhelgi með dragnót (Snurrevaad), nema á vissum svæðum með undanþágum«.

Tillögur stjórnar Fiskifjelagsins ollu því, að ekki var sett fullkomið bann gegn dragnótaveiði á Alþingi 1923. Stjórn fjelagsins leit svo á, »að þar sem nægileg reynsla sje ekki fengin fyrir skaðsemi dragnótaveiða á fiskigöngur, eða [skaðsemi fyrir] veiðar með öðrum tækjum, svo sem lóðum, handfærum og netjum«

— — »þá sje of snemt að banna hana algerlega«. Voru því lögín einungis heimildarlög til þess að banna veiðar þessar í landhelgi, þar sem krafist væri.

Síðan hafa verið friðlýst nokkur svæði við sunnanverðan Faxaflóa, samkvæmt þessum lagaheimildum, en ýmsar kröfur frá Norðurlandi (og líklega víðar að) hafa verið að engu hafðar, vegna andröðurs frá stjórn Fiskifjelags Íslands.

Við flm. þessa frv. erum eindregið þeirrar skoðunar, að rjettara hefði verið þegar árið 1923 að taka af skarið í þessu máli og láta hverskonar dragnótaveiði skipa í landhelgi falla undir sömu greinir laga sem aðra botnvörpuveiði.

Við hyggjum, að dragnótaveiði á grunnmiðum, inni á vikum og vogum og í fjarðarbotnum, muni vera einhver hin allra skaðlegasta veiðiaðferð, sem þekst hefir hingað til, og jafnvel verri en allar þær til samans, sem tíðkast hafa hingað til, fyrir uppvöxt nytjafiska, ef þessi veiði er rekin með nokkurri verulegri atorku.

Dragnótaveiði hefir verið rekin í Danmörku um hálfu öld og verið þar gagnsöm; hjerlendis hefir hún þekst um 30 ár og verið stunduð lítilsháttar öðru hverju, en aldrei orðið landsmönnum til verulegs gagns og víst óhætt að fullyrða, að tilraunir þær, sem hjer hafa verið gerðar af landsmönnum, hafi orðið útgerðarmönnum sjálfum oftar til tjóns en gagns. Þessi veiðiaðferð hefir því aldrei orðið Íslendingum neinn atvinnuvegur. Á hinn bóginn hafa verið hjer nokkur útlend skip á síðustu árum, er rekið hafa veiðina undir dönsku flaggi, meira eða minna löglega, og hafst mest við inni í fjarðarbotnum.

Þar sem þessi veiðiaðferð hefir ekki orðið Íslendingum til gagns, en er á hinn bóginn bersýnilega mjög skaðleg fyrir vöxt og þróun ungvíðis fiska á grunnmiðum, þá virðist óþarft að hika við að friðlýsa alla landhelgi nú þegar fyrir þessum veiðum.

Það virðist ekki varlegt nje viturlegt að biða þess, »að nægileg reynsla sje fengin fyrir skaðsemi dragnótaveiða á fiskigöngur«, — enda nokkuð vafasamt, hversu úr því skal skera. Við viljum byrgja brunninn áður en barnið er í hann fallið. Vjer Íslendingar höfum verið andvaralausir um eyðing skóga á Íslandi, þangað til þeir voru eyðilagðir, til ómetanlegs tjóns fyrir land og lýð. Slíkt mætti eigi henda með svipuðum hætti um fiskveiðar vorar.

Lög vor um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi hafa harðar refsingar gegn brotum, og hefir brytt á því af hálfu lögbrjóta, sem eru þegar stórbjóðanna í nágrenni voru, að sektarákvæði laganna væru alt of há, og hafa þeir þrásinnis reynt að fá stjórnir landanna til þess að taka í strenginn. En þá hefir það komið fram af hálfu hinna æðstu valda þessara frændþjóða vorra, að þær vilja sætta sig við að þola Íslendingum lög, vegna þess, að þær viðurkenna, að friðun landhelginnar sje í þágu þessara þjóða sjálfra vegna viðkomu og uppeldis ungfisksins.

Þessi afardýrmæta viðurkenning Englendinga og Þjóðverja yrði í hættu sett fullkomlega, ef þjóðir þessar sæju, að landhelgifsriðunin væri gerð að hjegóma með öðrum veiðitækjum, sem eyða mundu og uppræta fiskinn á grunnmiðum Íslands. Það eflir því mjög viðurkenning og virðing þjóðanna fyrir landhelgifsrið-

nn Íslands, að afnumin sjeu undanbrögð þan, sem í dragnótaveiðnum ern fólgin. Og þessi friðun mundi verða þjóðinni hin besta viðsýrna til þess að fá framgengt friðun alls Faxaflóa og annara flóa utan landhelgi fyrir notkun veiðitækja, sem stórskaðlegust eru talin tímgun og uppeldi þeirra nytjafiska, sem þjóðirnar viðnrkenna, að varðveita verði gegn uppgrípaveiðitækjum á uppeldisstöðvum þeirra.

Við hyggjum óþarft að banna ádrátt eða fyrirdrátt úr landi, þar sem þar er um »nótlög« að ræða, er liggja innan við almennings landhelgi, enda lítil svæði stranda vorra móts við alla strandlengjuna, þar sem þeirri veiði verður við komið, og slánn varnagla við því í frumvarpinu.

Að öðru leyti mun málið verða skýrt nánar við framsögu.

Ed.

313. Nefndarállt

um frv. til laga um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið á eitt sátt um þetta mál.

Meiri hlutinn leggur til, að frv. verði samþykkt með nokkrum breytingum. Eru breytingar þessar gerðar í samráði við dýralækni Hannes Jónsson, sem nefndin hefir haft til ráðuneytis um málið.

En þótt meiri hlutinn (E. Á. og J. Bald.) sje sammála nm stefnu þá, sem kemur fram í breytingartillögu E. Á. á þskj. 314, þá er þó ágreiningur milli þeirra um einstök atriði tillögunnar. J. Bald. vill hafa undanþegnar banni sumar þær vörutegundir, sem taldar eru upp í d-lið á þskj. 314. Ber hanu því fram sjerstaka brtt. á þskj. 315.

Að öðru leyti leggur meiri hlutinn til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGU.

Við 3. gr. Greinina skal orða svo:

Atvinnumálaráðherra er heimilt að banna með auglýsingu innflutning á öðrum þeim vörum, sem hætta telst á, að sótnæmi geti borist með.

Alþingi, 27. febr. 1928.

Einar Árnason,
form. og frsm. meiri hl.

Jón Baldvinsson,
fundaskrifari.

Ed.**314. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýra-sjúkdómar berist til landsins.

Frá Einari Árnasyni.

Við 2. gr. Greinina skal orða svo:

Bannaður er allur innflutningur á þessum vörutegundum:

- a. Heyi, hálmur, alidýraáburði, hráum og lítt söltuðum sláturafurðum, hverju nafni sem nefnast, ósoðinni mjólk, gömlum og notuðum pokum og tuskum allskonar.
- b. Ull.

Þó getur atvinnumálaráðherra veitt undanþágu fyrir ull til verksmiðju-
iðju, enda sje hún sóttgreinsuð utanlands eða innan, undir öruggu eftirliti.

- c. Notuðum fatnaði, fiðri, fjöðrum, dúm, stráteppum, körfum úr strái, dýrahári og vörum, sem gerðar eru úr því, svo sem: burstavörum, penslum, kústum og hrosshársborðum.

Á vörum, sem taldar eru í þessum lið, kemur þó innflutningsbann ekki til framkvæmda, ef vörurnar sóttgreinsast við tilbúning eða hreinsun, eða ef þær eru sóttgreinsaðar áður en þær voru fluttar á skip, enda fylgi farm-skránni vottorð um uppruna og vinslu varanna eða sóttgreinsun.

Þó er atvinnumálaráðherra heimilt að fyrirskipa sóttgreinsun á tjeðum vörum, er þær koma hingað til lands, ef sjerstakar ástæður eru fyrir hendi.

- d. Fóðurkökum, rófum, kartöflum, káli og öðru hraðvöxnu grænmeti, mjólkur-
afurðum og eggjum.

Þó getur atvinnumálaráðherra veitt undanþágu frá innflutningsbanni á vörum þessum í einstökum tilfellum og fyrir lönd og landshluta.

Ed**315. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 314 [Gin- og klaufaveiki].

Frá Jóni Baldvinssyni.

Fyrri málsgrein d-liðar skal orða svo: Fóðurkökum, rófum, káli og öðru
hraðvöxnu grænmeti.

Nd.**316. Lög**

um aukna landhelgisgæslu.

(Afgreidd frá Nd. 27. febr.).

1. gr.

Ríkisstjórnin skal, svo fljótt sem verða má, láta byggja nýtt skip til
landhelgisgæslu.

2. gr.

Til byggingar skipsins skal verja fje úr landhelgissjóði.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd.**317. Frumvarp**

til laga um hlunnindi fyrir lánsfjelag.

Flm.: Ásgeir Ásgeirsson, Magnús Guðmundsson.

1. gr.

Ef myndað verður hjer á landi fjelag í þeim tilgangi að veita lán gegn veði i fasteignum, á svipuðum grundvelli og fasteignalánsfjelög erlendis, er fjármálaráðherra heimilt að veita fjelagi þessu þau hlunnindi, sem í 2.—4. gr. getur.

2. gr.

Fjelagið er undanþegið öllum tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum og vaxtabrjef þess skulu ávalt njóta sama skattfrelsis og skulda-brjef ríkisins. Svo á það og rjett til að fá ókeypiss eignar- og veðbókarvottorð til afnota fyrir sjálft sig.

3. gr.

Heimilt er að verja fje ómyndugra og opinberra sjóða til þess að kaupa vaxtabrjef fjelagsins.

4. gr.

Um sölu á fasteignum hafi fjelagið sömu rjettindi og veðdeild Landsbankans.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tilfnið til þess, að frv. þetta kemur fram, er það, að fengist hefir á síðastliðnu hausti ákveðinn ádráttur um það hjá fjármálamannafjelagi einu (Nordisk Trust Kompagni), að ef stofnað yrði á Íslandi lánsfjelag (Kreditforening), sem væri með líkum hætti og slík fjelög erlendis, væru þeir fúsir til að kaupa eða sjá um afsetningu á vissri upphæð af verðbrjefum fjelagsins.

Þess skal getið, að eitt aðalmarkmið þessa fjelags mun einmitt vera milli-ganga um að koma fyrir og gera arðberandi amerískt fjármagn og að þetta sama

fjelag hefir tekið að sjer sölu á verðbrjefum suðurjósks lánsfjelags, sem nýlega mun vera stofnað.

Lánsfjelög hafa sjerstaklega verið þýðingarmiklar stofnanir í Danmörku, og er þar alment viðurkennt, að þau hafa gert mikið gagn og leyst hlutverk sitt þryðilega af hendi. Þeir kostir, sem vjer álitum að slík stofnun hefði, sem viðbót við núverandi skipulag, eru sjerstaklega þeir, að slík stofnun myndi veita töluvert hærri lán en nú er gert, eða alt að 60% af matsverði, en það, sem sjerstaklega háir nú þeim, sem byggja, eykur byggingarkostnaðinn og dregur úr nauðsynlegum byggingarframkvæmdum, eru hin erfiðu kjör á lánun þeim, sem ekki eru trygð með 1. veðrjetti. Slík lán eru oft einkalán og lánveitendur nota sjer oft og einatt aðstöðu sína til að skattleggja þá, sem í byggingar og framkvæmdir ráðast, allharðvítuglega. Með því að lána hærri en nú er gert með veðlánakjörum væri vafalaust að nokkru dregið úr þeim annmarka, sem hjer er á lánakerfi voru.

Nefna má og það, að slík stofnun sem hjer er nefnd myndi og ætti að hafa vakandi auga á lánamarkaðinum erlendis og reyna að sitja um að selja verðbrjef á slíkum tímamótum, að sem best kjör fái. Því það er kunnugt þeim, sem fylgst hafa með gangi hagsveiflna, að gengi verðbrjefa fylgir þar föstum lög-
málum.

Þess má og geta, að slíkar lánveitingar myndu vafalaust losa töluvert fje fyrir bankana, sem þá væri hægt að veita að almennum atvinnurekstri.

Ekki er líklegt, að fjelagið fái í fyrstu eins góð kjör og fengist hafa á síðustu rikissjóðslánun handa veðdeild, en það mun fyllilega jafnað upp með lánaupphæðinni.

Það skal tekið fram, að þetta lánsfjelag er að nokkru leyti hugsað frábrugðið eldri dönsku lánsfjelögunun, en sniðið eftir hinu suðurjóska, sem áður er getið. Í eldri dönsku lánsfjelögunun eru það lánþegar, sem stjórna fjelaginu, hafa sameiginlega ábyrgð í flokkun, enda er varasjóður eign lánþega. Fjárhagslega er líka þetta fjelag samvinnufjelag, þannig að lánþegar eiga varasjóðinn (eftir flokkun), í hlutfalli við stærð viðskifta sinna, og ábyrgðin er sameiginleg, en stjórnarfarslega er það ekki samvinnufjelag, því það eru ábyrgðarmennirnir, sem stjórna fjelaginu. Slíkt fyrirkomulag veitir hinum erlendu lánveitendum tvennskonar tryggingu: 1) aukatryggingu, þar sem er ábyrgðarupphæðin, og 2) líkur til, að fjelaginu verði stjórnað og lánveitingun hagað gætilega, þar sem það eru ábyrgðarmennirnir sem slíkir, en ekki lánþegar, sem stjórna fjelaginu. Á þennan hátt fást því betri vaxtakjör, sem eðlilegt er, þar sem erlendir fjármálamenn eiga í hlut, sem ekki geta með eigin augum fylgst með rekstri fjelagsins.

Frumvarp að reglugerð fyrir lánsfjelag verður lagt fyrir nefnd þá, er fær málið til umsagnar.

Nd. 318. Breytingartillögur

við frumv. til laga um atkvæðagreiðslur utan kjörstaða við alþingiskosningar.

Flutningsm.: Þorleifur Jónsson.

1. Við 2. gr.

a. Fyrir »raufalínum« á tveim stöðum í fyrstu málsgr. kómi: riflínunum.

b. Feitletruðu orðin »Fyrirmynd . . . kjörseðli« í annari málsgr. falli burt.

2. Við 4. gr. Eftir 3. málsgrein komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú ónýtist kjörseðill hjá kjósanda, og má hann fá annan kjörseðil í stað hins. Ónýta seðilinn ásamt fylgibrjefinu skal láta í umslag eins og hina gildu seðla, en á umslagið skal skrá, að í því liggi ónýtur atkvæðaseðill, og skal kjósandinn undirrita þá yfirlýsingu. Umslagið sendist til undirkjörstjórna ásamt hinum gildu atkvæðum. Gera skal og athugasemd á stofninn um, að kjörseðillinn hafi ónýst.

3. Við 6. gr.

a. Fyrsta málsgrein orðist þannig:

Þegar á kjörfund kemur, athugar kjörstjórnin, hvort innsigli atkvæðakassans sjeu heil og ósködduð, opnar síðan kassann og tekur úr honum umslögin og varðveitir þau á meðan atkvæðagreiðsla fer fram. Að atkvæðagreiðslu lokinni opnar kjörstjórnin umslögin, athugar fylgibrjefin, ber saman tölusetningu þeirra og umslaganna og rannsakar, hvort sá, er brjefið er frá, stendur á kjörskrá, og ef svo er, hvort hann hefir greitt atkvæði á kjörstað. Ef svo reynist, að sá, sem brjefið er frá, standi á kjörskrá og hafi eigi greitt atkvæði á kjörstað, setja meðkjörstjórar merki við nafn kjósandans á eftirritið af kjörskránni. Komi fram umslag með ónýtum seðli, skal kjörstjórnin athuga fylgibrjefið og leggja það ásamt kjörseðlinum í umslag undir ógilda seðla, sem hún sendir til yfirkjörstjórnar.

b. Við 3. málsgr. Orðin »um leið . . . byrjar« falli burt.

4. Við 9. gr. Orðin »Heimilt er þó . . . ónýta hann« falli burt.

Nd. 319. Nefndarátt

um frv. til laga um bæjarstjórn á Norðfirði.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið sammála um frv.

Meiri hluti nefndarinnar lítur svo á, að sanngjarnt og sjálfsagt sje að verða við þessari ítrekuðu ósk Norðfirðinga, þar sem um jafnfjölmennan bæ er að ræða og sem þar að auki er í fjölgun og uppgangi. Meiri hluta nefndarinnar er það ljóst, að núverandi stjórnarfyrikkomulag á málefnum kaupstaðarins er úrelt og hemill á framförum og viðgangi hans. Það, sem einkum hefir verið fært

fram sem ástæða á móti frv., eru hin auknu útgjöld fyrir rikissjóð. En benda má á það, að Norðljörður virðist hafa sanngirniskröfu til þess, að ríkið leggi nokkurt fje af mörkum til löggæslu og innheimtu, þar sem tekjur rikisins úr kaupstaðnum hafa um undanfarin ár verið 150—200 þúsund krónur. Enda má fullvíst telja, að hag rikissjóðs muni betur borgið með þeirri breytingu á stjórn kaupstaðarins, sem frv. fer fram á.

Af framantöldum ástæðum leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 27. febr. 1928.

Gunnar Sigurðsson, Hjeðinn Valdimarsson, Bernh. Stefánsson.
form. og frsm. fundaskrifari.

Ed.

320. Frumvarp

til laga um verkakaupsveð.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Verkamenn þeir, konur jafnt sem karlar, sem vinna við sildarútgerð, án þess að vera skráðir hásetar á sildveiðiskip, hafa lögveð í öllum sildarafurðum þeim, er á land flytjast hjá atvinnurekanda þeim, er þeir vinna hjá, til tryggingar greiðslu á umsömdu kaupi, hvort sem það er mánaðar-, viku- eða tímakaup, eða ákvæðisvinna við verkun sildar.

Lögveð þetta, er nefnist verkakaupsveð, nær til allra sildarafurða, þar með talin ný sild, krydduð, söltuð eða verkuð á annan hátt, einnig til tunna, salts og krydds, sem notað er við sildarútgerð, svo og til þess, sem unnið er úr sild, svo sem lýsi og sildarmjól.

Lögveðið gengur næst á eftir opinberum gjöldum, sem á veðinu kunna að hvíla, en gengur fyrir öllum sammingsbundnum veðskuldbindingum.

2. gr.

Þegar sildarafurðir, tunnur, salt eða krydd er selt á nauðungaruppboði, þá fellur niður verkakaupsveð í hinu selda, en veðhafi á þá í stað þess veðrjett í kaupverði hins selda, meðan verðið er ekki af hendi greitt. Nú selur eigandi eða umráðamaður sildar sild eða annað það, sem lögveð hvílir á samkvæmt lögum þessum, án þess að hafa losað veðið með því að greiða kaup fólksins. Skal hann þá teljast brotlegur við lög þessi og sæta sektum samkvæmt 8. gr. þeirra. Verkakaupsveð fellur niður, þegar vörur þær, sem verkakaupsveð hvílir á, eru seldar í hendur kaupanda.

Alpt. 1928. A. (40. löggjafarþing).

3. gr.

Nú lætur verkakaupsveðhafi ganga að veði með fjárnámi að undan- gengnum dómi, og skulu fjárnámsvottar þá meta, hversu mikið af veðinu skuli selja til greiðslu veðkröfunnar. Heimilt er skuldunaut við slíkt fjárnám að segja til um það, að hverju af veðinu skuli fyrst gengið.

4. gr.

Verkakaupsveðrjettur fellur niður, ef honum er ekki framfylgt með lögsókn, áður en ár sje liðið frá því að krafan, sem veðið er fyrir, fjell í gjalddaga.

5. gr.

Heimilt er verkafólki að krefjast þess, að mál, sem höfðað er til greiðslu verkakaups eða um gildi verkakaupsveðs, sæti meðferð einkalögreglumála. Má þá reka mál í þeirri þinghá, þar sem verkið hefir verið unnið, eða verka- kaupsveð er sett samkvæmt lögum þessum, og skoðast atvinnurekandi eða umboðsmaður hans þar sem aðili, þótt þeir eigi heimilisvistarþing annars- staðar.

Rjettargjöld skulu eigi greidd í málum þessum.

6. gr.

Nú ætlar atvinnurekandi að flytja burt af sildarverkunarstöð sinni silðarafurðir, tunnur, salt, krydd eða annað, sem verkakaupsveð hvílir á, og geta þá þeir, er verkakaupsveð hafa í sildarafurðunum, tunnunum, salt- inu, kryddinu eða öðru, krafist kyrsetningar á því og þurfa enga tryggingu að setja fyrir kyrsetningunni. Krefjast má, að staðfestingarmál út af kyrset- ningunni sje rekið að hætti einkalögreglumála eftir ákvæðum 3. gr. þessara laga.

7. gr.

Samningar þeir á milli atvinnurekenda og verkafólks, sem fara í bága við lög þessi, eða undanþiggja verkakaupsveð, skulu ógildir.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 500—50000 krónum, nema þyngri hegning liggi við að lögum, og skulu mál út af afbrotunum rekin sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd.**321. Frumvarp**

til laga um viðauka við hafnarlög fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, 10. nóv. 1913.
(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að leggja fram úr ríkissjóði, þegar tje er fyrir hendi, alt að 70 þús. krónum, gegn tvöföldu framlagi úr hafnarsjóði Vestmannaeyja, til viðgerðar og endurbóta á hafnargörðunum í Vestmannaeyjum. Tillagið úr ríkissjóði er bundið því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshaldinu sje falin manni, sem ríkisstjórnin samþykkir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd.**322. Nefndarátt**

um frv. til laga um heimild fyrir landsstjórnina að reisa betrunarhús og letigarð.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir klotnað um málið. Meiri hlutinn leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það liggur fyrir frá Ed.

Alþingi, 27. febr. 1928.

Gunnar Sigurðsson,
form., með fyrirvara.

Hjeðinn Valdimarsson,
frsm. og fundaskrifari.

Bernh. Stefánsson.

Nd.**323. Breytingartillögur**

við frv. til laga um kynbætur nautgripa.

Frá Hákonu Kristóferssyni.

1. Aftan við fyrstu málsgrein 3. gr. komi: og er öllum óheimilt að nota önnur naut til undaneldis, hvort heldur er fyrir sjálfa sig eða aðra, en þau, sem til þess hafa verið valin af kynbótanefnd, nema samþykki hennar komi til.
2. Við 7. gr. Fyrir »8 kr.« komi: 10 kr.

Nd. 324. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á jarðræktarlögum, nr. 43, 20. júní 1923.

Flutningsm.: Halldór Stefánsson.

I. 9. gr. orðist svo:

Leiguliðar á þjóðjörðum og kirkjujörðum, þar með taldir prestar, og leiguliðar á hjáleigum prestssetra skulu njóta þriðjungi hærri styrks en veittur er samkv. II. kafla laganna.

II. 28., 29. og 30. grein laganna falli niður.

Nd. 325. Nefndarálit

um frv. til laga um eignarnám á Nikulásarkeri í Norðurá.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Niðurlag greinarinnar orðist svo: ef ekki getur orðið samkomulag um kaup eða afnot.
2. Við 2. gr. Fyrir orðin »hverfa ráðin« í 2. málslíð komi: hverfur rjetturinn.

Alþingi, 28. febr. 1928.

Gunnar Sigurðsson, formaður.	Hjeðinn Valdimarsson, fundaskrifari.	Bernh. Stefánsson, frsm.
Magnús Guðmundsson,	Hákon J. Kristófersson.	

Nd. 326. Nefndarálit

um frv. til laga um varðskip landsins og skipverja á þeim.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Meiri hluti allsherjarnefndar er í öllum aðalatriðum sammála um að leggja með því, að frv. þetta verði samþykkt.

En nokkrar breytingar vill meiri hlutinn þó gera á frv., og snertir það aðallega launakjör skipverja þeirra, sem frv. ræðir um. Svo vill meiri hlutinn heimila ráðherra þeim, er varðskipin heyra undir, að víkja starfsmanni á varðskipinu úr stöðu, en þó slá þann varnagla um leið, til að tryggja rjett hans, að sjávarútvegsnefndir Alþingis fallist á ráðstöfunina.

Þá þykir meiri hlutanum rjett, að vjelstjórar sjeu svo margir á varðskipum landsins eins og lög nm atvinnu við vjelgæslu á gufuskipum gera ráð fyrir.

Um 6. gr. er ágreiningur. Vill J. Bald. fella síðari málsliðinn. Mun hann flytja sjerstaka breytingartillögu um það. En meiri hlutinn er sammála um að flytja við frv. svo látandi

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 3. gr. Aftan við greinina bætist nýr málsliður, svo hljóðandi:

Dómsmálaráðherra getur þó vikið mönnum þessum úr starfi áður en samningstíminn er útrunninn, eftir sömu reglum og embættismönnum er vikið úr embætti. Þó er slikur brottrekstur ekki lögmætur, nema meiri hluti sjávarútvegsnefnda í báðum deildum Alþingis samþykki á sameiginlegum fundi brottvísun á næsta þingi eftir að afsetningin fór fram.

2. 7. grein frumvarpsins skal falla niður.

3. 9. grein skal orða svo:

Skipstjóri á varðskipi skal hafa að byrjunarlaunum 5800 kr. á ári, en launin hækka þriðja hvert ár um 400 krónur upp í 7000 kr. á ári.

Yfirstýrimaður hefir að byrjunarlaunum 3600 kr. á ári, en launin hækka þriðja hvert ár um 300 kr. upp í 4500 kr. á ári.

Annar stýrimaður hefir að byrjunarlaunum 3200 kr. á ári, en launin hækka árlega um 100 kr. í 4 ár upp í 3600 kr. á ári.

Þriðji stýrimaður hefir að byrjunarlannum 2800 kr. á ári, en launin hækka árlega um 100 kr. í 4 ár upp í 3200 kr. á ári.

Á varðskipi með 700 hestafla vjel eða stærri skulu laun vjelstjóra vera sem hjer segir:

Yfirvjelstjóri hefir að byrjunarlannum 5000 kr. á ári, er hækka á tveggja ára fresti um 200 kr. upp í 5600 kr. á ári.

Undirvjelstjóri hefir að byrjunarlaunm 3800 kr. á ári, er hækka á tveggja ára fresti um 200 kr. upp í 4400 kr. á ári.

Þriðji vjelstjóri hefir að byrjunarlaunum 3000 kr. á ári, er hækka á tveggja ára fresti um 200 kr. npp í 3600 kr. á ári.

Á varðskipi, sem hefir minni vjel en 700 hestöfl, skulu laun vjelstjóra vera sem hjer segir:

Yfirvjelstjóri hefir að byrjunarlannum 4600 kr. á ári, er hækka árlega um 100 kr. npp í 5000 kr. á ári.

Undirvjelstjóri hefir að byrjnnarlaunm 3200 kr. á ári, er hækka árlega nm 100 kr. upp í 3800 kr. á ári.

Starfsmenn þessir njóta allir dýrtíðaruppbótar á launin eftir sömu reglum sem gilda fyrir starfsmenn ríkisins.

4. Greinatalan breytist samkvæmt atkvæðagreiðsln.

Alþingi, 27. febr. 1928.

Jón Baldvinsson,
form.

Ingvar Pálmason,
fundaskrifari og frsm.

Nd. 327. Breytingartillaga

við frv. til laga um varðskip landsins og skipverja á þeim.

Frá Jóni Baldvinssyni.

Við 6. gr. Síðari málsliður greinarinnar skal falla niður.

Nd. 328. Nefndarállt

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættis-
manna.

Frá allsherjarnefnd.

Enda þótt nefndin sje sammála um, að fyrirkomulag það á gjaldskrá lækna, sem nú er, sje ekki heppilegt, svo sem það, að ekki sje hægt að breyta gjaldskránni neitt nema með lögum og að gjaldskráin skuli aðeins viðhöfð, þá er ósamkomulag er milli læknis og sjúklings um greiðsluna, telur nefndin svo náð samband milli nágildandi gjaldskrár og launa læknanna, að ekki sje rjett að hreyfa við gjaldskránni, nema launin sjeu endurskoðuð. Þess vegna vill nefndin afgreiða málið með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ :

Með því að fyrir liggur endurskoðun launalaganna, og þar með lækna-
launa, þykir rjettast, að þá samtímis fari fram rannsókn á gjaldskrá lækna, og tekur deildin því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 28. febrúar 1928.

Gunnar Sigurðsson,
formaður.

Hjediinn Valdimarsson,
frsm. og fundaskrifari.

Magnús Guðmundsson.

Bernh. Stefánsson.

Hákon J. Kristófersson.

Ed. 329. Nefndarállt

um frv. til hjúalaga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og telur ekki ástæðu til neinna breyt-
inga, er máli skifta, og leggur því til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 28. febr. 1928.

Jón Baldvinsson,
form.

Ingvar Pálmason,
fundaskrifari og frsm.

Jón Þorláksson.

Ed.**330. Nefndarátt**

um tillögu til þingsályktunar um að fella niður útflutningsgjald af sild, er seld var til Rússlands 1927.

Frá fjárhagsnefnd.

Fjárhagsnefnd hefir haft þingsályktunartillögu þessa til athugunar. Hefir sú niðurstaða orðið, að nefndin telur rjett að samþykkja tillöguna, með því hún litur svo á, að sildarsölu til Rússlands á síðasta ári beri að mestu leyti að skoða sem tilraun til þess að afla nýs markaðs fyrir íslenska sild.

Þótt nefndin fallist á efni tillögunnar á þessum grndvelli, vill hún orða hana lítið eitt á annan veg, og leggur því til, að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Tillögugreinin orðist þannig:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að láta niður falla innheimtu á útflutningsgjaldi af sild þeirri, sem seld var til Rússlands haustið 1927.

Alþingi, 28. febrúar 1928.

Ingvar Pálmason,
form. og frsm.

Jón Baldvinsson,
fundaskrifari.

Jón Þorláksson.

Björn Kristjánsson.

Einar Árnason.

Nd.**331. Framvarp**

til laga um skattgreiðslu h/f Eimskipafjelags Íslands.

(Eftir 2. umr. i Nd.).

1. gr.

Eimskipafjelag Íslands h/f skal vera undanþegið tekju- og eignarskatti árin 1929 til 1933, að báðum meðtöldum, enda greiði það ekki hluthöfum arð á því tímabili.

2. gr.

Árin 1929 til 1933, að báðum meðtöldum, skal fjelagið einnig vera undanþegið aukaútsvari eftir efnum og ástæðum, en í þess stað greiði það í bæjarsjóð, þar sem aðalaðsetur þess er, 5 af hundraði af nettó ágóða, og greiðist sá skattur 1. apríl ár hvert af ágóða næstliðins árs. Á öðrum stöðum greiðist enginn skattur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1929.

Nd. 332. Breytingartillaga

við frv. til laga um skattgreiðslu h/f Eimskipafjelags Íslands.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Við 1. gr. í stað »arð« kemur: hærri arð en fjóra af hundraði.

Ed. 333. Frumvarp

til laga um eftirlit með verksmiðjum og vjelum.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

I. kafli.**Svið laganna.****1. gr.**

Eftirlitsskyld eru samkvæmt lögum þessum verksmiðjur, verkstæði og vinnustöðvar, þar sem þrír menn hið fæsta vinna saman að jafnaði, svo og eimkatlar og vjelar, hvorttveggja með þeim undantekningum, sem greinir í lögnum.

2. gr.

Sjerhver, sem fyrir eiginn eða annara reikning stjórnar fyrirtæki, sem um ræðir í 1. gr., eða vinnu, sem rekin er með vjelum knúðum eimi, vatni, vindi, olíu, rafmagni eða annarskonar orkugjafa, skal tilkynna skoðunarmanni fyrirtæki þetta, tegund þess, orkugjafa og stærð, tölu verkamanna, aldur þeirra og kyn, og láta í tje þær skýrslur, er sýna hvernig fyrirtækinu er háttað. Þau fyrirtæki, sem til eru þegar lög þessi ganga í gildi, skal tilkynna innan 30 daga frá þeim tíma.

Nú rekur ríkið, sýslu- eða sveitarfjelag fyrirtæki, sem fellur undir lög þessi, og getur þá atvinnumálaráðherra úrskurðað slíkt fyrirtæki undanþegið eftirliti skoðunarmanns, ef trygging er fyrir því, að fylgt sje öllum heilbrigðis- og öryggisráðstöfunum, sem lög þessi greina.

3. gr.

Skoðunarmaður tilkynnir stjórnanda fyrirtækis, með rökstuddum úrskurði, hvort það er eftirlitsskyldt samkvæmt lögum þessum. Nú vill hann ekki una þessum úrskurði, og má hann þá innan 30 daga skjóta honum til atvinnumálaráðherra, er leggur á málið fullnaðarúrskurð.

Skoðunarmaður og stjórnandi fyrirtækis geta, hvor fyrir sig, hvenær

sem er síðar krafist úrskurðar atvinnumálaráðherra um, hvort fyrirtæki skuli háð eftirlitsskyldu eða vera undanþegið henni.

II. kafli.

Tilhögun á vinnustöðum.

4. gr.

Sjerhver, sem ætlar að reisa eða reka verksmiðju eða verkstæði eða breyta eldra fyrirtæki, getur krafist umsagnar skoðunarmanns um, hvort hið fyrirhugaða skipulag komi í bága við lög þessi eða reglugerðir settar samkvæmt þeim. Í þessu skyni skal hann láta í tje sundurliðaða greinargerð með nægilegum uppdráttum yfir alt fyrirkomulag vjela og húsakynna, eftir því sem skoðunarmaður kann að krefjast.

Nú vill hlutadeigandi ekki una úrskurði skoðunarmanns, og getur hann þá krafist yfirskoðunar, og fer um hana eins og segir í 20. gr.

5. gr.

Verksmiðjum, verkstæðum og vinnustöðvum, sem lög þessi taka til, skal haga þannig, að líf, heilsa og limir verkamanna við vinnu og dvöl á vinnustaðnum sje tilhlýðilega verndað. Stigar skulu traustir og greiðir og útgöngudyr tálmalausar.

6. gr.

Vinnustofur í verksmiðjum og verkstæðum, sem gerð eru eftir að lög þessi ganga í gildi, mega ekki lægri vera undir loft en 2,5 m. Atvinnumálaráðherra ákveður, hvort þessi regla skuli einnig gilda um verksmiðjur og verkstæði, sem áður eru reist.

Við vinnu skal hver verkamaður hafa 8 rúmmetra loftrúm hið minsta. Loftrásir skulu vera í öllum vinnustofum, nægilegar til þess að halda þar góðu andrúmslofti, vjelknúðar ef nauðsyn krefur.

Stór suðu- eða bræðslulát, svo og ilát með hættulegum efnum, skulu girt eða varin, svo að verkamenn falli eða gangi ekki ofan í þau.

Vinnustofur og aðrar vistarverur verkamanna skulu vera þannig, að auðvelt sje að gæta hreinlætis, reglusemi og hollustuhátta.

7. gr.

Við vinnu í vinnustofum skal birta vera nægileg og tryggilega búið um lýsingartæki. Í lokuðum vinnustofum skal upphitun vera nægileg og fara eftir því, hver vinna er stunduð.

8. gr.

Verkamenn skulu eiga kost á að neyta matar sins undir þaki. Þar sem hollustuhættir krefjast, að ekki sje matast í vinnustofunni, skal verkamönnum fengið annað húsrúm til afnota um máltíðir.

9. gr.

Um tilhögun, starfsháttu og önnur atriði, sem greinir í þessum kafla, setur atvinnumálaráðherra nánari fyrirmæli í reglugerð eða reglugerðum fyrir hvert einstakt fyrirtæki eða flokk fyrirtækja.

Nú lúta ákvæði reglugerðar að hibýlaskipun, og ber þá að taka tillit til, hversu hana megi framkvæma án þess að íþyngja um of fyrirtæki, sem rekið er þegar lög þessi öðlast gildi.

Við samning reglugerðar ber að leita álits hlutaðeigandi vinnuveitanda og verkamanna, eða atvinnufjelagsskapar hvors um sig.

III. kafli.

Um eimkatla og vjelar á landi.

a. Örgggi.

10. gr.

Ákvæði þessa kafla ná til eimkatla á landi og allra vjela, ef notkun þeirra getur orsakað hættu á lífi, limum og heilbrigði þess, er gætir þeirra eða er í náund við þær, nema sjálfskaparviti sje. Til vjela teljast aflvjelar knúðar eimi, vatni, vindi, gasi, steinolíu, bensíni, rafmagni eða öðrum orku-gjafa, og vjelar, sem settar eru í hreyfingu af aflvjel, þar með talinn búnaður allur, svo sem hjól, reimar og eimrásir og þess háttar, til að flytja orku frá einni vjel til annarar eða einum vjelarhluta til annars.

Eimketill er hvert það ílát eða pipukerfi, þar sem vökvi er hitaður í það mikið, að eimprýstingur hans sje meiri en þrýstingur andrúmsloftsins.

11. gr.

Sjerhver vjel og eimketill, allur búnaður þeirra og undirstöður skal vera fulltraust.

Girðingar og hlifar skulu settar um hjól, ása, reimar og alla hreyfihluta vjela, er mönnum stafar hættu af að nálgast. Lok eða ristar skulu settar yfir brunna, grópir í gólf, þrær og því um líkt. Girðingar skulu vera um palla og stiga.

Vjelar skulu þannig settar og katlar, að nægilegt sje gangrúm og vinnurúm umhverfis. Verði ekki nægilegu gangrúmi viðkomið, skal þar vera girt.

Rafmagnslagnir skulu gerðar samkvæmt reglugerðum, sem settar eru samkvæmt gildandi lögum.

Þar, sem síðar er talað í lögum þessum um eimkatla og vjelar, er einnig átt við búnað allan og eimrásir.

12. gr.

Þannig skal um vjelar búið, að þær verði settar í hreyfingu hættulaust fyrir alla, sem við þær starfa.

Nú eru fleiri vjelar knúðar orku frá einni aflstöð, og skal þá búa svo um, að stöðva megi hverja vjel um sig, þótt aflstöðin vinni.

Þar sem þarf að smyrja, hreinsa og líta eftir vjel á meðan hún starfar, skal búa svo um, að það verði gert án hættu.

Gæta skal þess, að gólf, þrep eða pallar í námunda við vjelar og katla, þar sem unnið er eða gengið um, verði ekki hált vegna olíu eða annars.

Birta skal vera svo góð í vjelarúmi, sem menn vinna í, að allir hreyflegir hlutar vjelarinnar, sem hætta getur stafað af, sjáist greinilega.

13. gr.

Heimilt skal atvinnumálaráðherra að gera vægari kröfur en lög þessi annars ákveða til eimkatla með lágþrýsting og eimkatla úr sjerstöku efni eða af sjerstakri gerð, svo fremi ákvæðum laga þessara verður ekki viðkomið án mikilla vandkvæða eða kostnaðar, en þó skal þess gætt, að öryggi þeirra sje jafnan fulltrygt. Eimkatlar með lágþrýsting, sem notaðir eru eingöngu til hitunar íbúðarhúsa, eru undanþegnir eftirliti samkvæmt þessum lögum.

14. gr.

Grafvjelar, fallhamrar og eimkatlar þeirra og aðrar slíkar vjelar á floti, sem ekki heyra undir ákvæði laga nr. 37 1922, um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra, heyra undir ákvæði þessara laga.

b. Gæsla.

15. gr.

Sá einn hefir rjett til gæslu eftirlitsskyldra eimkatla, sem hefir vjelstjórapróf eða leggur fram vottorð frá nefnd þriggja manna, sem atvinnumálaráðherra til þess skipar, að hann hafi næga þekkingu á gæslu eimkatla og notkun heitvatnstækja, enda sje hann 18 ára og reglusamur.

Krefjast skal hins sama af þeim, sem gæta skal aflvjela, ef ráðherra, að fengnum tillögum skoðunarmanns, telur þess þörf.

16. gr.

Sá, sem hefir gæslu eimketils á hendi, má ekki, meðan eldur er undir katlinum, vera utan þess herbergis, sem ketillinn er í, þannig að það hindri hann frá gæslu ketilsins að staðaldri.

17. gr.

Hvert fyrirtæki, sem notar eftirlitsskylda vjel eða eimketil, skal hafa eftirlitsbók, gegnumdregna, tölusetta og löggilta af lögreglustjóra.

Í bókina skal rita greinilega og skipulega og blað má ekki rifa úr henni og eigi afmá eða gera ólæsilegt það, sem skrifað hefir verið. Ef leiðrjetta þarf, skal það gert í athugasemd.

Í bók þessa skal rita, hve margar klukkustundir ketill hefir verið notaður milli hreinsana, hvenær hreinsaður, skoðaður eða við hann gert, enn-

fremur um galla, sem fram kunna að koma við notkun hans, svo og hafi hann ekki verið notaður um skemri eða lengri tíma.

Að lokinni aðal- eða aukaskoðun á eimkatli eða vjel, skal um árangur skoðunarinnar rita í eftirlitsbókina ásamt athugasemd um hirðingu ketilsins eða vjelarinnar og fyrirskipanir skoðunarmanns um viðgerðir þær og endurbætur, sem hann telur nauðsynlegar, og skal hann jafnframt kveða á um frest til að koma þessu í lag, og undirskrifa gerðina.

c. Skoðun.

18. gr.

A. Um skoðun á katli skal beðið, sbr. 2. gr.:

- a) Áður en hann nýsmíðaður er tekinn til notkunar.
- b) Eftir aðalviðgerð, og
- c) eftir flutning. Þó eru farandkatlar undanskildir.

Hver sem verður eigandi að farandkatli, sem lög þessi taka til, skal tilkynna það skoðunarmanni. Eiganda ber og að tilkynna, hvar ketillinn sje, þegar skoðunarmaður æskir þess.

Hafi hliðar eimketils við notkun, vegna vatnsleysis eða af öðrum ástæðum, orðið fyrir verulegri aflögun eða glóhitun, skal eigandi eða notandi hans þegar í stað tilkynna það skoðunarmanni, og má þá ekki nota ketilinn fyr en skoðun hefir farið fram og fengið er leyfi til þess.

Aðalskoðun á katli fer fram:

- 1) Í þeim tilvikum, sem getið er undir stafl. a—c, og
- 2) fjórða hvert ár, miðað við síðustu aðalskoðun.

Við aðalskoðun skal ketillinn vandlega skoðaður utan og innan og þess gætt, að ákvæðum 11. gr. um smíði og búnað sje fullnægt, og skal hann þrýstireyndur, æski skoðunarmaður þess.

Aukaskoðun skal fara fram milli aðalskoðana svo oft sem ástæða þykir til.

B. Skoðun á vjelum skal fara fram áður en þær nýsmíðaðar eru teknar til notkunar, en að öðru leyti setur atvinnuáráðherra reglur eftir því sem þurfa þykir.

19. gr.

Eiganda eða notanda eimketils eða vjelar er skylt að láta skoðunarmanni í tje alla nauðsynlega aðstoð við skoðunina.

Nú sannast við skoðun eimketils, að sjerstök hætta stafi af notkun hans framvegis, og getur þá skoðunarmaður bannað hana, þar til yfirskoðun hefir farið fram, er votti, að ketillinn sje fulltryggur til notkunar. Ákvæði þessi gilda og um vjelar. Hjer umrætt bann má vera munnlegt, en innan þriggja daga skal það staðfest og rökstutt skriflega.

Nú verður gæslumaður áskynja, að galli sje á eimkatli eða vjel, og er honum þá skylt að tilkynna eiganda eða notanda, og verði ekki úr gallanum bætt, tilkynna það skoðunarmanni við næstu skoðun.

20. gr.

Eigandi eða notandi eimketils eða vjelar getur krafist yfirskoðunar á þeim. Yfirskoðun framkvæma 3 sjerfróðir menn, sem til þess eru skipaðir af lögreglustjóra.

Yfirskoðunarmenn skulu láta lögreglustjóra í tje skýrslu um skoðunina. Staðfesti yfirskoðunarmenn ekki hina fyrri skoðun í öllum greinum, skulu þeir skýra frá, hver atriði hennar þeir fallast á og hverjum þeir breyta.

Verði ágreiningur milli yfirskoðunarmanna, ræður afl atkvæða. Úrskurður yfirskoðunarmanna er fullnaðarúrskurður.

21. gr.

Skoðunarmönnum skal frjáls aðgangur að öllum rúmunum, þar sem vjelar, eimkatlar og annað þeim tilheyrandi er, eða rúmunum, sem eimi er veitt í.

Það er skylda skoðunarmanna að sjá um, að skoðanir þær, sem um getur í 18. gr., sjeu framkvæmdar svo fljótt sem verða má.

22. gr.

Atvinnumálaráðherra setur nánari reglur um smíði og búnað eimkatla og vjela og um gæslu þeirra, svo og hverjar vjelar sjeu eftirlitsskyldar og katlar og hvernig skoðun og eftirliti skuli hagað.

IV. kafli.

Ýmisleg ákvæði.

23. gr.

Eftirlit með verksmíðjum og vjelum er undir yfirumsjón atvinnumálaráðherra, er skipar svo marga skoðunarmenn, sem þurfa þykir; skulu þeir skipaðir til 4 ára í senn og vera valinkunnir og óvilhallir menn og svo vel til starfans fallnir, sem frekast eru föng á. Áður en þeir taka til starfa skulu þeir undirrita drengskaparheit um, að þeir skuli inna starf sitt af hendi samviskusamlega.

Skoðunarmenn eiga rjett á þóknun fyrir starfa sinn samkvæmt gjaldskrá, sem atvinnumálaráðherra setur. Þóknunina greiði eigandi ketils eða vjelar, og má taka hana lögtaki. Þurfi skoðunarmaður að takast ferð á hendur vegna skoðunar, skal ferðakostnaður hans greiddur úr rikissjóði.

Kostnað við yfirskoðun borgar beiðandi að öllu leyti.

24. gr.

Skoðunarmaður skal leita aðstoðar hjeraðslæknis þegar um heilbrigðisráðstafanir er að ræða. Svo getur skoðunarmaður og fengið sjer aðstoð sjerfræðinga um önnur atriði, sem liggja fyrir utan svið sjerþekkingar hans.

25. gr.

Ef slys, er veldur dauða eða verulegu áfalli, ber að höndum í verksmiðju, á verkstæði eða vinnustöð, eða við ketil eða vjel, sem lög þessi taka til, ber þeim, er þá stjórnar fyrirtækinu, tafarlaust að tilkynna það lögreglunni. Telji hún, að brot á fyrirmælum þessara laga, eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, sje sök í slysinu, skal hún kveðja skoðunarmann til, er þá skal, að ósk Slysatryggingarinnar, gefa henni nákvæma skýrslu um atvik öll að atburðinum.

26. gr.

Brot á lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum, frá 20—2000 kr., nema þyngri hegning liggja við að lögum. Sektirnar renna í ríkissjóð.

27. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim skal farið sem almenn lögreglumál.

28. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1928.

Nd.**334. Frumvarp**

til laga um heimild handa ríkisstjórninni til ríkisrekstrar á útvarpi.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Alþingi heimilar ríkisstjórninni að láta reisa og starfrækja nýja loftskeytastöð í Reykjavík og taka nauðsynleg lán í því skyni, og má hún vera þannig gerð, að nota megi hana jöfnum höndum til að útvarpa tali og söng sem til vanalegra firðskeytasendinga.

Sendiorka stöðvarinnar í loftneti skal að meðaltali eigi vera minni en 5 kw. til talsendinga, en ritorka 10 kw. eða meira. Stöðin heitir *Útvarpsstöð Íslands í Reykjavík*.

2. gr.

Landssímanum skal falið að annast alt, er lýtur að umsjón og rekstri stöðvartækjanna, einnig innheimtu, greiðslur og reikningshald vegna stöðvarinnar og útvarpsins, eftir nánari fyrirmælum atvinnumálaráðuneytis. Landsímanum skal að fullu endurgreiddur allur sá kostnaður, er þetta kann að hafa í för með sjer.

3. gr.

Fjárhagsáætlun um tekjur og gjöld útvarpsstöðvarinnar skal tekin sem sjerstakur liður í fjárlög ríkisins á ári hverju. Halli, sem verða kann á rekstrinum, greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Atvinnumálaráðherra skipar þriggja manna útvarpsráð til 1 árs í senn. Ræður stjórnin forseta þess, en einn skal tilnefndur af Háskóla Íslands og hinn þriðji skal valinn meðal þriggja manna, er »Fjelag útvarpsnotenda« tilnefnir, enda sje þá fjórðungur útvarpsnotenda á landinu fjelagar í fjelagi þessu. Ef það skilyrði er eigi fyrir hendi, velur stjórnin einnig þriðja mann í útvarpsráðið. Ákveður atvinnumálaráðherra þóknun þessara manna.

5. gr.

Útvarpsráðið skal hafa yfirumsjón með starfsemi útvarpsstöðvarinnar að öllu því, er ekki heyrir undir landssimann samkvæmt 2. gr. Semur atvinnumálaráðuneytið erindisbrjef handa útvarpsráðinu eða ákveður störf þess í reglugerð, er það gefur út um starfrækslu útvarpsins.

Útvarpsráðinu til aðstoðar skal ráðinn útvarpsstjóri (með fullum árslaunum), er hafi á hendi daglega framkvæmd útvarpsins og stjórnri sendingum, samkvæmt fyrirmælum útvarpsráðs og landssimastjóra. Útvarpsstjóri skal skipaður af atvinnumálaráðherra samkvæmt tillögum útvarpsráðs og landssimastjóra.

6. gr.

Af hverju útvarpsviðtaki á landinu skal greitt árlegt afnotagjald, til þess að standa straum af rekstri stöðvarinnar. Ráðuneytið ákveður afnotagjaldið um 1 ár í senn, að fengnum tillögum útvarpsráðs og landssimastjóra. Útvarpsráðið semur í tæka tíð ár hvert fjárhagsáætlun um rekstur útvarpsins, í samráði við landssimastjóra, og skal það sent ráðuneytinu til samþyktar.

7. gr.

Eftir að lög þessi öðlast gildi og stöðin er tekin til starfa, má enginn nota viðtak (viðtæki) fyrir útlarp án þess að tilkynna það landssimastjóra og greiða lögboðið gjald af því. Ef af þessu er brugðið, varðar það sektum frá 50–500 krónum, ef afbrotið varðar ekki þyngri hegningu, og skulu tækin upptæk ger. Skal farið með þessi viðurlög sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal stöðin vera reist svo fljótt sem unt er.

Bráðabirgðaákvæði.

Ríkisstjórninni heimilast að taka að sjer ríkisrekstur á útlarpi nú þegar, með minni stöð en hjer ræðir um til bráðabirgða, enda komi það ekki í bága við rjett þess fjelags, sem nú hefir einkarjett á rekstri útlarps.

Nd.

335. Nefndarátt

um frv. til laga um smíði og rekstur strandferðaskips.

Frá meiri hluta samgöngumálanefndar.

Nefndarmenn hafa ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa frv.

Minni hl. mun leggja það til, að frv. verði samþ., sennilega með einhverjum breytingum.

Meiri hl. getur ekki lagt til, að frv. verði samþ., og eru til þess tvær aðalástæður:

1. Að vjer teljum, að það fyrirkomulag, sem frv. ráðgerir um tilhögun strandferða, sje óheppileg.
2. Að aðrar verklegar umbætur, bæði í samgöngumálum og öðrum þjóðmálum, sjeu nú sem stendur meir aðkallandi fyrir þjóðfélagsheildina en hin fullkomnasta skipun á strandferðum, svo sem vega- og brúagerðir og aðrar samgöngubætur innan hjeraða, símalagningar, hafnarbætur fyrir fiskiveiðaflo-ann og vitabyggingar.

Um fyrra atriðið skal það sagt, að meiri hl. hallast eindregið að því, að þá er ráðist verður til fullkominna umbóta á strandferðum, eigi að hafa tvö skip svipuð »Esju« og láta þau sigla hringferðir, gagnstæðar, þannig að annað skipið fari frá Reykjavík austur um land og hitt frá sama stað á sama tíma vestur um land.

Auk þess, sem skipin á þennan hátt losna við hina afardýru umhleðslu, þá kemur þetta fyrirkomulag landsmönnum að meiri notum, og eitthvað af farþegum þeim, sem fara svifferðir frá Reykjavík og út á land og utan af landi til Reykjavíkur, nota þá fremur strandferðaskipin til slíkra ferðalaga.

E. Nielsen framkvæmdarstjóri, sem kunnugastur er þessu máli og átt hefir bestan kost þess að athuga málið frá öllum hliðum, er eindregið fylgjandi þessu fyrirkomulagi.

Þar til þessu er fullnægt teljum vjer, að við megi una að hafa lítið flutningaskip til hjálpar þeim hjeruðum sjerstaklega, sem nú líða бага af ófullnægjandi strandferðum, einkum að haustinu til.

Um síðara atriðið þarf ekki að fjölyrða; það er flestum kunnugt, að mesta nauðsyn að því er snertir samgöngur er það, að hafa þær sem greiðastar innan hjeraða, og á þetta við samgöngur bæði á sjó og landi.

Til þess að nota sem mest innlendar vörur í þjóðarbúskapnum, þurfa sjávarmenn og sveita að geta haft sem greiðastar og tíðastar ferðir innan hjeranna, svo vöruskifti þeirra verði sem mest. Sveitunum verður að litlum notum að hafa vikulegar viðkomur strandferðaskipa og annara skipa, ef vegabætur og viðhald vega er vanrækt og ár óbrúaðar.

Það er líka vitanlegt, að sjeu lagðir bilfærir vegir milli hjeraða, þá dregur það mjög úr þörf strandferðaskipa. Skal í því efni minnst lítið eitt á bilveginn frá Borgarnesi til Norðurlandsins.

Það virðist fyrirsjáanlegt, að á þeim tíma árs, sem þessi vegur er bílfær, þá verða nærfelt allir mannlutningar milli Norður- og Suðurlandsins með bilum. Flestir munu fremur kjósa að ferðast á landi en sjó. Á þessari leið verða ferðirnar fljótari og ódýrari með bilum en með strandferðaskipum. Eins og nú er mnn fargjald með bil vera um 1 kr. fyrir hverja 10 kílómetra.

Fargjald með bifreiðum frá Reykjavík var á síðastliðnu sumri sem þjer segir:

Frá Reykjavík til Ölfusár, 58 km.	kr. 5—6,00
— — — Garðsauka, 112 km.	— 10,00
— — — Hlíðarenda, 125 km.	— 12,00

Vegalengdin frá *Borgarnesi* til nokkurra staða á Norðurlandi er þessi:

Til Fornahvams	59 km.
— Staðar í Hrutafirði	92 —
— Miðfjarðarar	118 —
— Lækjamóts	141 —
— Bólstaðahlíðar	210 —
— Viðimýrar í Skagafirði	227 —

Nú er það venjulegt, að bílarnir fara á $4\frac{1}{2}$ —5 klst. frá Reykjavík til Garðsauka. Það væri þá dagleið fyrir Skagfirðinga til Borgarness hvora leið, og fargjaldið um 20 kr. Fæði gæti viðkomandi haft með sjer. Fargjald frá Borgarnesi til Reykjavíkur kr. 10.00.

Með strandferðaskipi er fargjald frá Sauðárkróki til Reykjavíkur á 1. farrými kr. 47,00, á 2. farrými kr. 32,00 og ferðin tekur ekki minna en 4 daga hvora leið.

Þessi vegur hlýtur að koma innan mjög fárra ára, og bygging og rekstur nýs strandferðaskips gerir ekki óþarfa eða stöðvar nauðsyn þessa vegar.

Rjett er að lita á, hvaða verklegar framkvæmdir það eru, sem nauðsynlega þarf að framkvæma á næstu fjórum árum, eða 1929—1932. Skal þá fyrst minnst á vegi, nýbyggingar og viðhald þeirra, svo og brýr.

Samkvæmt tillögum vegamálastjóra frá 1925, áætla hann, að til þessa þurfi á þessum árum um 623 þús. kr. á ári. Þar í er þó ekki talin fyrirhleðsla Þverár í Rangárvallasýslu og brú á Markarfljót, sem kostar ekki minna en 600 þús. kr., líklega nokkru meira, og verða þó allir að viðurkenna, að auk þess stórkostlega skaða, sem þessi stórvötn árlega valda hjeradsbúum beint, þá valda þau stórkostlegri viðskiftateppu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, og það er óhugsandi, að ríkisvaldið geti lengi skotið fram af sjer hinni aðkallandi nanðsyn þessara hjerada og þeirri skyldu að hefta eyðileggingu þess gagnauðga lands, sem Þverá sífellt brýtur, því síður, sem með slíkum umbótum ynnist afarstórt og auðræktað land.

Þessu næst skal lýst, hverjar framkvæmdir bíða að því er nýjar *símalínur* snertir, og sem nauðsynlega þarf að framkvæma á næstu árum.

Tillögur landssímastjóra eru þær, að á árinu 1929 verði varið 338 þús. kr. til nýrra símalagninga og 60 þús. kr. til nýrra loftskeytastöðva.

Aðrar nýlagningar, 32 að tölu, ásamt fjölsímatakjum í Reykjavík og Akureyri, eru áætlaðar frek 1 milj. króna, eða alls um 1 milj. 400 þús. kr.

Því nær allar þessar línur eru svo aðkallandi, að það er stórariðandi fyrir viðkomandi hjerð -- og lífsnaðsynlegt íbúum sumra þeirra -- að þær verði lagðar sem allra fyrst og þeim öllum lokið fyrir árslok 1932.

Vitarnir. Eitt af því, sem verður að framkvæma, bæði vegna landsmanna sjálfra, og þá vegna þeirra fyrst og fremst, og máske líka vegna siglinga útlendinga hjer við land, eru vitabyggingar. Það sýnist heldur ekki sanngjarn, að vitagjöldum, sem útlend skip borga að miklu leyti, sje varið til annara þarfa ríkissjóðsins, og þess er engin von, að erlendar þjóðir láti sjer lynda það að borga hjer á landi hærra vitagjald en dæmi eru til annarsstaðar og fá ekki þær umbætur á vitakerfinu, sem vitagjald af skipum getur greitt auk kostnaðar við árlega starfrækslu vitanna.

Tillögur vitamálastjóra eru þær, að á árinu 1929 verði bygðir tveir vitar fyrir um 90 þús. kr., árið 1930 2 vitar fyrir 70 þús. kr. og 1931 og 1932 einn stór viti fyrir um 250 þús. kr., eða alls á þessum árum nýir vitar fyrir um 400 þús. kr., og auk þess mörg leiðarljós. Ennfremur er ráðgert, að bygðir verði radiovitar, svo ekki má gera ráð fyrir minna framlagi úr ríkissjóði til þessara nýbygginga en 5–600 þús. kr., og er þó kröfum vitamálastjóra mjög í bóf stílt.

Þá eru það *hafnarbætur*, einkum fyrir fiskiveiðaflotann, sem verða nauðsynlegri með ári hverju. Sæmilega trygg höfn við Snæfellsnes — Ólafsvík — er smærri fiskveiðaflotanum afar nauðsynleg og umbætur á Reykjanesskaganum óhjákvæmilegar. Um þetta liggja ekki fyrir áætlanir, sem skýrt geti, hversu mikið fje ríkissjóður þarf að leggja fram, en óhætt mun að gera ráð fyrir ekki minni upphæð en 250 þús. kr., og er þá ótalin hafskipabryggja á Siglufirði og aðrar umbætur til lendingabóta á hinum ýmsu höfnum.

Það, sem hjer hefir verið talið, er þá :

Vegir og brýr 4×620 þús.	2480 þús. kr.
Þverá og Markarfljót ca.....	600 — —
Símar	1400 — —
Vitar og leiðarljós	500 — —
Hafnarbætur	250 — —

Samtals 4230 þús. kr.,

eða freklega 1 miljón króna á hvert ár hin næstu fjögur ár.

Er þó enn ótalin sú samgöngubót, sem ýmsir telja allra nauðsynlegasta fyrir ræktun í stórum stíl, og jafnvel mest aðkallandi, en það eru samgöngubætur milli Reykjavíkur og austursýslanna, og sem ekki er hægt að búast við, að framkvæmdar verði nema með miklu framlagi af ríkisfje, en því er hjer ekki talin sú upphæð, sem ríkissjóður þarf fram að leggja í þessu skyni, að ekki er víst um, hver leið verði valin til að hrinda því til framkvæmda, ef fjelagið »Titan« ekki getur framkvæmt samgöngubæturnar á þeim grundvelli, sem nýverið var lagður.

Vjer höfum leitað upplýsinga um, hvað kosta muni bygging nýs strandferðaskips og hver verða myndi árlegur rekstrarhalli þess sama skips.

Skip af slíkri stærð og Esja með nokkru frystirúmi mun kosta um 800 þús. ísl. kr.

Skip 9 fetum styttra — 165 fet — með 1500 ferfeta frystirúmi, 9 mílna

ganghraða og með líku farþegarúmi og eins innrjettun og var í »Vestra« um 600 þús. isl. kr. Beinn rekstrarhalli hins fyrtaalda skips nm 180—200 þús. kr., og hins síðartalda 140—150 þús. kr.

Rekstrarhalli á næstu fjórum árum, með atkunum rekstrarhalla á Esju, 650—800 þús. kr. Auk þess vextir af andvirði hins nýja skips.

Vjer álitum, að þær umbætur á vega-, brúa-, síma- og vitakerfinu, svo og hafnarbætur, sem hjer hafa verið taldar, eigi tvímælalaust að ganga fyrir byggingu nýs strandferðaskips, og þar sem ekkert útlit er fyrir, að sje verði til í ríkissjóði á næstu fjórum árum, afgangslögboðnum gjöldum, sem nemi einu sinni því, er þarf til þess að hrinda framanskráðum umbótum til framkvæmda, þá verðum vjer að leggja til, að byggingn nýs strandferðaskips verði frestað og frv. á þskj. 15 felt.

Alþingi, 22. febr. 1928.

Gunuar Sigurðsson,
form., með fyrirvara.

Jón A. Jónsson,
framsögumaður.

Hákon J. Kristófersson.

Ed.

336. Nefndarálit

um frumv. til laga um vernd atvinnufyrirtækja gegn órjettmætum, prentuðum ummælum.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Nefndin leitaði álitil lagadeildar háskólans nm þetta mál, og er álitid þannig:

HÁSKÓLI ÍSLANDS LAGAÐEILDIN.

REYKJAVÍK, 24. febrúar 1928.

Með brjefi til forseta lagadeildar háskólans, dags. 13. þ. m., hefir háttvirt allsherjarnefnd efri deildar Alþingis leitað umsagnar lagadeildarinnar um »Frumvarp til laga um vernd atvinnufyrirtækja gegn órjettmætum, prentuðum ummælum«.

Í þessu efni hefir deildin látið svo ummælt:

»Um 1. gr. Deildin lítur svo á, að samkvæmt núgildandi lögum njóti fjelög sömu lögverndar og einstaklingar um atvinnurekstur sinn gegn prentuðum, órjettmætum ummælum.

Um 2. gr. Samkvæmt núgildandi lögum á jafnt að bæta ólögmett og saknæmt atvinnutjón fjelaga sem einstaklinga. Atvinnutjón fjelaga sem einstaklinga er mjög oft óbeint, þ. e. fólgid í því, að hlutaðeigandi verður af viðskiftum, sem haun annars væntanlega hefði notið. Fulla sönnun á það, að slíkt tjón hafi orðið, er sjaldan hægt að færa. Er þá um 3 leiðir að velja:

1. Dæma bætur ávalt, er ummælunum er svo háttað, að þau gætu hafa valdið tjóni. Af því mundi leiða, að bætur yrðu stundum dæmdar þó ekkert tjón hefði orðið.

2. Dæma bætur aðeins fyrir tjón, er sannað væri. Af því myndi leiða, að oft fengjust ekki bætur fyrir orðið tjón, af því að fulla sönnun brestur, og

3. Heimta ekki fulla sönnun á tjónið, en dæma bætur, ef líkur eru færðar á, að tjón hafi orðið.

Síðast nefndu regluna telur deildin vera reglu gildandi ísl. laga, og jafnframt heppilegustu regluna. 2. gr. segir, að bætur skuli miðast við það tjón, »er hann færir sönnur á«. »Að færa sönnur á« mundi væntanlega um þessi efni verða skilið svo af dómstólunum, að líkur nægðu, og greinin því engar breytingar gera á gildandi lögum«.

Þetta er hjer með háttvirtri allsherjarnefnd til vitundar gefið.

Frumvarpið endursendist hjer með.

Magnús Jónsson,
h. a. forseti lagadeildar.

Til allsherjarnefndar efri deildar Alþingis.

Með þessu tel jeg það fullkomlega upplýst, að frv. gerir enga breytingu á núgildandi löggjöf um þetta efni, og er þess vegna alveg óþarft að lögleiða það. Legg því til, að frumv. verði felt.

Alþingi, 28. febr. 1928.

Jón Þorláksson.

Ed.

337. Nefndarállt

um frv. til laga um dómsmálastarfa, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið sammála um frv. þetta. Minni hlutinn (J. Þ.) vill fella það, en við undirritaðir leggjum til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr. Í stað »saka- og lögreglumál« komi: sakamál og almenn lög-reglumál.
2. Við 7. gr. Orðin »um endurgjald um stimpilgjald og« falli niður.
3. Við 8. gr.
 - a. Í stað »5000« komi: 8000.
 - b. Í stað »6000« komi: 9000.

- c. Seinni málsliður síðari málsgreinar orðist svo: Alt það fje, sem embættismenn þessir hafa undir höndum vegna embættis síns, skal ávaxtast til hagnaðar fyrir eigendur þess.

Alþingi, 29. febr. 1928.

Jón Baldvinsson,
form.

Ingvar Pálmason,
fundaskr. og frsm.

Nd.

338. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 292 [Þingsköp].

Frá Sigurði Eggerz.

2. töluliður í brtt. 292 orðist svo:

Nefndir beggja deilda í utanríkismálum skulu starfa saman milli þinga, og velja þær formann og ritara í þinglok fyrir hina sameinuðu nefnd. Er ríkisstjórninni heimilt að kalla nefndina saman, er henni þykir við þurfa.

Ed.

339. Lög

um löggilding verslunarstaða.

(Afgreidd frá Ed. 29. febr.).

1. gr.

Í Bervik í Breiðuvíkurbreppi í Snæfellsnessýslu, í Dritvik í sama hreppi, á Broddanesi við Kollafjörð í Strandasýslu og á Vattarnesi í Suður-Múlasýslu skulu vera löggiltir verslunarstaðir.

2. gr.

Verslunarlóðin á Vattarnesi nær yfir 500 metra strandlengju, frá Vattarnestanga vestur fyrir lendingu, en 180 metra á land upp frá flóðmáli í lendingu. Atvinnumálaráðuneytið ákveður takmörk hinna verslunarlóðanna, samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birtir þau í B-deild Stjórnartíðindanna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi að því er Vattarnes snertir, en um hina staðina, þegar takmörk verslunarlóðanna eru birt samkv. 2. gr.

Ed. 340. Breytingartillaga

við frv. til laga um eftirlit með verksmiðjum og vjelum.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við fyrirsögn I. kafla. Fyrirsögnin verði: Um eftirlitsskyldu og tilkynningarskyldu.
2. Við 15. gr. Orðin »og notkun heitvatnstækja« falli burt.

Ed. 341. Nefndarátt

um frv. til laga um vernd atvinnufyrirtækja gegn órjettmætum, prentuðum ummælum.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar leggur það til, að frv. verði samþykkt óbreytt. Með ákvæðum þess mundu fjelög, sem almenningur telur í þessu efni ekki njóta nægilegrar verndar laga og dómstóla, njóta sömu verndar og einstakir menn.

Alþingi, 29. febrúar 1928.

Jón Baldvinsson,	Ingvar Pálmason,
form. og frsm. meiri hl.	fundaskrifari.

Nd. 342. Lög

um fræðslumálanefndir.

(Afgreidd frá Nd. 29. febr.).

1. gr.

Stjórn barnakennarafjelags Íslands, forstöðumaður kennaraskólans og fræðslumálastjóri skulu skipa fræðslumálanefnd barnaskóla Íslands. Stjórn barnakennarafjelagsins skal kosin skriflega um land allt, enda hafi allir starfandi barnakennarar rjett til að vera fjelagsmenn.

2. gr.

Fræðslumálanefnd barnaskólanna gerir tillögur til ráðuneytisins um námsskrár fyrir barnafræðslu landsins, löggilding kenslubóka, tilhögun prófa og um hámark og lágmark kenslustundafjölda fyrir hvert barn á dag. Ráð-

Nd.

343. Breytingartillaga

við brtt. á þingskjali 318 [Atkvæðagreiðslur utan kjörstaða við alþingiskosningar]

Frá Þorleifi Jónssyni.

Við 4. breytingartillögu.

Breytingartillagan hljóði þannig:

Orðin »Sama gildir um þau umslög og ónýta hann« falli burtu.

Ed.**345. Frumvarp**

til laga um kynbætur nautgripa.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Bannað er að láta naut eldri en 8 mánaða ganga laus í heimahögum eða afrjettum, nema heimild til þess felist í lögum þessum.

2. gr.

Í hverjum hreppi, þar sem ekki er nautgriparæktarfelag, skal vera nautgripakynbótanefnd, skipuð þrem mönnum. Um kosning í nefndina fer eftir sömu reglum og um kosning í hreppsnefnd. Nefndin skal kosin í fyrsta sinni á vorhreppaskilabingi 1928, og gildir sú kosning þar til næst fer fram kosning í hreppsnefnd.

Nú er nautgriparæktarfelag starfandi í hreppnum, viðurkennt og styrkt af Búnaðarfelagi Íslands, og er þá stjórn þess sjálfkjörin kynbótanefnd og hefir allar sömu skyldur og rjettindi sem kynbótanefnd kosin á almennum sveitarfundi hefir eftir lögum þessum.

3. gr.

Kynbótanefnd skal sjá um, að jafnan sjeu til innan hrepps eða utan hæfilega mörg naut, kyngóð og efnileg, til undaneldis í hreppnum. Naut þau, sem kynbótanefnd velur í þessu skyni, skal hún taka á leigu, kaupa eða tryggja hrepps búum afnot þeirra á annan hátt, eftir því sem hún hefir heimildir til og telur rjett. Semur hún þá um leiguna eða afnotin, svo og um greiðsluskilmála. Skal nefndin gera hrepps búum ráðstafanir sínar kunnar, og er öllum óheimilt að nota önnur naut til undaneldis en þau, sem til þess hafa verið valin af kynbótanefnd.

Nú eru einhverjir hrepps búa svo afskektir, að þeir geta ekki notað naut í samlögum við aðra, og er þá kynbótanefnd rjett að undanþiggja þá þeim skyldum og rjettindum, sem starfsemi þessari fylgja.

Heimilt er kynbótanefndum tveggja eða fleiri hreppa að vinna saman að nautgripakynbótum, nota sömu kynbótanaut, sömu girðingar, hafa sama eftirlitsmann í felagi o. s. frv.

Kynbótanefnd getur leyft, að kynbótanaut gangi laus, ef örugt þykir, að þau geti engan skaða gert. Þó ber eigandi ábyrgð á, ef skaði hlýst af.

4. gr.

Öll kynbótanaut, sem kynbótanefnd hefir valið til undaneldis eða verðlaun hafa hlotið á nautgripasýningum, sem Búnaðarfelag Íslands hefir styrkt, skal merkja með aluminium-merki í hægra eyra, og sjeu í það mótadír stafirnir Kn, og skal sjá um, að þessi merki sjeu jafnan glögg.